

SONJA SÓFUSDÓTTIR

Ferðaðist umhverfis jörðina á 113 dögum

• á ferðinni • tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSLAND ER LAND MITT

Nýjar upplifanir og örlítið krydd í tilveruna

Sérblaðið Ísland er land mitt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



PÁLL WINKEL

Fékk hlutverk í bíómynd

Tökur hafnar á Bjarnfreðarson

FÓLK 20



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júní 2009 — 148. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



Svara gagnrýni

Tvöhöfðamenn gefa lítið fyrir ásakanir um vörusvik á nýjum diskum sínum.

FÓLK 26

## Hver vill leysa málin?

„Við þurfum að skipta út bílum með sprengihreyflum fyrir tvinnbíl, metanbíl og rafmagnsbíl,“ segir Nóbelsverðlaunahafinn Jeffrey Sachs.

Í DAG 12

## Ætlar sér stóra hluti

Laufey Jensdóttir er bærjarlistamaður Garðabæjar 2009.



TÍMAMÓT 16


## Pepsi-deild karla

Hjálmar Þórarinnsson leikmaður áttundu umferðar hjá Fréttablaðinu.

ÍPRÓTTIR 22



## VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR VÍÐAST TIL í dag verða norðvestan 3-8 m/s. Skúrir með morgninum norðvestan og austan til en víðast bjartviðri á landinu eftir hádegi, síst austast og við Húnaflóa. Hiti 6-16 stig, hlýjast SA-lands.

VEÐUR 4

# Verkalýðshreyfingin deilir um skatta og niðurskurð

Titringur er kominn upp innan verkalýðshreyfingarinnar um áherslur í ríkisfjármálum. Alþýðusamband Íslands vill beita auknum niðurskurði eftir árið 2010 en opinberir starfsmenn horfa frekar til skattahækkana.

**EFNAHAGSMÁL** Nokkur titringur er kominn upp innan verkalýðshreyfingarinnar í viðræðum um stöðugleikasáttmála. Deila menn þar um leiðir til að taka á þeim mikla fjárlagahalla sem fyrrséður er.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa lagt á það áherslu að eftir 2010 verði dregið úr vægi skatta í því að brúa bilið í fjárlögum. Þess í stað verði aukin áhersla á niðurskurð. Vaxandi titringur er innan hluta verkalýðshreyfingarinnar, sérstaklega á opinbera vængnum, um að það

þýði stórfelldan samdrátt í velferðarþjónustunni með tilheyrandi uppsögnum og skerðingu á þjónustu.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að innan ríkisstjórnar telji sumir að kröfur ASÍ og SA um niðurskurð gangi lengra en kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Opinberir starfsmenn vilja hins vegar fara hægar í sakirnar og er það mun nær hugmyndum ríkisstjórnarinnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Nokkrir innan stjórnarmeiri-

hlutans hafa gagnrýnt Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir að fara of geyst í sakirnar í kröfum um niðurskurð. Meðal þeirra er Ógmundur Jónasson heilbrigðisráðherra.

Fulltrúar vinnumarkaðar funduðu í gær með ráðherrum í Stjórnarráðinu og var jafnvel búist við að skrifað yrði undir á þeim fundi. Ríkisfjármálin stóðu hins vegar út af borðinu að honum loknum, sem og málefni starfsendurhæfingarsjóðs sem verið er að kippa í liðinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ASÍ og SA lagt áherslu á afnám gjaldeyrishafta. Það stangast á við áherslur ýmissa annarra um að lyklatríði sé að ná vöxtum niður, en varlegar skuli farið í höftin.

Meðal þess sem rætt hefur verið er hvort þeir aðilar sem hafa verið hvað mest áberandi í efnahagsráðgjöf síðustu ára, svo sem Viðskiptaráð og Kauphöllin, eigi að eiga ríkan þátt í enduruppbyggingu samfélagsins og þá hve mikinn.

- kóp



**REGNHÍFAFJÖLD** Skýin kíktu á leiki manna í Reykjavík í gær og helltu dropum sínum yfir jafnt íbúa sem gesti þessa lands. Þeir lengra að komnu kunnu þó betur að klæða sig en heimamenn og urðu lítið varir við rigninguna. Og gular, rauðar, grænar, bláar regnkápur og regnhlífar lífguðu upp á bæinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Krónur keyptar í útlöndum: Álfyrirtæki græða milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Viðskipti Alcoa Fjarðaáls og Alcan á Íslandi með íslenskar krónur erlendis geta skilað fyrirtækjunum um 1,65 milljörðum króna í hagnað á ársgrundvelli. Viðskiptin eru lögleg, en geta seinkað styrkingu krónunnar. Þar sem þau fara ekki fram héraðs hafa þau ekki áhrif á opinbert gengi krónunnar. Færu þau fram hér myndi það styrkja opinbera gengið.

Ein evra seld á erlendum markaði hefur gefið um 230 krónur að meðaltali í vetur. Hins vegar hefur seld evra héraðs gefið um 165 krónur að meðaltali frá því að bankahrunið átti sér stað. Um 65 krónur hafa því græðst á hverri evru seldri erlendis.

Eftir umfjöllun Fréttablaðsins um málið í gær hafði Alcan samband við Seðlabanka Íslands og óskaði bankinn eftir því að öll gjald eyrisviðskipti fyrirtækisins færu fram héraðs. Alcan hyggst verða við þeirri ósk.

- bta, kóp / Sjá síðu 10

Tólf ára kylfingi tókst það tvisvar á skömmum tíma sem fæstir ná nokkurn tíma:

## Fór holu í höggi tvisvar á viku

**FÓLK** „Þetta getur ekki verið heppni ef maður gerir þetta tvisvar á einni viku,“ segir Símon Leví Héðinsson, tólf ára kylfingur sem gerði félagsmenn í Golfklúbbi Selfoss hálfjafnstopp þegar hann fór holu í höggi tvisvar á einni viku á Svarfhólvellinum. Símon er því orðinn fullgildur meðlimur í Einherjaklúbbum en alls hafa 26 kylfingar farið holu í höggi á árinu.

Brautin sem um ræðir er þar þrjú, tæpir níu-

tíu metrar að lengd og notaði Símon sandjárn í höggi. „Auðvitað er þetta sambland af hæfileikum og heppni,“ segir Símon, fullur sjálfstrausts eftir afrekið. Þjálfari hans, Hlynur Geir Hjartarson, segir vera að íhuga að setja Símon aðeins út í kuldann enda hafi honum sjálfum aldrei tekist að fara holu í höggi. Móðir Símonar er hæstánægð með golfáhugann, hún segist skutla syninum út á golfvöll á vorin og sækja hann á haustin.

- fgg / sjá síðu 26

DOROTHY KOOMSON

dóttir hennar, dóttir mín

2. PRENTUN ER KOMIN Í VERSLANIR

Skáldverk vasað 9. júní 2009

3. Sæti

JPV ÚTGÁFA

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

www.forlagid.is

6 tommu bátur

Kafbátur mánaðarins • júní

349 krónur

Sterkur ítalskur

Með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósam.

SUBWAY

hoteledda

BROSANDI ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 Íkí Laugarvatn • 3 Skógar  
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjar • 6 Neskaupstaður  
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir  
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður  
13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á  
www.hoteledda.is eða í síma 444 4000



Tónlist.is  
Skráðu þig á  
siminn.is

800 7000 • siminn.is



# Milljónir laga í símann og tölvuna án þess að borga krónu aukalega!

Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift\* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.\*\* Þar geta þeir hlustað á upphaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara upphaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

\*Streymi á erlendra tónlist um ADSL internetþjónustu flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.

\*\*Viðskiptavinir í GSM áskrift, Mínu Frelsi eða ADSL internetþjónustu. Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn 





# Erfiðisvinna hefur aldrei verið auðveldari.

Fristads vinnufatnaðurinn fæst hjá N1.



FILIPPO/STIA



**N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9**

N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

WWW.N1.IS  
Sími 440 1000

**Meira í leiðinni**

## KJÖRKASSINN



Ertu sátt(ur) við 12,5 krónu bensínverðshækkun?

Já 7,7%  
Nei 92,3%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér að leggja eigi niður Varnarmálastofnun í sparnaðarskyni?

Segðu þína skoðun á vísir.is

## Sovétleiðtogi syngur ballöður: Gorbatsjov gefur út geisladisk

**BRETLAND** Geisladiskurinn „Lög fyrir Raísu“ sem inniheldur söng Mikhaíls Gorbatsjov, fyrrverandi Sovétleiðtoga, seldist fyrir 100.000 pund, eða rúmlega 21 milljón íslenskra króna, á uppboði í London fyrir skömmu. Þetta kemur fram á vef breska dagblaðsins Guardian.

Agóðinn af geisladisknum, sem inniheldur túlkun Gorbatsjovs á gömlum ballöðum frá Rússlandi, rennur til góðgerðarsjóðs Raísu, eiginkonu leiðtogans sem lést fyrir tíu árum. Sjóðurinn var stofnaður til að berjast gegn krabbameini í börnum.

Aðeins eitt eintak var framleitt af geisladisknum. Kaupandinn er sagður vera „ónafngreindur breskur mannvinnur“.

- kg

ORF líftækni hefur fengið skilyrt leyfi til að hefja ræktun utandyra:

## Sá fyrir erfðabreyttu byggi

**NÁTTÚRA** Umhverfisstofnun veitti í gær ORF líftækni leyfi til að rækta erfðabreytt bygg utandyra. Leyfið er þó háð skilyrðum eins og því að Umhverfisstofnun muni fá að hafa eftirlit með ræktuninni og að ræktunarsvæðið verði innan girðinga sem og varðbelta.

„Við teljum þessi skilyrði alveg sjálfsögð og munum auðvitað fylgja þeim í einu og öllu,“ segir Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann segir enn fremur að þegar verði hafist handa við að sá, þó ljóst megi vera að ekki fáist uppskera í ár. Bændur sem rækta bygg hér á landi hefja yfirleitt sáningu snemma í maí

svo sáning nú er nokkuð seint á ferðinni. „Hins vegar er þetta tilraunaverkefni og við getum gert margar þessara tilrauna þó að við fáum ekki uppskeru,“ segir Björn Lárus.

Í niðurstöðu Umhverfisstofnunar segir að stofnunin telji hverfandi líkur á því að erfðabreytta byggið breiðist út í náttúruna. Eins eru taldar hverfandi líkur á að víxlfrjóvgun erfðabreytta byggsins við annað bygg eða plöntu geti átt sér stað. Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur, sem fjallaði um umsóknina, var ekki einróma, tveir af níu nefndarmönnum lögðust gegn því að leyfið yrði veitt. -jse



**FRÁ KYNNINGARFUNDI UM MÁLIÐ FYRR Í MÁNUÐINUM** Hér er Björn að kynna fyrirlætanir ORF en nú er leyfið fengið svo ekkert er að vanbúnaði að fylgja þeim eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frakklandsforseti:

## Búrkur tákni um undirgefni

**FRAKKLAND** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði á mánudag að búrkur íslamskra kvenna væru ekki velkomnar í Frakklandi. Þær væru ekki tákni um trú, heldur um undirgefni kvenna. Franska þingið samþykkti í gær að rannsaka áhrif búrkna og í framhaldinu verður skoðað hvort lög verði sett til að banna þær.

Sarkozy sagði að konur í búrkum væru fangar á bak við net og væru útilokaðar frá félagslífi og sviptar sjálfsmýnd. Það væri ekki hægt að líða í Frakklandi.

Um fimm milljónir múslima eru í Frakklandi. -peb

### KONGÓ

#### Nauðganir í fangelsi

Tuttugu kvenföngum var nauðgað eftir misheppnaða flóttatilaun karlfanga í fangelsi í Kongó á mánudag. Mennirnir voru flestir af dauðadeild og þegar þeim mistókst flóttinn brust þeir inn á kvennadeildina.

### ÁSTRALÍA

#### Sveltu dóttur sína í hel

Foreldrar sjö ára gamallar einhverfrar stúlku í Ástralíu hafa verið dæmdir fyrir að hafa svelt hana í hel. Fram kom fyrir dómi að lækna hefðu aldrei séð jafn alvarlegt dæmi um vanrækslu og vannæringu.

### FJARSKIPTAMARKAÐUR

#### Kærður úrskurður stendur

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur staðfest ákvörðun PFS um að meina Mílu ehf. sjálfvirkar verðbreytingar til samræmis við byggingarvísitölu. Míla hafði kært úrskurðinn.

# Breskir embættismenn reknir frá Íran

Írönsk stjórnvöld ráku í gær tvo breska embættismenn úr landinu. Bretar svörðu í sömu mynt. Barack Obama Bandaríkjaforseti fordæmdi aðgerðir íranskra stjórnvalda gagnvart mótmælendum og sagði heiminn hneykslaðan á þeim.

**ÍRAN, AP** Tveir breskir embættismenn í Íran voru sendir úr landi í gær. Það var gert í kjölfar ásakana um að bresk stjórnvöld hafi skipt sér með óeðlilegum hætti af kosningunum í Íran hinn 12. júní síðastliðinn. Bresk stjórnvöld svörðu með því að senda tvo íranska embættismenn frá Bretlandi.

Á föstudag gagnrýndi Ali Khamenei Íransleiðtogi Vesturlönd og sagði bresku ríkisstjórnina vera þá verstu. Á mánudag tilkynntu bresk stjórnvöld að þau hefðu kallað fjölskyldur embættismanna í Íran heim til Bretlands í öryggisskyni. Í gær greindi svo íranska utanríkisráðuneytið frá því að tveir breskir embættismenn hefðu verið reknir úr landi fyrir „óhefðbundna hegðun“.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði á blaðamannafundi að Bandaríkin og heimurinn allur væru hneyksluð á framferði íranskra stjórnvalda og fordæmdi „hótanir, barsmíðar og fangelsanir síðustu daga“. Hann segir Bandaríkin viðurkenna fullveldi Írans og ekki skipta sér af málefnum landsins.

Engin mótmæli fóru fram í Teheran í gær fyrir utan um 100 manna hóp sem mótmælti Vesturlöndum fyrir utan breska sendiráðið, þar sem fánar Bretlands, Bandaríkjaanna og Ísraels voru brenndir. Svo virðist sem lögreglu og sérsveitum hafi tekist að brjóta mótmæli vegna forsetakosninganna á bak aftur í bili. Að minnsta kosti sautján hafa látið lífið í mótmælunum og á mánudag birtust myndskopi á netinu af dauða ungrar konu sem hafði orðið fyrir skoti. Konan hét Neda



**MÓTMÆLI** Í Íran hefur ekki verið mótmælt síðustu tvo daga en annars staðar í heiminum er áfram mótmælt. Þessi íranski maður mótmælti í Grikklandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Agha Soltan og hefur orðið nokkurs konar tákngervingur mótmælanna. Bandaríkjaforseti tjáði sig einnig um dauða hennar og sagði myndbandið átakanlegt. Þá sagði hann að þeirra sem berðust fyrir réttlæti yrði alltaf minnst í sögunni.

Æðsti klerkurinn Khamenei féllst í gær á að framlengja kvörtunarfrest vegna kosninganna um fimm daga. Íranska klerkastjórnin virðist þó enn vera ákveðin í að hunsna kröfur um að kosid verði á nýjan leik. thorunn@frettabladid.is

Sumarleikur Skeljungs:

Þú gætir unnið  
**30.000 kr.**  
inneignir í sumar!

Vönumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



Kári Már Reynisson sigraði í Landskeppni ungra vísindamanna:

## Tólf ára er áhuginn kviknaði

**FÓLK** „Ég er mjög ánægður með þennan árangur. Þetta er alveg frábært,“ segir Kári Már Reynisson, sautján ára nemandi við Menntaskólann Hraðbraut. Kári er höfundur verkefnisins „Líkan að gervitaug“ sem bar sigur úr býtum í Landskeppni ungra vísindamanna sem fram fór við Háskóla Íslands á dögum. Verðlaunaafhending fór fram í Háskólanum í gær.

Auk verðlaunafjár og -skjals verður Kári fulltrúi Íslands í Evrópukeppni ungra vísindamanna í París í september. Þar keppir Kári við unga vísindamenn frá fjörutíu löndum í Evrópu, Ameríku og Asíu. „Ég á jafn góða möguleika á sigri þar og allir aðrir,“ segir Kári.

Kári var aðeins tólf ára gamall þegar áhuginn á byggingu gervitaugar kviknaði. „Ég var mikið að garfa í þessu sem barn og taugafræðin kveikti sérstaklega í mér. Ég uppgötvaði að við höfum engan búnað til að hjálpa þeim sem verða fyrir alvarlegum taugaskemmdum. Og svo hefur þetta þróast áfram hjá mér.“

Kári er að ljúka stúdentsprófi við Menntaskólann Hraðbraut og stefnir á nám í Háskóla Íslands í haust. „Ég gæti farið í líffræði eða lífefnafræði eða jafnvel verkfræði. Það er í raun óráðið hvað ég geri,“ segir vísindamaðurinn ungi að lokum. -kg



**LÍKAN AÐ GERVITAUG** Kári Már tók á móti verðlaunum í Landskeppni ungra vísindamanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ALVEG HREINT FRÁBÆR!

www.ms.is/gottimatinn



# Við greiðum þér leið í sólina

Síðustu sætin  
í sólina í júní

4 jafnar  
greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is). Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu, 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.



## Tenerife

VERÐ FRÁ

**77.600 kr.**

á mann í viku á Hotel Gala \*\*\*\*hótelu miðað við 2 með 2 börn – brottför 24. júní. **Hálft fæði.**

## Marmaris

VERÐ FRÁ

**96.960 kr.**

á mann í viku á Forum íbúðarhótelu miðað við 2 með 2 börn – brottför 26. júní.

**Örfá sæti laus – hægt að fá hálft fæði, 12.600 kr. fyrir fullorðna og 6.300 kr. fyrir börn.**

Það er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og náttúruperlan Tenerife hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar. „...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn“.



ÚRVAL-ÚTSÝN

[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)



Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gæting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símileiðis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hver er að skrifa ævisögu Gylfa Ægissonar?
- 2 Hver er forstjóri Varnarmála-stofnunar?
- 3 Hver tekur við af Gunnari Birgissyni sem bæjarstjóri í Kópavogi?

SÍÐ SVÖR Á SÍÐU 26



SIRTAKI Mennirnir leiddir frá borði eftir handtökuna.

## Gæsluvarðhald framlengt: Þrír skútumenn sitja áfram inni

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald hefur verið framlengt yfir þremur mönnum, sem handteknir voru í apríl um borð í fíkniefnaskútni SIRTAKI sem var á hraðsiglingu burt frá Suðausturlandi. Gæslan var framlengt til 14. júlí. Mennirnir hafa allir kært úrskurðinn til Hæstaréttar. Mennirnir, sem eru á þrítugs- og fimmtugsaldri, eru grunaðir um stórfelld fíkniefnabrot.

Þrír karlmenn til viðbótar sitja einnig í gæsluvarðhaldi í tengslum við rannsókn málsins. Einn þeirra var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 2. júlí en hinir til 9. júlí.

- jss

## SUÐUR-KÓREA

### Kona fær að deyja

Dómstóll í Suður-Kóreu hefur úrskurðað að 76 ára gamalli konu, sem hefur verið í dái í meira en ár, verði leyft að deyja. Þetta er fyrsti dómur sinnar tegundar í landinu og hefur vakið mikla gagnrýni meðal trúarhópa.

Veðurfræðingur vann mál gegn íslenska ríkinu vegna eineltis á vinnustað:

## Fær miskabætur vegna eineltis

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða tæplega fimmtugri konu hálf milljón króna í miskabætur eftir einelti sem hún varð fyrir á Veðurstofu Íslands, svo og sagnæmt athafnaleysi veðurstofustjóra í málinu. Konan var veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Hún leitaði til stéttarfélags síns þar sem hún taldi sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu sviðsstjóra Veðurstofunnar.

Sálfræðingur sem Veðurstofustjóri setti í málið komst að þeirri niðurstöðu að framkoma sviðsstjórans við veðurfræðinginn félli undir skilgreiningu á einelti á vinnustað og væri til þess fallin

að valda niðurlægingu, gera lítið úr, móðga eða valda vanlíðan hjá veðurfræðingnum. Veðurstofustjóri skrifaði veðurfræðingnum bréf þar sem fram kom að hann hefði veitt sviðsstjóranum áminningu. Hann gerði í bréfinu einnig athugasemdir við framkomu veðurfræðingsins. Gerði hann konunni að sækja handleiðslu í samskiptum, ella kæmi hún ekki aftur til starfa á Veðurstofunni úr leyfi sem hún var þá í. Konan leit svo á að hún hefði verið flæmd úr starfi og orðið fyrir fjártlóni og verulegum miska. Hún gerði því einnig kröfu um 18,8 milljónir króna í bætur vegna fjártlóns, sem dómurinn hafnaði. - jss



VEÐURSTOFA ÍSLANDS Konan vann á Veðurstofunni. Myndin er ekki tengd efni fréttarinnar.

## Eltingaleikur í Þinghóltum: Gripin við fíkniefnavefskipti

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gómaði solumann fíkniefna og kaupendur í fyrrakvöld við Tjörnina.

Kaupendurnir voru handteknir á staðnum. Á þeim fundust um tuttugu grömm af maríjúana.

Sölumaðurinn reyndi að stinga lögregluna af, fyrst í bíl með hraðakstri um Þingholtin. Þegar það gekk ekki upp stökk hann út úr bílnum og tók til fótanna. Hann var handtekinn skömmu síðar í Þinghóltunum og vistaður í fangageymslu. Hann var yfirheyrður í gær. - jss



22 NEMENDA HÓPUR ÚTSKRIFAÐIST ÚR DIPLÓMANÁMINU Námstíminn var ómetanlegur tími og lærdómsríkur fyrir alla sem að því komu, nemendur sem og starfsfólk, segir Guðrún V. Stefánsdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. MYND/KRISTINN INGVARSSON

## Einstakt nám á heimsvísu

Háskóli Íslands brautskráði í fyrsta sinn fólk með þroskahömlun úr diplómanámi. Umsjónarmaður segir námið einstakt á heimsvísu og hafa breytt viðhorfum margra. Nýr hópur hefur nám í haust.

**MENNTUN** „Þetta hefur verið alveg ómetanlegur tími og mjög lærdómsríkur fyrir alla sem að þessu námi komu, nemendur jafnt sem starfsfólk. Ég er viss um að námið hefur gegnt sínu hlutverki í því að breyta viðhorfum hjá ansi mörgum,“ segir Guðrún V. Stefánsdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands (HÍ). Síðastliðinn laugardag útskrifuðust 22 nemendur úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun úr HÍ. Guðrún hafði umsjón með skipulagi og þróun námsins ásamt Vilborgu Jóhannsdóttur, samlektor sínum.

Að sögn Guðrúnar er námið, sem hófst haustið 2007 sem tilraunanámsleið á þroskaþjálfabrot, í raun einstakt á heimsvísu.

„Ég veit um háskóla í Bandaríkjunum og

á Írlandi sem hafa boðið upp á nám fyrir þroskahamlaða, en þar hefur verið um að ræða mun meiri skiptingu milli þroskahamlaðra og annarra nema. Í diplómanáminu okkar hefur verið lögð mikil áhersla á að nemendurnir stundi námskeið með öðrum nemendum. Í því augnamiði var þróað stuðningskerfi, svokallað mentorakerfi, þar sem samnemendur veittu diplómanemendum stuðning ef svo bar undir. Eitt af því ánægjulegasta var að sjá hversu vel þetta samstarf gekk.“

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytni í náminu. Meðal námskeiða sem í því fólust má nefna fötlunarfræði, siðfræði í starfi með fötluum, upplýsingatækni og miðlun og framsögn og leikræna tjáningu. Guðrún

segir námið hafa vakið mikla athygli. „Eftirspurnin er mikil og við höfum fengið góð viðbrögð, meðal annars frá hinum Norðurlöndunum. Vandamálið hefur verið að þroskahömluðum hefur staðið lítið sem ekkert til bóða eftir nám í framhaldsskóla. Spurningin hefur alltaf verið „getur þetta fólk stundað háskólanám?“ Þessir nemendur hafa svo sannarlega svarað þeirri spurningu játandi,“ segir Guðrún.

Við útskriftina á laugardag var tilkynnt að nýr hópur yrði tekinn inn í námið í haust. „Það eru frábærar fréttir. Það þýðir að þetta er ekki lengur tilraunaverkefni og ég ber þá von í brjósti að fleiri deildir innan skólans fari að huga að slíku námi,“ segir Guðrún V. Stefánsdóttir. kjartan@frettabladid.is

## Er hann velkominn?

FERMAX

Mynddyrasímar veita öryggi



Rafsól sérhæfir sig í uppsetningu á mynd-dyrasímum.



Skúlagötu 30 | 101 Reykjavík | Sími 553 5600 | rafsol@rafsol.is

**Neytandi** Óánægður með verðlagningu í evrum:

## Gera sér grein fyrir slæmri stöðu



**KJARTAN GUÐMUNDSSON**  
neytendur@frettabladid.is  
■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Staðgengli umboðsmanns neytenda hefur borist bréf frá Jóni:

„Ég hugðist heim-sækja Kerlingarfjöll í sumar og fór á heimasíðuna kerlingarfjöll.is og gat hlaðið niður verðlista ársins 2009 sem PDF-skjali. Mér

brá þegar ég sá að allt er þar verðlagt í evrum og biðið að verðleggja Íslendinga út af svæðinu. Sem dæmi þá kostar 10 evrur á mann eða rúmlega 1.700 krónur að tjalda eða leggja fellihýsi á svæðinu sem hlýtur að vera með því dýrasta á landinu.“

Páll Gíslason, framkvæmdastjóri Fannborgar, fyrirtækis sem á og rekur ferðastarfsemi í Kerlingarfjöllum, varð fyrir svörum:

„Við skoðuðum þetta mál í lok vetrar og höfðum þá ekki miklar áhyggjur af verðlagningunni. Síðan hefur gengið hrúðið á síðustu fimm til sjö vikum, og gengisvísitalan farið úr 190 í 230 á mjög stuttum tíma. Það er eitthvað sem við gátum hvorki séð fyrir né haft stjórn á. Ef gengisvísitalan væri í 190 væri þetta ekki svo slæmt verð hjá okkur. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta er slæm staða og erum að skoða mjög ítarlega hvaða leiðir eru færar í stöðunni.“

Þá er bara að vona, fyrir hönd ferðabyrstra náttúruunnenda, að vænlegar leiðir finnist sem fyrst.



KERLINGARFJÖLL



TÖLVA Maðurinn sendi hótanir úr tölvu.

Dæmdur í fangelsi:

## Sendi svæsnar SMS-hótanir

**DÓMSMÁL** Karlaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skil-orðsbundið fangelsi fyrir að hótta barnaverndarstarfsmanni margoft með SMS-skilaboðum. Maðurinn hóttaði einnig maka starfsmannsins og barnungum tvíburasonum þeirra. Hótanirnar voru afar svæsnar.

Starfsmaður barnaverndar hafði áður haft afskipti af málefnum barna hótunarmannsins. Sá síðarnefndi neitaði sök, spurður hvort hann hefði sent hótanirnar með SMS. Rannsókn lögreglu leiddi hins vegar í ljós að hann var skráður fyrir IP-tölu tölvu sem notuð hafði verið til að senda hótanirnar. - jss





Birki	699 <del>1.199</del>
Gullregn	1.499 <del>2.699</del>
Himalajaeinir	1.999 <del>4.499</del>
Dornrós	999 <del>2.499</del>
Skriðmispill	1.199 <del>2.399</del>
Ilmreynir	1.199 <del>2.399</del>
Blágreni	999 <del>1.999</del>
Stafafura	999 <del>1.999</del>

# TRJÁPLÖNTU SPRENGJA!

## SUMARBLÓMA SPRENGJA!

Margarita  
499<sub>kr</sub>

Stjúpur  
10 stk  
599<sub>kr</sub>

Sólboði  
499<sub>kr</sub>

ÚTI  
POTTAR  
TAX FREE!  
TAX FREE!

Hengilóbelía  
499<sub>kr</sub>

Dalía  
499<sub>kr</sub>



x



Fræber saman

## Skógræktarfélag Ísland grisjar og leggur göngustíga: Skapar þúsund störf á grænum svæðum

Skógræktarfélag Íslands hefur ráðist í það verkefni að skapa störf fyrir allt að 1.000 manns í tengslum við uppgræðslu á grænum svæðum skógræktarfélaga landsins. Til dæmis með grisjun skógræktarsvæða og lagningu göngustíga.

Verkefnið er í samstarfi við Vinnuálastofnun. Ríkissjóður útvegar efni og aðföng sem þarf fyrir verkefnið, Skógræktarfélagið útvegar verkefnið og sveitarfélögin útvega starfsmennina.

„Markmiðið er að ráðast í framkvæmdir við uppbyggingu á aðstöðu til útivistar og þar með auðvelda fólki aðgang að óspilltri náttúrunni,“ segir Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands. Skógræktarfélagið hefur mótað stefnu til næstu þriggja ára

sem miðar að því að ráðast í mannafslafrek verkefni.

Langstærsta verkefnið er Græni stígurinn en í því verkefni felst lagning á þriggja metra breiðum stíg sem nær um 50 kílómetra leið, allt frá Kaldárseli í Hafnarfirði yfir í Esjuhlíðar.

„Það myndi þýða að fólk gæti hjólað á milli bæjarfélaga,“ segir Linda Björk Waage, verkefnastjóri Skógræktarfélags Íslands.

Þegar hefur verið samþykkt af öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins nema Reykjavík að taka þátt í verkefninu. Reykjavík er hins vegar áhugasöm, að sögn Lindu. Byrjað er að stíka fyrir stígunum í Garðabæ og Hafnarfirði og Kópavogsbær er búinn með fyrsta áfangann.

- vsþ



### Bílahreinsivörur

**PAKKI 2** **TILBOÐ** **2.990.-** Þú sparar 4.590.-  
Verð áður 7.580.-



## ÚTSALAN ER HAFIN 30-50% AFSLÁTTUR

Verslunin er flutt aftur á Garðatorg

ILSE JACOBSEN • Hornbæk  
Garðatorgi Garðabæ sími 517 4806

## FRÉTTASKÝRING: Gjaldeyrisviðskipti álfyrirtækja



FRAMLEIÐSLA Á ALI Alcoa Fjarðaál rekur álverið á Reyðarfirði en Alcan á Íslandi starfrækir álverið í Straumsvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Milljarða gróði álfyrirtækja af gjaldeyrisbraski

Alcoa Fjarðaál og Alcan á Íslandi hafa stundað viðskipti með krónur erlendis. Viðskiptin gætu skilað fyrirtækjunum 1,65 milljörðum króna í hagnað á ársgrundvelli. Viðskiptin geta seinkað styrkingu krónunnar. Um lögleg viðskipti er að ræða en Seðlabankastjóri segir hins vegar að undanþágur séu ekki ætlaðar til að fyrirtæki hagnist á þeim.

Tvö af þremur álfyrirtækjum hérlendis greindu frá því í viðtali við Fréttablaðið í gær að þau hefðu stundað viðskipti með krónur á erlendum markaði. Slíki viðskipti geta haldið aftur af styrkingu krónunnar en eru ábatasöm fyrir þau fyrirtæki sem eiga hlut að máli.

Auðvelt er að setja upp dæmi sem skýrir vel ágóðann af þessum viðskiptum. Meðalgengi íslensku krónunnar samkvæmt meðalgengi Seðlabanka Íslands hefur verið um 165 krónur fyrir hverja evru. Gengi íslensku krónunnar hefur í miðlunarkerfi Reuters hins vegar verið um 230 krónur að meðaltali frá því að bankahrunið skall á í október. Gengi krónunnar á þeim markaði gefur vísbendingu um það gengi sem fyrirtæki geta átt viðskipti á með krónur erlendis.

#### Tveir aðskildir markaðir

Ef fyrirtæki ákveður að selja eina evru á erlendum markaði hefur það fengið um 230 krónur að meðaltali í vetur. Hins vegar ef viðkomandi hefði selt eina evru hérlendis þá hefur það fengið um 165 krónur að meðaltali frá því að bankahrunið átti sér stað. Viðkomandi hafa því verið að fá um 65 fleiri krónur fyrir hverja evru heldur en ef viðskiptin hefðu átt sér stað hérlendis.

Því er augljóst að það er ágóði af því fyrir íslensk fyrirtæki að kaupa krónur á erlendum markaði fyrir þann erlenda gjaldreyri sem fyrirtækin fá af sínum útflutningi. Þau fá því fleiri krónur fyrir sama magn af erlendum gjaldeyri. Með þessum hætti geta fyrirtækin flutt inn krónur sem

þau kaupa á hagstæðara gengi til að greiða innlendan kostnað, svo sem laun og annan tilfallandi kostnað.

Þar sem viðskiptin fara fram erlendis hafa þau ekki áhrif á opinbert gengi krónunnar hjá Seðlabanka Íslands. Ef viðskiptin færu hins vegar fram hérlendis, en ekki á erlendum markaði, myndi það hafa áhrif til styrkingar á opinberu gengi krónunnar.

#### Álfyrirtækin stunda viðskipti með krónur erlendis

Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær kom fram að bæði Alcan á Íslandi og Alcoa Fjarðaál hafa stundað viðskipti með krónur á erlendum markaðum. Erna Indriadóttir framkvæmdastjóri hjá Alcoa Fjarðaáli greindi frá því að fyrirtækið hefði varið lágu hlutfalli tekna sinna til kaupa á íslenskum krónum erlendis. Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Alcan á Íslandi, sagði jafnframt frá því að félagið hefði stundað viðskipti með krónur erlendis og notað þær krónur sem keyptar hefðu verið erlendis til að greiða minnihlutann af innlendum kostnaði félagsins.

Í því samhengi er athyglisvert að skoða hve há innlendur kostnaður þessara félaga var á síðasta ári. Ólafur Teitur greindi frá því í vetur að Alcan hefði árið 2008 greitt um 6,8 milljarða króna í innlendan kostnað og tekjuskatt, fyrir utan orkukaup. Ekki hafa fengið upplýsingar um launakostnað Alcan á Íslandi. Sambærileg tala fyrir Alcoa Fjarðaál er 9,5 milljarðar króna en auk þess greiddi fyrirtækið 4,4 milljarða í launa-

kostnað á síðasta ári. Því er ljóst að samanlagður innlendur kostnaður þessara tveggja álfyrirtækja var að minnsta kosti tuttugu milljarðar króna árið 2008.

Athuga ber að orkukostnaður er ekki innifalinn í þessari tölu þar sem samningar fyrirtækjanna eru gjarnan í erlendum gjaldmiðli og því munu fyrirtækin ekki skipta gjaldeyri til að greiða þann kostnað.

#### Lögleg viðskipti

Ljóst er að álfyrirtækin eru dæmi um fyrirtæki sem hafa notið góðs af ósamræmi í gengisskráningu íslensku krónunnar hérlendis og á erlendum mörkuðum. Eftir umfjöllun Fréttablaðsins að undanfönu brást Alcan á Íslandi við og hafði samband við Seðlabanka Íslands, sem leiddi til þess að bankinn óskaði eftir því að öll þeirra gjaldeyrisviðskipti færu fram hérlendis. Alcan á Íslandi hyggst verða við þeirri ósk.

Mikilvægt er að taka fram að ekki er um lögbrot að ræða hjá álfyrirtækjunum þar sem þau hafa undanþágu frá gjaldeyrishöftunum sem sett voru á fyrir í vetur. Svein Harald Öygard Seðlabankastjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að mörg fyrirtæki hefðu undanþágur frá gjaldeyrishöftunum, „hins vegar eru undanþágur ekki ætlaðar til að fyrirtækin hagnist vegna reglnanna.“



#### FRÉTTASKÝRING

BJÖRN ÞÓR ARNARSON  
bta@frettabladid.is

### DÆMI UM GJALDEYRISVIÐSKIPTI ÁLFYRIRTÆKJANNA

Ef við gefum okkur að álfyrirtækin greiði um þrjátíu prósent af innlendum kostnaði, um sex milljarða króna, með krónum sem keyptar eru erlendis má reikna út hve mikið félagin hagnast á að eiga viðskipti með krónur erlendis.

Samanlagður innlendur kostnaður álfyrirtækjanna tveggja var um tuttugu milljarðar króna á síðasta ári. Ef þau greiða þrjátíu prósent af þeim kostnaði með krónum sem keyptar eru erlendis þá þá þurfa

þau að festa kaup á sex milljörðum króna á erlendum markaði. Til þess að festa kaup á þessum gjaldeyri þurfa fyrirtækin að reiða fram 26 milljónir evra á erlendum markaði samanborið við 36 milljónir evra ef sömu viðskipti hefðu átt sér stað hérlendis. Ágóðinn af því að stunda þessi viðskipti erlendis gæti því numið tíu milljónum evra á ári eða um 1,65 milljörðum króna miðað við meðalgengi íslensku krónunnar í vetur.

# Byggingalausnir hjá Sindra



Hringstigarnir frá Weland er hagkvæm lausn fyrir þá sem vantar stiga.

Stigarnir falla vel að umhverfinu og hafa þannig oft spilað stórt hlutverk í arkitektúr húsa, bæði innandyra sem utan. Prep og handrið frá Weland eru fánleg í ýmsum útgáfum og er uppsetning afar auðveld þar sem Weland hringstigar eru byggðir upp af tilbúnum einingum sem boltast saman.



Klæðningar



Uppbyggingarkerfi



Iðnaðarhurðir



Stigar



Handrið



Svalir



Öryggislokanir



Hleðslulyftur



Girðingar



Hliðslár



Vöruhúsakerfi



Stálristar

## SINDRI

BYGGINGAÐEILD

VERSLANIR

VÉLAÐEILD

ÞJÓNUSTUÐEILD

[www.sindri.is](http://www.sindri.is)

[sindri@sindri.is](mailto:sindri@sindri.is)

Bæjarhraun 12 Hafnarfirði

Viðarhöfða 6 Reykjavík

Sími: 575 0000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Prengingar í framhaldsskólunum:

## Uppnám í vali nemenda

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

**H**ún er æf, móðirin. Faðirinn tekur þessu létt. Krakkinn er í losti. Það er búíð að berja á allar dyr og svörin eru blandin. Alla vega kemst krakkinn ekki í Versló og heldur ekki í MR eða Kvinnó. Ármúlinn blasir við.

Skyndilega er sú staða komin upp í framhaldsskólamáli um brugðið getur til beggja vona með valkostakerfið sem nemendum er gefið, jafnvel þannig að nemandinn sem er með þökkalegar miðlungsniðurstöður upp úr grunnskólanum er vegalags á hausti. Þeir þrír kostir sem honum var gert að raða niður í forgangsröð reynast allir blindgata. Hann verður að leita á ný mið, í nýjan skóla, fjarri heimahögum í nýjan hóp sem er safnað saman víða að. Hópurinn sem hann hefur fylgt lengst af námsævi sinnar er sundraður. Og nú efast menn um að námskröfur séu sambærilegar frá einum grunnskóla til annars. Eftir næsta vetur verða framhaldsskólar hugsanlega að taka upp inngöngupróf fari svo að gerólíkar kröfur liggi til grundvallar niðurstöðum prófa vorsins, þessa fyrsta vors eftir að samræmdu prófin voru lögð af. Þetta er staðan.

Skóli er flókið fyrirbæri, hann er sterk uppistaða í samfélagi hverfanna. Stór hópur barna hefur fylgst að frá leikskóla inn í grunnskólann, bundist böndum sem vara alla ævina í sumum tilvikum og eru þvert á stéttarstöðu, menntun foreldra, bönd sem byggja á venskap, trausti og tryggð. Og þau eru bara hluti af enn stærra samfélagi nágranna, byggðar sem er lifandi og stöðugum breytingum undirorpin. Það er margur sauður í stóru safni. Öll erum við ólík, en samt svo lík.

Nú kann marga að furða að árangur á þessu vori skuli skila svo sterkum námsárangri að sumir skólar á höfuðborgarsvæðinu geta fleytt mikinn rjúma ofan af, valið úr sterkustu námsmennina. Erum við að sjá klekjast út sérkennilega blöndu af gylltum vonum góðæris og hörðum veruleika kreppunnar á liðnum vetri? Hertu nemendur sig svo þegar hrundið skall á að afburðaárangur jókst hratt og skyndilega? Eða var bara almennt línað á kröfum í prófum vorsins?

Það er styrkur fyrir samfélagið að árgangar haldi saman gegnum skólakerfið, það er hollt félagsþroska og nærsamfélaginu. Það er ódýrara fyrir samfélagið að menn sæki skóla nærri heimilum. Það þýðir minna álag í samgöngum, minni orkueyðslu. Og þótt sumum skólum líki betur að safna saman níu-fólki þá verður samfélag skólalífsins einleitar. Skólinn er jú meira en bara á bókina, hann er ekki síst samveran, nálægðin, félagið. Það er sterkari minnisvarði þegar frá líður en hver var hæstur í þýsku eða stærðfræði.

Það kærir sig enginn um að einstakir skólar á framhaldsskólageggi verði forréttingafyrirbæri nú. Sá tími er löngu liðinn að fjárhagur foreldris, pólitísk bræðrabönd eða fjölskyldutengsl ráði hvar nemendum er skipað í skóla. Það er ógn við jafnræðis-samfélag að hér skuli smíðað skólasamfélag sem velur sér einvörðungu nemendur með toppenskun en lokar á hina.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐLÓG: Ari Edvald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jr @frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinn Stefánsson dóttir steinnur@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**BLÁKLÄDER**  
VINNUFATNAÐUR  
FÆST NÚ Í HEBRON

Hebron-Vinnufatnaður  
Smíðjuvegi 1, Grá gata  
www.hebron.is  
s. 567-6000

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Víðernin ósnortnu

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, skrifaði grein í Fréttablaðið í gær, um þingsályktunartillögu sem hún lagði fram ásamt öðrum um að unnin verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu. Í greininni kemur fram að mikilvægi ferðapjónustu fyrir þjóðarbúskapinn fari vaxandi, en ósnortin víðerni Íslands eru helsta aðdráttaraflíð fyrir erlenda ferðamenn. Siv bendir hins vegar á að ósnortin víðerni án jökla séu innan við 31 prósent landsins. „Því er brýnt að huga vel að þessum landsvæðum og svo sérstafnan glatist ekki,“ skrifar hún.

#### Annað hljóð í strokkinn

Menn hafa svo sem áður lýst yfir áhyggjum sínum yfir að gengið væri of mikið á ósnortin víðerni hér á landi, til dæmis í sambandi við Kárahnjúkavirkjun. Ráðamenn svöruðu þeirri gagnrýni itrekað á þann veg að nóg væri af óspilltri náttúru hér á landi og ekkert að óttast. Skipulagsstofnun komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Kárahnjúkavirkjun gengi of nærri umhverfinu. Þá kom til kasta Sivjar Friðleifsdóttur,

#### Engan kapitalisma takk

Ólis reið á vaðið í fyrradag með hækkun bensins um 12,5 krónur, í kjölfar hækkunar álagna. Í gær lækkaði fyrirtækið verðið og skaut á stjórnvöld fyrir hækkunina. Í yfirlýsingu gegir fyrirtækið athygli á að óeðlilegt sé „að svo stór skattbreyting hins opinbera mismuni söluaðilum eftir birgðastöðu.“

Það er nefnilega það. Félagið er á móti því að lögmál kapitalismans um góð kaup, stöðu á markaði og eftirspurn ráði ferðinni. Byltingin er meiri en við hældum.

kolbeinn@frettabladid.is



þáverandi umhverfisráðherra, sem ógilti úrskurðinn og heimilaði virkjunina.



## Hver vill leysa málin?

**E**itt alvarlegt vandamál við Alþjóðastjórnarmál er ruglingurinn sem gerður er á samningum og úrlausnum. Samkvæmt stundatöflu sem samþykkt var í desember 2007 höfum við sex mánuði til að komast að alþjóðlegu samkomulagi um aðgerðir vegna loftslagsbreytinga. Stjórnvöld taka þátt í meiriháttar samningaviðræðum en minna fer fyrir sjálfum úrlausnum. Hvert ríki spyr sig: „Hvernig get ég gert sem minnst og fengið önnur ríki til að gera sem mest?“, í stað þess að spyrja: „Hvernig getum við stillt saman strengi okkar til að koma sem mestu í verk með lágmarks-fyrirhófn?“

Þetta hljómar ef til vill eins og eitt og hið sama en er það í raun og veru ekki. Til að takast á við loftslagsbreytingar þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það kallar aftur á móti á að við til-einkum okkur nýja tækni, bæði þá sem er þegar fyrir hendi en líka tækni sem þarf að hanna og þróa. Jafnframt verður að auka tilrú almennings á nýja kynslóð kjarnorkuvera, sem eru bæði örugg og undir ábyrgri stjórn. Við þurfum á nýrri tækni að halda til að virkja sólarorku, vindorku og jarðvarma. Mögulega er hægt að framleiða lífrænt eldsneyti, að því gefnu að það gangi ekki á matarforða eða verðmæt náttúruauðindir.

Listinn er lengri. Við þurfum að skipta út bílum með sprengihreyflum fyrir tvínbíla, metanbíl og rafmagnsbíla. Ný kynslóð rafbíla krefst þess að stjórnvöld og einkageirinn sameini krafta sína til að þróa grunnstærni, til dæmis betri rafhlöður, öflugra rafmagnskerfi og fleira. Umskiptin yfir í nýja tækni er ekki aðallega spurning um samningaviðræður heldur um verkfræði, áætlanagerð, fjármögnun og frumkvæði. Hvernig getur heimsbyggðin þróað, prófað og breitt út nýja tækni á sem



JEFFREY SACHS

**Í DAG** | Umskiptin til sjálfbærni

skilvirkastan hátt? Hver á borga fyrir rándýrar frumgerðir þegar einkaaðilar sjá ekki fram á mikinn hagnað? Hvernig er hægt að standa vörð um hvata einkaaðila til að rannsaka og þróa nýja tækni og um leið aðstoða þróunarriki við að koma sér henni upp?

Þessum aðkallandi spurningum á eftir að svara. Samt sem áður snúast alþjóðlegar samningaviðræður um önnur mál, aðallega hvaða ríki eigi að draga mest úr losun gróðurhúsalofttegunda, hversu mikið, hversu hratt og svo framvegis. Svárið því felst auðvitað í hvaða vistvæna tækni stendur til boða og hversu hratt ríki geta tileinkað sér hana.

Tökum Bandaríkin sem dæmi. Til að draga snarlega úr losun gróðurhúsalofttegunda verða Bandaríkin að skipta núverandi bílafloata sínum út fyrir rafmagnsknúna bíla á næsta áratug. Stjórnvöld verða líka að taka ákvörðun um endurnýjun og stækkun kjarnorkuvera sem og leggja land undir ný endurnýtanleg orkuver, sérstaklega sólarbú. Bandaríkin verða líka að hanna nýtt rafmagnskerfi sem dreifir endurnýjanlegri orku úr dreifibýli – til dæmis sólarorku úr eyðimörkunum í suðvesturhluta landsins og vindorku úr sléttunum í norðurhluta landsins – til þéttbýlisins við ströndina. Þetta krefst víðtækrar áætlanar á

landsvísu, er ekki bara tölfræðilegt markmið um minni losun á gróðurhúsalofttegundum. Kína getur líka dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með skilvirkari orkubúskap og nýjum rafmagnsbílafloata.

Raunverulegt alþjóðlegt samráð myndi byrja á því að ríki kæmu sér saman um fýsilegustu kostina, bæði í efnahagslegum og tæknilegum skilningi, og hvernig hægt væri að bæta þessa kosti með rannsóknum og þróun. Viðræðurnar myndu líta á því hvaða kostir væru í boði fyrir hvert ríki og gert yrði ráð fyrir samkeppni á markaði sem og opinberu framtaki.

Í framhaldi þessara viðræðna gætu ríki heims komið sér saman um hversu miklu ætti að kosta til að hraða þróun og útbreiðslu vistvænnar tækni. Þetta alþjóðlega átak myndi renna stóðum undir útblástursmarkmið á heims- og landavísu og eftirlit á tæknilegum endurbótum. Eftir því sem tækninni fleygir fram ætti að setja marknið sífellt hærra. Vitaskuld þyrfti að tryggja markaðshvata þannig að einkageirinn sjái sér hag í að þróa vistvæna tækni.

Ósk mín um að áætlanir og aðgerðir verði ræddar samhliða umræðum um útblásturskvóta virðist ef til vill til þess fallin að stefna yfirvofandi samningaviðræðum í voða, en ef við höfum ekki áætlanir til að hrinda samþykktunum í framkvæmd er holur hljómur í þeim samningum.

Við verðum öll að leggja á eitt til að leida kostina í ljós og í framhaldinu verðum við að komast að alþjóðlegu samkomulagi sem hleypir nýju skeiði af stað; tímum sjálfbærar tækni á sviði orkubúskapar, samgangna, iðnaðar og skipulagsmála.

Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate.

## Þöggunarhugsun Ögmundar

#### UMRÆÐAN

Porsteinn Pálsson svarar Ögmundi Jónassyni

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra skrifaði mánuðagsgrein hér í blaðið undir fyrirsögninni: Þöggunararkrafa Porsteins. Þar var vísað til þeirra ummæla minna að ráðherrann tali enn gegn samstarfssamningnum við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn. Ég dró þá ályktun af þessari staðreynd að hún væri veikleikamerki fyrir ríkisstjórnina. Ráðherrann telur að í því mati felist krafa um þöggun.

Núverandi ríkisstjórn kaus að halda áfram því samstarfi við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn sem fyrri ríkisstjórn ákvað. Nýir flokkar í ríkisstjórn þurfa oft að miðla málum og kyngja hlutum sem þeir hafa áður verið andvígir. Ég gagnrýndi ekki flokk ráðherrans fyrir þá ákvörðun, þó að hún hafi verið stærri biti í háls en spurnir eru af við líkar aðstæður.

Enginn þarf að skammast sín fyrir að skipta um skoðun þegar meiri hagsmunir krefjast þess eins og einatt er við ríkisstjórnarmyndanir. Hitt er veikleikamerki að gera hvort tveggja í senn að sitja



PORSTEINN PÁLSSON

í ríkisstjórn og tala gegn grundvelli stefnu hennar í efnahags- og ríkisfjármálum. Ég andmælti hins vegar ekki rétti heilbrigðisráðherrans til þess.

Vegna ásakana ráðherrans um þöggunarkröfu af minni hálfu er rétt að hafa í huga að ég hef enga hagsmuni af því að þagga niður umræðu um þennan ágreining.

En heilbrigðisráðherrann getur ekki með rökum andmælt því að áframhaldandi andstaða hans við Alþjóðagjaldveyrissjóðssamvinnuna rýrir trúverðuleika fjármálaráðherra sem dag hvern þarf að halda uppi vörnum fyrir hana. Andstaðan er líka til þess fallin að draga úr trú manna á að nægjanleg samstaða sé í ríkisstjórninni til þess að fullnægja kröfum Alþjóðagjaldveyrissjóðsins um aðhaldsáðgerðir í ríkisfjármálum þegar til lengdar lætur.

Vel má vera að ráðherrann telji þetta nauðsynlegt lýðræðisins vegna. Í því felst hins vegar engin ný lýðræðishugsun, heldur pólitískur veruleiki sem oft hefur verið uppi í ríkisstjórnunum sem ekki eru einhuga. Ályktun mín um að þetta sé dæmi um veikleika standur því óhögguð.

Höfundur er fyrrverandi forsætisráðherra og ritstjóri.

# ÞROTABÚS SALA KLETTAGÖRÐUM 13

## LOKAÚTKALL

ALLT Á AÐ SELJAST - ÓTRÚLEGUR AUKAAFSLÁTTUR



Parket - Flísar - Innihurðir - Allt á baðið: Sturtuklefar - Baðkör - Blöndunartæki

### Kährs Alape clever

DEUTSCHE STEINZEUG AGROB BUCHTAL

**PERGO**  
Designed for Generations

**GESSI**

**ringo**

**ARIOSTI**  
HIGH-TECH

**SALONI**  
cerámica

**JUNCKERS**

**Casa dolce casa**  
Stone

**LAUFEN**  
bathrooms

**TERHURNE**

Opnunartímar  
allra síðustu dagar:

Miðvikudag kl. 10-18  
Fimmtudag kl. 10-18  
Föstudag kl. 10-18

# Porkell á betra skilið

## UMRÆÐAN

Margeir Pétursson gerir athugasemdir við grein Þorvaldar Gylfasonar

Það verður ekki hjá því komist að gera alvarlega athugasemdir við umfjöllun dr. Þorvaldar Gylfasonar prófessors í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag undir fyrirsögninni „Fjórar bækur um hrún“. Þar fjallar hann um nýja bók með eftirfarandi hætti: „Bók Þorkels Sigurlaugssonar, Ný framtíðarsýn, er af öðrum toga af



MARGEIR PÉTURSSON

kápunni að dæma. Þar fjallar eitt hvellasta gjallarhorn útrásarinnar um endurreisn efnahagslífsins og bætt viðskiptasiðferði. Ég hef ekki lesið bókina og hef því ekkert meira um hana að segja.“

Þetta er afskaplega ósanngjörn afgreiðsla sem ekki verður unáð við af hálfu þeirra sem þekkja til starfa og ferils Þorkels Sigurlaugssonar og hafa þar að auki lesið bók hans. Allt sem Þorkell hefur ritað undanfarna áratugi byggir einmitt á því að vanda þurfi mjög til stjórnunarháttanna fyrirtækja og byggja þurfi

þau upp á heilbrigðan hátt. Ég held að ekkert geti verið fjarlægara hans gildum en að hægt sé að ná í skjótfenginn gróða með því að stækka sem hraðast og skuldsetja sig sem mest.

Það var einmitt langtímahugsun Þorkels sem viðskiptalífið skorti mjög á árunum 2003-2008, þegar allt virtist svo auðvelt. Þorkell starfaði hjá Eimskip á níunda og tíunda áratugnum þegar félagið innleiddi nýja og agaðri stjórnunarhátti, sem mörgum urðu fyrirmynd. Hann hefur ávallt haft brennandi áhuga á stjórnun og stefnumótun fyrirtækja og verið ötull við að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Þorkell tók t.d. að sér að

Ég held að ekkert geti verið fjarlægara hans gildum en að hægt sé að ná í skjótfenginn gróða með því að stækka sem hraðast og skuldsetja sig sem mest.

koma að stjórnun ýmissa sprotafyrirtækja og ber þar hæst Marel og Össur, auk margra annarra. Í gegnum alla þá reynslu þekkir Þorkell manna best að það kostar mikið erfiði og fórnir að koma á fót fyrirtæki sem er arábært og veitir mörgum atvinnu.

Um svipað leyti og nýir menn með nýja síði tóku yfir rekstur

Eimskips söðlaði Þorkell um og hóf störf við Háskólann í Reykjavík. Hans viðhorf fóru líka úr tísku í nokkur ár, en nú er hans tími kominn eins og fleiri. Það er gott til þess að hugsa í núverandi erfiðleikum að ungt og metnaðarfullt fólk geti leitað í smíðju hans. Rit hans Ný framtíðarsýn er jákvætt og þarft innlegg í umræðuna um framtíð Íslands, sem allir ættu að kynna sér. Þorkell Sigurlaugsson þekkir mikið mótlati vegna fötlunar, en lætur það ekki á sig fá. Það eru þeir menn sem gefast ekki upp við andstreymi sem vert er að hlusta á núna.

Höfundur er stjórnarformaður MP Banka.

**VILTU EINTAK?**  
**EINN VINNUR PÁ ALLATÍÐ**

**SENDU SMS EST 3LV Á NÚMERIÐ 1900 - ÞÚ GÆTIR UNND EINTAK!**  
Fullt af aukavinningum: Tölvuleikir, DVD myndir, gos og margt fleira!

**KOMNIR Í ELKO!**  
**9. HVER VINNUR!**

**ELKO** [WWW.BREIK.IS/3GAMES](http://WWW.BREIK.IS/3GAMES) **breik.is**

199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

## Hönnun og list

### UMRÆÐAN

Ágúst Guðmundsson og Áslaug Thorlacius skrifa um hönnun og list

Talsverðar umræður hafa spunnist út af bókun okkar í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur út af vali á borgarlistamanni í ár. Eins og gjarnan gerist koma fram ýkjur og óftúlkánir, og rökræn niðurstaða nokkrum setningum síðar er sú að undirrituð séu óbærilega hrokafull og gjörræðisleg. Svona vill þetta nú oft verða í umræðum á Íslandi, fólk verður stóryrtara en það þarf að vera.

Þeir sem vilja setja list og hönnun undir sama hatt hafa ýmislegt til síns máls, og verði það krafa félagsmanna skulum við hafa forgöngu um að taka til athugunar nýja skipan á regnhlífar-samtökum þeim sem kallast Bandalag íslenskra listamanna og við erum í forsvari fyrir þessi misserin. Við getum meira að segja tekið undir með Goddi að sama sé hvaðan gott komi.

En rétt eins og okkur ber að tala fyrir okkar hagsmunasamtök, talar Goddur sem kennari í hönnunardeild Listaháskólans og er þar af leiðandi ekki óhlutdrægur aðili, frekar en rektor og deildarforseti sama skóla. Fríða á Mogganum er á hlutlausu svæði og kemur með ágæt rök. Það má vissulega spyrja: Er frábær fatahönnuður ekki jafnmikils virði og frábær listmálari? – og því mundum við seint svara neitandi, en jafnframt má spyrja á móti: Hver er ástæðan til þess að yfirleitt er verið að skilja á milli einstakra starfsstétta á þessu sviði?

Samtök listamanna hljóta að standa vörð um hagsmuni sína rétt eins og önnur stéttarfélög. Með



ÁGÚST GUÐMUNDSSON



ÁSLAUG THORLACIUS

harðfylgi hefur listamönnum tekist að ýta á ráðamenn til að fá reistar stofnanir utan um starfsemi sína, það eru til launasjóðir, sem líklega væru ekki björgulegir ef ekki hefði verið dugandi fólk í forystu fyrir samtökum okkar. Grunnurinn að þessu öllu er að litið sé á listamann sem atvinnumenn, hverja á sínu sviði. Orðið listamaður verður þannig í okkar augum starfsheiti, rétt eins og lækni, blaðamaður eða – hönnuður. Í almennu máli finnst orðið listamaður þó vissulega í merkingunni: einhver sem kann sitt fag, sem vinnur verk sitt vel.

Því má svo bæta við að á meðan hönnuðir líta gjarnan á sig sem listamenn, leyfist listamönnum ekki alltaf að líta á sig sem hönnuði, eins og nýleg samkeppni, Hönnun í anda Erró, ber vitni um. Þar liggja væntanlega einhverjar faglegar forsendur að baki – en sama gildir þá um bókun okkar í ráðinu. Og þeir sem saka okkur um óbilgirni ættu ekki gleyma því að Bandalagið samþykkti fyrir sitt leyti nú í vetur að

sérstakur sjóður verði stofnaður fyrir hönnuði í lögum um starfslaun listamanna.

Vitrænustu athugasemdirnar koma síðan frá Steinunni Sigurðardóttur borgarlistamanni sjálfri, þar sem hún hvetur til samvinnu og sátta. Vitaskuld kviðum við því að henni kynni að sárna bókunin, en aldrei var það ætlunin að gera lítið úr henni eða verkum hennar. Viðbrögð hennar eru henni og stéttinni allri til sóma. Þessi margverðlaunaði hönnuður er greinilega hátt yfir argaþrasið hafinn.

Ágúst Guðmundsson er forseti BÍL og Áslaug Thorlacius formaður SÍM.

# Góðir ferðafélagar í sumar

## Deuter bakpokarnir eru mest verðlaunuðu bakpokar seinni ára

### Deuter Aircontact Pro

Sá vandaðasti úr smíðju Deuter. Frábært stillanlegt burðarkerfi. Fáanlegur í ýmsum stærðum f. dömur og herra.



**70+15 L**  
Verð: 39.990 kr.  
**60+15 L**  
Verð: 48.990 kr.  
**55+15 L**  
Verð: 41.990 kr.

### Deuter Aircontact

Margverðlaunaður bakpoki! Góður í lengri ferðir. Vandað, stillanlegt burðarkerfi. Regnyfirbreiðsla. Fáanlegur í ýmsum stærðum f. dömur og herra.



**60+10 L**  
Verð: 29.990 kr.  
**65+10 L**  
Verð: 29.990 kr.  
**75+15 L**  
Verð: 32.990 kr.

### Deuter Futura

Okkar vinsælustu dagpokar! Með frábæru öndunarkerfi í baki. Regnyfirbreiðsla og ýmsar festingar. Fáanlegur í ýmsum stærðum.



**22 L**  
Verð: 16.990 kr.  
**28 L**  
Verð: 12.990 kr.  
**32 L**  
Verð: 19.990 kr.

Öll helstu merkin í bakpokum: TNF, Millet, Deuter, Osprey.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 24. júní 2009 - 25. tölublað - 5. árgangur

Veffang: visir.is - Sími: 512 5000 visir

**Sprotasjóðurinn Björk**  
Fjárfestingar  
hefjast fljótlega



**Fjármögnun fyrirtækja**  
Íslenskt atvinnulíf  
í öndunarvél



**Jafet Ólafsson**  
Grípa þarf til  
bankaáttaks



## Betri tíð í spilunum

Alþjóðabankinn spáir samdrætti upp á 2,9 prósent á heimsvísu á þessu ári. Á næstu tveimur árum snúi til betri vegar og muni hagvöxtur nema 3,2 prósentum árið 2011.

Samdrátturinn verður mestur hjá iðnríkjunum, þar af upp á 4,2 prósent á evrusvæðinu.

Hagfræðideild Landsbankans segir í umfjöllun sinni um málið í í gær að þrátt fyrir þetta séu vísbendingar um viðsnúning á næsta leyti. Meðal vísbendinga séu aukinn útflutningur í sumum löndum, aukin eftirspurn frá neytendum, væntanleg áhrif vegna örvandi aðgerða stjórnvalda auk þess sem gengishrun á hlutabréfamörkuðum sé víða að stöðvast, jafnvel að snúast við. Hagvísar séu á svipaðri leið, svo sem í Kína og í Bandaríkjunum. Innan annarra svæða, svo sem í nokkrum Evrópulöndum, sé enn engin batamerki að sjá.

Alþjóðabankinn segir í skýrslunni iðnríkin þurfa að verja þróunar- og nýmarkaðslönd með áframhaldandi fjármagnsflæði í stað þess að einblína á eigin vandamál. Minni fjárfestingar í þróunar- og nýmarkaðslöndunum leiði til samdráttar í útflutningi iðnríkjanna og því sé það hagur iðnríkjanna að verja hagkerfi þróunar- og nýmarkaðslandanna.



## Jómfrúarflugi seinkar

Bandaríski flugvélaframleiðandinn Boeing frestaði enn á ný afhendingu og jómfrúarflugi Dreamliner 787, nýjustu þotunnar sem flaggað hefur verið um nokkurra ára skeið sem helsta trompi fyrirtækisins.

Boeing gaf þá skýringu í gær að styrkja hefði þurft skrokk vélarinnar fyrir afhendinguna.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal benti á að þetta hafi verið í fimmta skiptið sem afhending fyrstu þotunnar dregst og sé hún nú tveimur árum á eftir áætlan.

Gengi hlutabréfa Boeing féll um níu prósent við upphaf viðskipta á bandarískum hlutabréfamarkaði í gær en fjármálaskýrendur telja tafarinn rýra trúverðuleika fyrirtækisins.

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Álverð sveiflast** | Verð á áli hefur sveiflast nokkuð á erlendum mörkuðum síðustu daga en það stóð í gær í rétt rúmum 1.600 dölum á tonnið. Í síðustu viku lá það í tæpum 1.700 dölum. Verðið hefur hækkað mikið síðan það lá í nokkurra ára lágmarki í byrjun árs.

**Kreppunni lokið** | Bandaríski kaupsýslumaðurinn George Soros segir það versta í fjármálakreppunni að baki og hvetur til að samræmdar reglur verði samdar til að hafa eftirlit með alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Verði það ekki gert muni kerfið hrynjá.



**Öbreyttir stýrivextir** | Vaxtaákvörðunardagur er í Bandaríkjunum í dag. Stýrivextir hafa verið keyrðir hratt niður vestan hafs í tæp tvö ár. Þeir liggja nú nálægt núlli og hafa aldrei verið lægri. Erlendir fjármálasérfræðingar telja líkur á að bankastjórnin boði öbreytta stefnu í vaxtamálum.

**Ákært í svikamáli** | Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur ákært fjóra í tengslum við fjársvikamyllu Bernards Madoff sem stóð í hálföld. Upp komst um málið um síðustu júl og er þetta umfangsmesta svikamál sem einstaklingur er talinn standa á bak við sem komið hefur upp. Hann á yfir höfði sér 150 ára fangelsisdóm.

**Öbreytt mat** | Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's segir í nýju áliti að Bandaríkin muni halda AAA-lánshæfiseinkunn sinni. Einkunnin kann þó að vera í hættu ef bandarískum stjórnvöldum tekst ekki að draga úr skuldum hins opinbera.

**NIB hagnast** | Norræni fjárfestingarbankinn hagnaðist um 91 milljón evra, jafnvirði sextán milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Mikil eftirspurn hefur verið eftir lánum bankans vegna fjármálakreppunnar og hafa þau nú aukist um fimm prósent frá í fyrra.

# Ekki útilokað að skila bönkunum

Hugmyndir um erlent eignarhald bankanna eru enn uppi á borðum. Komum bönkunum á legg með einhverjum hætti, segir fjármálaráðherra. Tímarammi FME er sagður tæpur.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Ekki er útilokað að einum eða fleiri bönkunum verði „skilað“ í hendur kröfuhafa, náist ekki samkomulag um verðmat á eignum sem fluttar voru úr þrotabúum gömlu bankanna yfir í nýju ríkisbankana. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru þeir til í skilanefndum bankanna sem telja farsælast að fara þessa leið, enda væri það þá á ábyrgð kröfuhafanna sjálfra að hámarka virði eigna sinna, draga myndi úr skuldbindingu ríkisins og áhættu við að standa í bankarekstri, auk þess sem á einu bretti fengist dreift erlent eignarhald á banka sem hér væru í rekstri.

Eftir sem áður þarf þó að leggja bönkunum til eigið fé, en sömu heimildir telja það úrvinnsluefni sem ekki ætti að trufla. Verðmæti gætu fengist með eignasölu úr þrotabúum þeim sem skilanefndirnar hafa yfir að ráða auk þess sem mögulega mætti taka lán hjá Seðlabankanum. Bent er á að slík leið hafi verið farin til að koma í veg fyrir brunaútsölu á bönkunum Kaupþings á Norðurlöndum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir enga möguleika hafa verið útilokaða við lokauppgerð við kröfuhafa bankanna, þótt hann vilji síður tjá sig um einstakar hugmyndir. „Allt er þetta í viðkvæmu samningaferli“, segir hann, en áréttar þó að vilji stjórnvalda til að opna fyrir eignarhald erlendra aðila að bönkunum hafi alltaf legið fyrir. „Er þá sama hvort það væru kröfuhafarnir eða aðrir, ef um það gæti samist á góðum kjörum. Og að mörgu leyti væri æskilegt ef traustir erlendir bankar gætu hugsað sér að gerast eigendur, eða meðeigendur, einhvers hluta bankakerfisins. En allt er þetta á þannig stigi að bara verður að koma í ljós hvernig viðræðunum lýkur“, segir hann og kveður ekki hægt að gefa sér á þessum tímamarki að málum verði lokað með stjórnvaldsákvörðun Fjármálaeftirlitsins, náist ekki samningar

fyrir sett tímamörk. „En með einhverju hætti þarf að fá botn í málið og ekki hægt að gefa sér að samkomulag náist. Vitalega hafa menn rætt þá stöðu og hvað gerast myndi í framhaldinu.“ Steingrímur segir hins vegar liggja fyrir að bönkunum verði með einhverjum hætti komið á fót. „Þeir verða fjármagnaðir og fá sinn efnahagsreikning þannig að það hætti að trufla þeirra starfsemi. En hvernig eignarhaldið verður nákvæmlega, það verður bara að fá að skýrast í lokin á þessu ferli.“

Samkvæmt heimildum Markaðarins er óvíst að niðurstaða fáist í viðræðunum vegna uppgjors á milli nýju bankanna og þeirra gömlu fyrir 17. júlí, en það er sú lokadagsetningu sem Fjármálaeftirlitið (FME) hefur sett. Í viðtölum við Markaðinn hafa fulltrúar skilanefnda sagt ágætán gang í viðræðunum nú, en engu að síður sé ferlið mjög tímafrekt og tímarammi FME mjög þröngur. Kröfuhafar liggja enn yfir gögnum, svo sem um verðmat eigna. Náist samkomulag á svo eftir að láta lögfræðinga koma því í endanlegt form og bera undir alla kröfuhafa til samþykktar. Heimildir blaðsins segja þetta ferli taka nokkrar vikur hið minnsta.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, vill þó ekki útiloka að samningar náist í tíma. „Það er þokkalegur gangur í þessu núna og ég er bjartsýnn á að við náum samkomulagi innan þessa frests, hvort sem það verður formlega undirskriftað og frágengið eða ekki.“

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, staðfestir að ekki verði veittir frekari frestir til þess að ná samkomulagi milli ríkisins og kröfuhafa bankanna. Hann segir alla möguleika hafa verið rædda um hvernig máluum kunni að lykta, hvort heldur það sé að afhenda kröfuhöfum banka, bjóða þeim eignaraðild með hlutafé eða með endurmati eigna síðar, en of snemma sé að tjá sig frekar um þá hluti. „Einhvern veginn verður þetta leyst“, segir hann.

## Kaupmáttur á enn eftir að rýrna

Launavísitalan gæti þó hækkað vegna nýs samkomulags á vinnumarkaði.

Kaupmáttur launa dróst saman um eitt prósent milli apríl og maí, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands.

Kaupmátturinn hefur þá lækkað um 10,6 prósent frá því að hann náði sögulegu hámarki í síðustu uppsveiflu í upphafi síðastliðins árs, að því er Greining Íslandsbanka bendir á í umfjöllun sinni í gær. „Hefur kaupmáttur launa ekki verið jafn lítill síðan í lok árs 2003. Reikna má með því að kaupmáttur eigi enn eftir að rýrna á komandi mánuðum“, segir þar.

Launavísitala í maí er 356 stig og hækkaði um 0,2 prósent frá fyrri mánuði.

Engu að síður má gera ráð fyrir því að launavísitalan hækki nokkuð á næstunni, að því er fram kemur í Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans, en þar er

vísað til samkomulags þess sem náðst hefur á vinnumarkaði um að almennir launataxtar muni að líkindum hækka um tæpar 6.750 krónur í næsta mánuði og aftur um sömu upphæð í nóvember. „Í kjarasamningi sem stærstu aðildarfélög ASÍ og Samtök atvinnulífsins gerðu með sér í febrúar 2008 var kveðið á um 18.000 króna launahækkun frá 1. febrúar 2008. Í mars 2008 hækkaði launavísitalan um 1,2 prósent á milli mánaða og í apríl nam hækkunin 0,9 prósentum en samningarnir komu ekki að fullu til framkvæmda fyrr en í apríl. Hækkunin var að stærstu hluta til komin vegna kjarasamnings ASÍ og SA og má því gróflega áætla að hækkunin nú skili sér í um 0,7 prósentu hækkun launavísitölu í júlí“, segir í Hagsjánni.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	0,0%	0,0%
Bakkavör	5,3%	-52,2%
Eimskipafélagið	0,0%	-20,0%
Føroya Bank	0,0%	1,2%
Icelandair	3,3%	-64,3%
Marel	-3,7%	-32,5%
Össur	2,8%	10,8%

Úrvalsvísitalan OMX115 262  
Úrvalsvísitalan OMX16 736

\*Miðað við gengi í Kauphöll í gær.

# Breytt skattlagning gæti kallað á skerðingu

Engu breytir fyrir launþega hvort greiðslur í lífeyrissjóð eru skattlagðar við innlögn eða útgreiðslu. Leiðin, sem er tillaga þingflokks Sjálfstæðisflokks að leið til að auka tekjur ríkisins, hefur hins vegar bæði í för með sér kosti og galla, líkt og fram kemur í úttekt Benedikts Jóhannessonar tryggingsstærðfræðings í efnahagsritinu Vísbendingu, sem hann bæði ritstýrir og gefur út.

Áætlað hefur verið að tekju- aukning ríkissjóðs við breytinguna gæti numið fjórtíu milljónum króna og segir Benedikt helsta kostinn fyrir launþega vera að

skattheimtan sé sársaukalaus nú. „Að vísu flækir dæmið að breytingar geta orðið á skattkerfinu, en eins og nú horfir fer skattþróenta væntanlega ekki lækandi á næstunni,“ segir í Vísbendingu.

Einnig flækir málið að búa þyrfti til tvöfalt lífeyriskerfi, þannig að hætt yrði að greiða í það fyrra um leið og iðgjöld yrðu skattlögð við innlögn. Þá er vísað til útreikninga um að með tilfærslunni þurfi síðar að finna aðra skattstofna eða bregðast við með einhverjum hætti til að taka á þeirri skerðingu skattstofna sem á sér stað þegar greiðslur hefjast



BENEDIKT JÓHANNESSON

úr lífeyrissjóðunum þar sem skattur hefur þegar verið innheimtur. Þá er bent á að lífeyrissjóðirnir komi til með að hafa minna til að fjárfesta með og þar með aukist mismunurinn í lífeyrissjóðakerfinu, því réttindi opinberra starfsmanna séu tryggð, hvernig sem árar í ávöxtun sjóða þeirra, meðan aðrir sjóðir þurfi að skerða réttindi ef illa fer. Aukin heldur

minnki möguleikar sjóðanna til að taka þátt í atvinnulífnum með því að fjárráð þeirra verða minni. Áhrif breytingarinnar gætu líka komið fram strax í að sjóðir sem ekki ættu fyrir skuldbindingum í gamla kerfinu þyrftu að skerða réttindi nú þegar.

Benedikt segir ljóst að hugmyndin hafi bæði kosti og galla, en kreppuástandið hljóti að leiða til þess að skipandi hugmyndir sem þessi séu grandskoðaðar. „Ekkert bendir til þess að þessi hugmynd sé sett fram af loddarahætti eða sem lýðskrum,“ skrifar Benedikt.

- óká

## Þrjú félög falla um stærðarflokk

Eftir verðfall hlutabréfa síðustu misseri og hrun bankakerfisins falla engin félaga Kauphallarinnar í flokk stórra fyrirtækja. Einingis þrjú ná því að teljast meðalstór og restin eru lítil félög.

Í endurflokkun félaga sem skráð eru í Nasdaq OMX Nordic kauphallirnar í byrjun vikunnar voru nítján félög færð niður um stærðarflokk. Þar á meðal eru íslensku hlutafélögin Bakkavör Group, Eimskipafélag Íslands og Icelandair Group. Þau voru í flokki meðalstórra félaga, en teljast nú til lítilla.

Einungis tvö félög af nítján, sænsku félögin JM AB og PA Resources AB, fóru úr því að vera stór í að vera meðalstór, en Samkvæmt skilgreiningu kauphallasamstæðunnar þarf markaðsvirði skráðra félaga að vera

einn milljarður evra hið minnsta til þess að þau geti talist stór (e. Large Cap). Lítil félög (Small Cap) eru þau sem eru undir 150 milljónum evra virði. Meðalstór félög (Mid Cap) eru svo þau sem eru þar á milli, yfir 150 milljónum evra, en undir milljarði.

Þrjú félög á aðallista Kauphallarinnar hér ná því að vera yfir 150 milljónum evra að stærð, en það eru Össur, Marel Food Systems og Føroya banki. 79 félög á Nasdaq OMX Nordic halda hins vegar flokki sínum meðan á sonefndu breytingartímabili stendur, eða í tólf mánuði og verður þá lagt mat á það á ný hvort þau verði flutt um flokk. Þetta er gert til að lágmarka sveiflur á listanum. Þannig eru Eik Banki og Atlantic Petroleum enn skráð í flokki meðalstórra félaga, þótt markaðsvirði

AÐALLISTI NASDAQ/OMX ICELAND	
Fyrirtæki ISK *	EUR*
Össur 46.953	262,6
Marel 32.407	181,2
Føroya Banki 29.400	164,4
Alfesca 24.686	138,1
Eik Banki 17.364	97,1
Atlantic Petroleum 13.103	73,3
Nýherji 5.600	31,3
Icelandair 4.750	26,6
Atlantic Airways 4.074	22,8
Bakkavör 2.741	15,3
Eimskipafélagið 1.877	10,5
Sláturfélagið (B) 200	1,1
<b>Alls 183.155</b>	<b>1.024</b>

\*Í milljónum króna/evra

þeirra sé nú undir settum mörkum. - óká



BALDUR MÁR HELGASON Allt um Björk vekur athygli erlendis, ekki síst þegar nafn tónlistarkonunnar tengist íslenskum sprotafyrirtækjum, segir sjóðsstjóri sprotasjóðsins Bjarkar.

MARKAÐURINN/VILHELM

## Fljótlega fjárfest

### úr Bjarkarsjóði

Sjóðsstjóri sprotasjóðsins Bjarkar segir erlenda fjárfesta hafa áhuga á íslenskum srotafyrirtækjum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

„Við höfum fengið 75 viðskipta-áætlanir frá frumkvöðlum inn á borð til okkar, hitt um helming þeirra og rætt við fjárfesta,“ segir Baldur Már Helgason, sjóðsstjóri frumkvöðla- og srotasjóðsins Bjarkar hjá Auði Capital.

Sprotasjóðurinn var kynntur til sögunnar fyrir júl í fyrra og er hann nefndur eftir tónlistarkonunni Björk Guðmundsdóttur. Sjóðurinn hefur frá upphafi stefnt að því að fjárfesta í srotafyrirtækjum með vaxtarmöguleika fyrir samtals tvo til 2,5 milljarða króna.

Auður Capital lagði honum til hundrað milljónir króna og hefur síðan þá leitað jafnt til áhugasamra einstaklinga og fagfjárfesta, lífeyrissjóða, eftir innleggi í sjóðinn.

Upphaflega stóð til að ljúka fjármögnun sjóðsins í apríllok. Baldur segir áhrifandi í íslensku efnahagslífi hafa ráðið miklu um að verkefnið hafi tafist. Erlendir fjárfestar hafi sýnt honum mikinn áhuga í upphafi. „Allt um Björk vekur athygli erlendis. Við höfum haldið þeim upplýstum um ferlið. En vegna óvissu um gjaldþrotahöftin er ekki augljóst hvernig hægt er að koma nýrri fjárfestingu inn í landið,“ segir hann og bendir á að viðræður hafi staðið yfir við bæði Seðlabankann og aðrar opinberar stofnanir vegna áhuga

erlendra fjárfesta á íslenskum srotafyrirtækjum.

Nú hillir undir að srotasjóðurinn Björk taki til starfa. Baldur reiknar með að það geti orðið á næstu vikum.

Lægsta fjárhæðin sem fjárfest er fyrir nemur 25 milljónum króna en hámarkið ræðst af stærð sjóðsins hverju sinni og getur numið allt upp undir fimmtán prósentum af stærð hans. Miðað við tveggja milljarða sjóð getur hámarksfjárfesting numið þrjú hundruð milljónum króna.

„Við höfum séð tækifæri í heilbrigðisgeiranum, í tækni og hugbúnaðargerð, hönnun, skartgripahönnun, fatahönnun og fyrirtækjum sem nýta endurnýjanlega orku með nýjum hætti hvort heldur er til eldsneytisframléiðslu eða í pappírgerð,“ segir Baldur og viðurkennir að það hafi komið honum á óvart að flest fyrirtækjanna hafi komist á koppinn síðastliðin fimm ár.

Baldur gerir ráð fyrir að forsvarsmenn srotasjóðsins skoði hátt í þrjú hundruð srotafyrirtæki á næstu þremur árum. Fjárfest verður í um fimmtán til tuttugu þeirra fyrirtækja á árabílinu. Miðað við þetta fjárfestir Bjarkarsjóðurinn í fimm prósentum þeirra fyrirtækja sem skoðuð eru á tímabilinu. „Reynsla erlendra nýsköpunarsjóða sýnir að af tuttugu srotafyrirtækjum munu tvö til þrjú ganga mjög vel. Síðan eru nokkur sem munu ganga samlega en önnur síður,“ segir Baldur að lokum.

**Costa del Sol 30. júní**  
**frá kr. 69.990 - 2 vikur**  
**- með eða án fæðis**

### Aðeins örfá sæti & íbúðir á þessu kjörum!

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætum til Costa del Sol þann 30. júní í 2 vikur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókast sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Bjóðum einnig frábært sértíloð, með eða án fæðis, á Aguamarina íbúðahótelinu, einum af okkar allra vinsælustu gistingu á Costa del Sol. Ath. aðeins örfáar íbúðir í boði. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga á ótrúlegum kjörum.

### Ótrúlegt sértíloð - Aparthotel Aguamarina \*\*\*

Verð kr. **69.990** - 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 2 vikur. Stökktu tilboð 30. júní. Aukalega fyrir hálf fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.

Verð kr. **79.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 í stúdíó / íbúð í 2 vikur. Sértíloð tilboð 30. júní. Aukalega fyrir hálf fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.



Veldu traustan ferðafélaga í sumar!





# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM



**30%**  
AFSLÁTTUR!

## HÁGÆÐA AMERÍSK FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI

Í Rekkjunni færðu hágæða amerísk fjölstillanleg rúm við þitt hæfi, allt frá einföldustu rúmunum upp í rúm sem standast væntingar hinna kröfuhörðustu, t.d. með færanlegum sleða í botninum (sem gerir þér kleift að nýta ljósið frá náttlampanum í öllum stillingum), þráðlausri upplýstri fjarstýringu, nuddi með minni, straumrofi við mótör, minni á uppáhaldsstillingu o.fl.

Þegar velja skal rétta dýnu í stillanlega rúmið finnurðu hana í Rekkjunni. Úrvalið er mikið; þrýsitjöfnunarsvampsdýnur, pokagormadýnur og hágæða dýnur úr Talalay-Latexi með áklæði úr lífrænt ræktuðum bómul o.fl. Sjón er sögu ríkari.

### S-Cape

- S-Cape er einn öflugasti færanlegi stillanlegi botninn í dag.
- Botninn er á sleða svo þú nýtir ljósið á náttbordinu.
- Allt í grindinni, sem ekki er úr stáli, svo sem festingar, fódringar og lídamót, er úr næloni.
- Hjóldlátir og öflugir mótörar.
- 3 mm tvíhert stálgrind undir botninum.
- Tveir mótörar, einn fyrir fætur og annar fyrir bak - mikill kraftur og styrkur.
- Ljós er í fjarstýringunni svo hægt sé að nota hana í myrkri, einnig er fjarstýringin þráðlaus.
- Nudd er í botninum sem örvar blóðrásina og minnkar þjágmyndun á líkamanum.
- 10 ára ábyrgð á mótör og 12 ára ábyrgð á grindinni.
- Hægt er að vista sína uppáhaldsstöðu á rúminu og eru 3 vinsælar stöður þegar vistaðar.
- Lítil sem enginn straumur er á mótörnum þegar ekki er verið að ýta á takka á fjarstýringu.
- Ef rafmagn skildi fara af heimilinu þegar þú ert í uppréttri stöðu fer rúmið sjálfkrafa niður í svefnstöðu.



### S-CAPE

Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)  
Verð frá 821.114 kr.

**Verð nú frá  
574.480 kr.**

### WALLHUGGER

Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)  
Verð frá 676.114 kr.

**Verð nú frá  
473.279 kr.**

## ÞRÝSITJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM

**30%**  
AFSLÁTTUR



ÞRÝSITJÖFNUNAR-  
SVAMPSRÚM  
(Queen size 153x203)  
Verð frá 165.500 kr.

**Verð nú frá  
115.850 kr.**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

rekkjan



BYGGINGARKRÖNUM BEINT ÚT Í BLÁINN Aðstæður í fyrirtækjarekstri hér á landi eru erfiðar um þessar mundir. Ekki er ljóst hvert stefnir á næstu misserum.

MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

# Íslensk fyrirtæki í öndunarvél

Fjármögnun fyrirtækja hér á landi er mjög erfið um þessar mundir. Viðmælendur Markaðarins sögðu í samtali við Jón Aðalstein Bergsveinsson útlit fyrir að aðstæður ættu eftir að versna enn frekar yrði ekki gripið til trúverðugra aðgerða.

Allir eru að bíða. Bankakerfið yfir á undan sér stórum ákvörðunum sem vinda endalast upp á sig. En enginn tekur ákvörðun um það sem þarf að gera," segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Samtökin sendu í gær frá sér harðorða ályktun þar sem segir að verktakastarfsemi landsins sé að blæða út. Niðurskurður í vegagerð sé reiðarslag og skora samtökin á ríkisstjórnina að taka boðaðan niðurskurð í samgöngumálum upp á tólf milljarða króna til endurskoðunar.

Þá er varað við framkvæmdastoppi við núverandi aðstæður enda eigi að halda framkvæmdastigi í horfinu í lengstu lög.

Samtök iðnaðarins benda á í ályktun sinni að á árum áður hafi á bilinu tíu til tólf þúsund manns starfað við mannvirkjagerð. Nú stefni fjöldinn niður í fjögur þúsund manns. Þótt niðurskurður sé óumflýjanlegur um þessar mundir sé óþolandi að hann bitni allur á mannvirkjagreinum.

Bent er á að með niðurskurðinum megi búast við að gjaldprotum fyrirtækja, ekki síst verktakafyrirtækja, muni fjölga á næstunni, fjöldi fólks bætast við þær þúsundir



FINNUR ODDSSON



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

sem þegar hafi misst vinnuna síðustu mánuði hjá fyrirtækjum á borð við Ístak, ÍAV, Loftorku, Hlaðbæ-Colas, Klæðningu, Hektar, Háfelli, Ásbergi og Nesprýði. Fyrirtækin bíði öll skýrra svara fyrir mánaðamót í næstu viku. Fyrir þann tíma þurfi að taka ákvarðanir um framtíð mörg hundruð starfsmanna fyrirtækjanna.

Jón Steindór, líkt og aðrir þeir sem Markaðurinn hefur rætt við um íslenskt atvinnulíf síðustu misseri, vitnar til viðbragða Görans Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svía og þeirra ráða sem stjórnvöld þar notuðu þegar sænska fjármálakerfið fór á hliðina í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Viðbrögðin voru snörp öfugt við það sem hér hefur viðgengist.

„Það verður að horfast í augu við vandann og gripa strax til aðgerða. Við tókum hins vegar plásturinn af hægt og rólega, það er verra," segir hann og leggur áherslu á að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Takist það ekki fljótlega geti vandinn orðið dýpri og erfiðari en ella.

#### ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

„Aðstæður eru ekki góðar," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Útlánsvextir bankanna eru allt of háir og enginn sérlega áhugasamur um að taka lán á þeim kjörum sem bjóðast." Hann bætir við að fá fyrirtæki standi undir slíkum byrðum.

Finnur segir fjármögnunarbörf atvinnulífsins allnokkra á næstu mánuðum. Ekki sé ljóst hvernig henni verði mætt nema með þeim afarkostum sem bjóðist.

„Það er mikilvægt að fá fjármagn inn í atvinnulífið svo svigrúm verði til fjárfestinga og ráðninga á starfsfólki. Til að það verði að veruleika þarf að lækka stýrivexti verulega. Ljóst er að uppfylla þarf ákveðnar forsendur svo hægt sé að lækka vexti, en þar liggur boltinn hjá stjórnvöldum," segir hann og bætir við að ljúka þurfi trúverðugri

áætlun um fjármál hins opinbera og ljúka endurskipulagningu bankakerfisins.

„Frumvarpið sem nú liggur fyrir vegna ríkisfjármála veldur nokkrum vonbrigðum, sérstaklega að álögur á fyrirtæki og heimili eru auknar en ekki verulega gengið fram í niðurskurði á útgjöldum hins opinbera þar sem svigrúm ætti að vera til þess í ljósi útþenslu undanfarinna ára. Þó er jákvætt að verið er að búa til ákveðinn sjóndeildahring og framvindan að skýrast. En við núverandi aðstæður munu fyrirtæki landsins halda að sér höndum og þá teygist á niðursveiflunni," segir Finnur Oddsson.

Þar eru sömuleiðis ákvæði sem gera fjármögnun íslenskra fyrirtækja enn erfiðari, svo sem hugmyndir um ádráttarskatt á erlendar vaxtagreiðslur, að hans sögn.

#### AUKNAR ÁLÖGUR Í FARVATNINU

Allir viðmælendur Markaðarins eru samála um að álögur hins opinbera séu að sliga fyrirtæki landsins.

Þótt stýrivextir hafi mjakast niður séu þeir enn mun hærri en í samkeppnislöndunum og verji stjórnendur fyrirtækja of miklum tíma í varnarstöðu í afleitu rekstrarumhverfi. Fyrirtæki landsins, sem



## Barcelona 26. júní frá kr. 19.990

### Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábær sértílböð á flugi til Barcelona 26. júní. Griptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að gleymsdu fjörgu strandlífi og endalasu úrvali veitingastaða og verslana.

Verð kr. **19.990**  
Netverð á mann. Flugsæti  
aðra leið með sköttum  
(KEF-BCN). Sértílböð 26. júní.  
Ath. aðeins örfá sæti á  
þessu sértílböði.

Verð kr. **39.990**  
Netverð á mann. Flugsæti  
báðar leiðir með sköttum.  
Sértílböð 26. júní. Ath. aðeins  
örfá sæti á þessu sértílböði.



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



**STRÁHATTAR** sáust víða á sumarsýningum tískuhönnuða fyrir þetta árið enda einstaklega sumarlegir á að líta. Stráhattar fást í ýmsum útgáfum en á sumarsýningarpöllum voru þeir bæði grófofnir sem og finlegir og glæsilegir.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



**friendtex**

## ÚTSALA

Nú er gaman!  
**DÚNDUR ÚTSALA!**

Opið mán. - fös. frá kl. 11:00 - 18:00  
Laugardaga frá kl. 11:00 - 16:00

Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík,  
sími: 568 2870 - www.friendtex.is



„Hvert okkar las um eitt svæði,“ segir Sonja Sófusdóttir og kveðst hafa kynnt sér allt um Taíland áður en þangað var haldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

## Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

kr.15.990.-  
viðbótareining kr. 10.527.-

Þessar hillur geta allir sett saman  
Skrúfufrítt og smellið saman

**Ísold ehf.**  
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

## Átum einu sinni snák

Sex nýtskrifaðir skólafélagar úr Versló ferðuðust umhverfis jörðina á 113 dögum síðasta vetur. Ein þeirra var Sonja Sófusdóttir, nú flokksstjóri í Fossvogskirkjugarði, sem fór í huganum sama hring og sagði frá.

„Við hófum ferðina á því að fljúga til London og þaðan til Los Angeles og San Francisco. Vorum í Bandaríkjunum rúma viku og kíktum meðal annars í þáttinn til Jay Leno. Héldum svo til Nýja-Sjálands, leigðum okkur húsbíl og keyrðum á honum um báðar eyjarnar. Ástralía var næst. Þar vorum við í þrjár til fjórar vikur og leigðum tvo minni bíla sem við ókum á um austurströndina, frá Sydney til Cairns. Flugum þaðan til Singapúr og dvöldum í nokkra daga, svo til Kúala Lúmpúr í Malasíu og í lest þaðan til Taílands. Ferðuðumst norður eftir landinu og fórum þaðan yfir til Laos, Víetnam og Kambódíu og svo til

Bangkok í Taílandi aftur. Kíktum til Íslendinga sem búa í Hong Kong og tókum bát á litla spilavítaeyju fyrir utan Kína sem heitir Macau. Þar dvöldum við síðustu nóttina í Asíu á fimm stjörnu hóteli. Flugum síðan frá Hong Kong til London og þaðan til Íslands.“

Þegar haft er orð á að enginn kreppustíll hafi verið á þessu ferðalagi hlær Sonja. „Nei, en gengið fór ekkert allt of vel með okkur. Ferðin var skipulögð fyrir kreppu og fyrirtæki í Bretlandi, Global Village, aðstoðaði okkur við að panta flug, bíla og vegabréfsáritanir. Að öðru leyti gerðum við það sem okkur datt í hug. Hvert okkar las um eitt svæði. Þá vorum við með einhvern

grunn á hverjum stað en auðvitað kom margt á óvart. Allt gekk samt rosalega vel og þar sem enskan dugði ekki var gripið til táknaðs.

Við gistum í bílunum í vegarköntum eða úti í móa, svo nýttum við okkur næturlestir og -rútur til að spara gistingu og lentum aldrei í veseni. Fæðið í Asíu fór samt illa með einn félagann, sem léttist um sextán kíló á einum og hálfum mánuði. Við hin staupuðum okkur á koniaki ef okkur fannst maturinn grunsamlegur. Einu sinni átum við snák. Okkur leið ekkert vel í maganum daginn eftir en vitum ekki hvort það var vegna snáksins eða hrísgrjónavinsins sem sötrað var með.“

gun@frettabladid.is

## ALLT HELGIN

**1**

### -15%

**SMURVINNA**

afsláttur af vinnu við smur!



**BÍLKÓ**

**2**

### Tilboð

**BÓN OG ÞVOTTUR**

Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!



**3**

### -15%

**DEKK**

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!



ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# TÍSKA

**LITRIKIR SKÓR**, sokkar, bakpokar og aðrir fylgihlutir hafa verið áberandi á herratískuvíkunni í Mílanó sem nú stendur yfir. Þar á meðal eru þessir bleiku skór sem gætu gefið fyrirheit um það sem koma skal.



## Herraskór úr leðri



Stærðir 41-46  
Verð 6.885 kr.



Stærðir 40-45  
Verð 5.885 kr.

### Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070  
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14  
www.misty.is


## ALLT MATUR

Leitið upplýsinga  
hjá sölufulltrúum;

Jóna María  
512 5473

Hugi  
512 5447

Gelneglur með einkennismerki Naglaskólans, hínu djúpa brosi. Svo eru tvær stiletto-neglur með skrauti.



## NÝKOMNIR AFTUR OFUR VINSÆLU AÐHALDS BOLIRNIR



teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X  
Litir: Svart / hvítt / húðlitt, verð kr. 5.850,-"

### Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf  
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366  
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau: lokað  
www.misty.is

## Fagrir og fínlegir fingur

Í Naglaskóla Snyrtiakademiunnar fer fram áhugavert starf. Þar læra nemendur að setja á gelneglur, mála þær og skreyta á listrænan hátt. Hjördís Lilja Reynisdóttir sýnir hvernig vel gerðar neglur eiga að líta út.

„Þessar neglur eru mjög dæmigerðar fyrir þær sem við kennum í skólanum en svo bætti ég við tveimur nöglum sem ég setti skraut á og hafði aðeins öðruvísi í laginu,“ segir Hjördís Lilja Reynisdóttir, kennari við Naglaskóla Snyrtiakademiunnar. Hún segir slíkar gelneglur hafa orðið mjög vinsælar hin síðari ár.

„Við leggjum mikla áherslu á að kenna nemendum okkar þetta djúpa brosi en það er mun erfiðara en að mála þær línu,“ segir Hjördís og á þar við lagið á hinni hvítu rönd naglanna. „Þetta er nokkurs konar einkennismerki okkar,“ segir Hjördís og bætir við að þessa tækni þurfi naglafræðingar að kunna vilji þeir keppa úti í heimi.

En tekur langan tíma að setja slíkar gelneglur á? „Ef maður er í góðri þjálfun tekur þetta einn og hálfan til tvo tíma,“ svarar Hjördís og segir allan gang á því hve langar neglur konur vilji hafa. „Það má venjast öllu, sumum gengur mjög vel að venjast því að vinna með langar neglur en aðrar vilja bara hafa þær mjög stuttar,“ segir Hjördís og telur það gefa höndunum vissan hreinleika að hafa á þeim hvítar línur.

Er þetta ekkert vont fyrir neglurnar? „Við kennum nemendum okkar að bera virðingu fyrir náttúrulegu nöglinni. Neglurnar eiga að koma undan gelinu eins og þær voru þegar þær fóru undir það. Þær eru ekki þynntar og gelið fer beint ofan á þær,“ útskýrir Hjördís og tekur fram að ráðleggja eigi öllum viðskiptavinum að láta naglafræðinga taka neglurnar af.

Hjördís segir konur ekki aðeins fá sér gelneglur við sérstök



Allar þessar neglur eru úr smiðju Hjördísar.



Listilega skreyttar neglur.



Hjördís Lilja Reynisdóttir er kennari við Naglaskólann. Hún segir vinsældir gelnagla hafa aukist mjög síðustu árin.

FRÉTTABLAÐID/ARNPÓR

tækifæri. „Flestar sem byrja í nöglunum halda áfram og eru jafnvel með þær í mörg ár,“ segir hún en þær konur sem eru með slíkar neglur þurfa að koma í lagfæringu á þriggja til sex vikna fresti.

Allar neglurnar sem sjást á myndunum eru eftir Hjördísi sjálfa, þar á meðal þær skrautlegu með blómunum. „Við kennum nemendum okkar að búa til skraut, setja steina og annað slíkt,“ segir Hjördís en vinsældir slíkra útúrðúra aukast sífellt. „Fyrir nokkrum árum voru konur svolítið ragar við þetta en eru að taka við sér,“ segir Hjördís og telur Íslendinga vera mun íhaldssamari í þessum efnun en fólk í nágrannalöndunum.

Bládamaður innir hana þá eftir oddmjóu nöglunum. „Þessar neglur kallast stiletto-neglur og hafa verið í tísku síðasta árið. Flestar fá sér slíka aðeins á eina nögl, og þá oft á nöglina á litla fingri.“

solveig@frettabladid.is



Ermar  
4.900 kr.

- Margir litir - Mismunandi síddir

Kjóll  
10.900 kr.

Fleiri snið og litir.

Leggings  
1.990 kr.

- Margir litir



Bæjarlind 6, sími 554-7030  
Opíð virka daga 10-18. Opíð laugard. 10-16  
Eddufelli 2, sími 557-1730  
Opíð virka daga 10-18. Opíð laugard. 10-14

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

**AKSTURSÍPRÓTTAKLÚBBURINN START** heldur á laugardaginn þriðju umferð Íslandsmótsins í torfæru og fer keppnin fram á Egilsstöðum. Keppnin hefst klukkan 13 og eru áætluð keppnislok klukkan 17. Sjá [www.ba.is](http://www.ba.is).

# Á FERÐINNI



Kristrún segir marga fara í lengri ferðir, allt upp undir ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Sabine upplýsir að styttri ferðir, frá tveimur upp í fjóra mánuði, séu vinsælar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Þórarinn segir að verkefnið vari frá tveimur vikum upp í þrjú mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Bílaleigubílar Sumarhús í Danmörku**

**Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.**

**Frá dkr. 2500,- vikan**

**Innifalið í verði;** ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum). Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun. Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.

**DanCenter**

Sumarhús  
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

**Danland**

Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á [www.fylkir.is](http://www.fylkir.is)

**FYLKIR.IS**  
FERDASKRIFSTOFA  
— Bestir í Danmörku

Sími 456 3795 - 896 3745

## Ungt fólk ferðast enn til útlanda

Mikið hefur verið rætt um það undanfarna mánuði að Íslendingar ferðist innanlands í sumar frekar en að fara til útlanda. Ungt fólk virðist þó ekki láta þá umræðu hafa áhrif á ferðaplön sín.

„Bankahrunið hefur ekki hindrað ungt fólk. Mér finnst fleiri sækja út núna en fyrir ári þegar við byrjuðum með verkefnið,“ segir Kristrún Sveinsdóttir, verkefnastjóri hjá Nínukoti. Þessari fullyrðingu er Þórarinn Ívarsson, formaður Veraldarvina sammála. „Við finnum líka fyrir aukningu frá því fyrir ári.“

Nínukoti býður sjálfbóðaliðastörf víða um heim auk svokallaðra work&travel-verkefna og au

pair-staða en Veraldarvinir bjóða upp á fjölbreytt verkefni um heimin.

Sabine Leskopf, framkvæmdastjóri Alþjóðlegra ungmennaskipta, AUS, sem býður fjölbreytileg sjálfbóðaliðastörf, og Kristrún eru þó sammála um að eftirspurn eftir ferðum hafi aðeins minnkad þegar bankakreppan skall á í haust. „Það var orkuleysi í fólki og í nokkra mánuði var lífíll áhugi. Eftir áramótin hefur eftir-

spurnin aukist rosalega þannig að ferðirnar eru orðnar jafn vinsælar og fyrir ári,“ útskýrir Sabine.

Sabine segir að líkleg ástæða fyrir vinsældunum sé atvinnuástandið á Íslandi. „Atvinnuarkaðurinn hefur hingað til verið þannig að fólk fékk starf næstum sama hvað það hafði fram að færa. Nú gæti þróunin verið sú að sýna þarf fram á hvað fólk hefur gert umfram skyldunám og því nýttist þetta á ferilskránni.“

Hvaða staðir eru vinsælastir? Sabine segir það vera Afríku og Suður-Ameríku. „Hjá Nínukoti eru vinsælustu verkefni í Bandaríkjunum, Ástralíu og á Spáni,“ upp-

lýsir Kristrún og Þórarinn tekur við og segir að Kórea hafi komið sterk inn ásamt Evrópulöndum.

Aðspurð segja Þórarinn, Sabine og Kristrún algengt að fólk ferðist eftir að verkefnunum ljúki. „Margir nýta tækifærið og skoða landið annað hvort áður en verkefnið hefjast eða eftir að heim lýkur,“ segir Kristrún og Þórarinn samsinnir því. „Fólk vinnur verkefnið og í framhaldinu fara langflestir í ferðalög á eigin vegum.“ Sabine grípur orðið og segir: „Fyrst fólkið er hvort sem er komið á staðinn þá nýtir það sér mjög oft nokkrar vikur í viðbót til að ferðast.“ [maria@frettabladid.is](mailto:maria@frettabladid.is)

## Allt í húsbílinn...

...í settum fyrir handlagna



**Gasmiðstöðvar  
1900 - 2800W**



**Vatnshitarar  
13L gas / 220V**



**Sólarsellusettt í úrvali.**

Rótor ehf býður upp á viðgerðarþjónustu á rafbúnaði húsbíla og vagna ásamt uppsetningu og tengingu á þeim búnaði sem við seljum á einu besta þjónustuverkstæði landsins.

**rotor**

20 ára  
1989 - 2009

VERSLUN / VERKSTÆÐI  
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður  
Sími 555 4900

**Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið**



Viðgerðir



Kælikápar



Reiðhjólgrindur



Ferðasalerni



Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á [www.rotor.is](http://www.rotor.is). lang - stærsti húsbílavefurinn

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
[rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is)

**GLÓFAXI HF.**

Armúla 42 - Sími 581 2900  
[glofaxi@simnet.is](mailto:glofaxi@simnet.is)

**Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**Tupperware**

**LAGERSALA OPIÐ HÚS**

**Tupperware á Íslandi í 20 ár!**

Af því tilefni verður lagersala í Háholti 23, Mosfellsbæ dagana 24. og 25. júní kl. 13:00-19:00

Góð tilboð - Mikið úrval af útileguvörum!  
Upplýsingar um Tupperware sölustarfið

**Allir velkomnir!**

Mirella ehf - Tupperware umboðið á Íslandi  
Háholt 23, 270 Mosfellsbær  
sími: 586 8050 fax: 586 8051 netfang: [mirella@simnet.is](mailto:mirella@simnet.is)

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á [visir.is](http://visir.is)

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

Afgreiðslan er opin:  
alla virka daga **8-17**

## BÍLAR & FARATÆKI



Peugeot 207 SW S16, 04/2008 Ekinn 12þús. bsk, Glerþak, Verð 2.790.000.- áhv. Lán 1.238.000.-



Nissan Navara 2.5 LE Double Cab Diesel, 03/2007 Ekinn 42þús. Sjálfskiptur, dráttarkrókur, pallhús, Verð 3.590.000.-



Toyota Yaris Terra VVTi, 08/2007 Ekinn 14þús. bsk, Verð 1.750.000.-

**Bílahöllin**  
Bíldshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
[www.bilahollin.is](http://www.bilahollin.is)



### Einstakt tækifæri!!!

Til sölu nýtt og glæsilegt heilsárshús á besta stað í Borgarfirði! Stærð 60m2 með 20m2 svefnlofti. Ásett verð 17.9m. Skipti möguleg. Frekari upplýsingar í síma 899 3715.

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð virka daga 10-18 laug. 12-16.  
[www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)



**HÖFÐABÍLAR**  
...þar sem bílar seljast



TABBERT DAVINCE 700KD. KOIUHÚS. Árgerð 2006, Aldikefti hiti í gólf, sólarsetla og fleira. Verð 3.850. þús Rnr.102062

**Höfðabílar**  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
[www.hofdabilar.is](http://www.hofdabilar.is)



Pit Bike 125cc Xmotos 2 litir Verð 180,000.- Tilboð 149.000.-



Dirt bike Xmotos 250cc 2 litir, stillanlegir demparar, framan og aftan upp side down verð 278,000.- Tilboð 249.000.-



Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins 298,000.- með skráningu.



Aðeins nokkrar eftir !! Ótrúleg vespa Admiral 125 cc á 16" dekkjum sem gefur möguleika að keyra í möl. Ótrúlegur Kraftur. Til í 2 litum. Kassi fylgir með. Verð aðeins 358,000.- með skráningu.



Ítaliskt hannaðar vespur 125cc Svartar og Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000.- með skráningu.



Vespur nýkomnar City Runner Ítaliskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar, svartar- silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn ál plötur á gólf. Kassi fylgir með. Verð aðeins 245,000.- með skráningu.

**Mótorsport ehf**  
Síðumúla 34, 108 Reykjavík  
Sími: 567 1040  
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum  
[www.motorogsport.is](http://www.motorogsport.is)



Vegna miklar eftirspurnar óskum við eftir felihýsum og hjólhýsum á sölu-skrá og á planið hjá okkur.



Óskum eftir Toyota Hilux bílum. Árgerðir 1988 til 2001. Bensín eða Dísel skiptir ekki máli. Erum með kaupendur. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á [toyotaselfossi@toyotaselfossi.is](mailto:toyotaselfossi@toyotaselfossi.is)



Óskum eftir Toyota Hiace bílum. Árgerðir 1990 til 2000. Bensín eða Dísel skoðum bæði. Erum með kaupendur. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á [toyotaselfossi@toyotaselfossi.is](mailto:toyotaselfossi@toyotaselfossi.is)



Óskum eftir Toyota Corolla bílum. Árgerðir 1991 til 2001. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á [toyotaselfossi@toyotaselfossi.is](mailto:toyotaselfossi@toyotaselfossi.is) Einnig erum við tilbúnir til að kaupa Toyotu bíla frá 0 til 500.000 kr.

**Toyota Selfossi**  
Fossháls 14, 800 Selfoss  
Sími: 480 8000  
<http://www.toyotaselfossi.is>



**Vantar bíla á skrá og á staðinn. Góð Bilasala.**

**Bifreiðasalan**  
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík  
Sími: 577 4400  
[www.bifreidasalan.is](http://www.bifreidasalan.is)



**TILBOÐ 990.þ stgr**  
KAWASAKI VN 1500 VULCAN CLASSIC árg 2003, ek 26.þ km, Gler, Hliðartöskur, Opíð púst, Fótstíg, Fallgett hjól, Verð 1.290.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

**Arnarbílar ehf**  
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
[www.arnarbilar.is](http://www.arnarbilar.is)



DODGE RAM 2500 QUAD CAB 4X4 árg. 2006, ek. 44þús.km, 37" breyttur, bensín, 346 hó, sjálfsk., loftdæla, bedslider omfl, Velbúinn bíll, Ásett 3990þús.kr, Tilboð 3490þús.kr, ákv .3150þús.kr.

**100 bílar ehf**  
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)



BMW 320 Diesel E90 8/2005 Ek.145 þkm. Bsk, leður, álfelgur, CD. Verð 2.950.- Skoðar skipti.



Subaru Legacy Wagon 2004 Ek. 130 þkm. Sjálfsk, 17" álf, CD. 100% þjónusta. Tilboð 1.380. Stgr.



BMW X5 2007 4.8l Sport Ek. 55 þkm. Leður, 20" álfelgur, Panorama þak, Xenon. Einn með ÖLLU. Verð 9.880.- Skoðar skipti



Citroen C4 1600 Sjálfskiptur. 5/2007 Ek. 54 þkm. CD, þjónustubók. Verð 1.980.- Skoðar skipti




VW Golf 1600 6/2006 Ek. 29 þkm. Bsk, álfelgur, sólluga, samlitur. Tilboð 1.590. Stgr.



Kawasaki 450 KXF 2008 árg. Ný dekk og felgur 10" einnig fylgja original 9" Verð 790.- hjólið. 890.- með kerru.

**Bílasalan.is**  
Nethyl 1, 110 Reykjavík  
Sími: 565-2500  
[www.bilasalan.is](http://www.bilasalan.is)



Skoda pickup árg. '00 skoðaður, ek. 90.000 Bíll í góðu lagi. Verð 250.000. Ekki minna og ekki meira. Uppl. í s. 893 6902.

**Bílar til sölu**  
Til sölu Toyota Landcruiser VX 120 dísel árg. 2003 sjálfskiptur ek. 175.þ leður luga 7 manna... áhvílandi ISL lán 2.760. þ afb. ca 50.þ fæst á 3.260.þ yfirtaka + 500.þ ATH listaverð er 3,9m uppl í síma 896-5290.



Toyota Avensis 01" 1800. bsk. Ath. skipti á ódýrari. uppl. í s. 893 2132.



**Frábær kaup!**  
Chrysler 300 C nýskr. 04/08 Ekinn 1 þ.km.! Verð 3.990.000. Tilboð 2.790.000.! Uppl:824 1011

T.S. Nissan Micra árg. '98 ek. 95þ. sjsk. Dekurbíll. Uppl. í s. 846 1389.

**0-250 þús.**



**Sjálfskiptur á 165 þús!!**  
Honda accord árg'93 ek.170 þús,ssk,ný skoðaður 2010 án athugasemda,nýleg timarein,góður bíll og litur vel út miða við aldur,verð 165 þús! stgr! s.841 8955

**250-499 þús.**



**Toyota á 390.000- stgr**  
Toyota Corolla L/B VVTi árg 2000 ekinn 178 þ km 1.4 vél 5 gíra skoðaður 2010 verð 490.000.- nú aðeins 390.000.- staðgreitt uppl í síma 861 7600.

**1-2 milljónir**



Ford Explorer Sport Tac árg 2003 ek.102þ í toppstandi fæst á 1.700.000 s 893-3347

**Nissan Primera 2004**

Til sölu Nissan Primera Acenta árg. 2004, ek. 85 þús. Fæst á yfirtöku láns, áhvílandi ca 1150 þús. Mjög góður og traustur bíll. Upplýsingar í s. 770 3797.

**Bílar óskast**

Óska eftir góðum dísel jeppa á fyrir allt a 2,5 millj stgr. Verður a vera yngri en 2003 og ekinn minna en 100þ km. Tilboð sendist til [bifreid.oskast@gmail.com](mailto:bifreid.oskast@gmail.com)

**Vantar ódýrann**

Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Óska eftir Reunolt Kangoo árg. '00-'02 gegn stgr. S. 660 7350.

Óska e.að leigja kæli/frystirými frá 1.sept-1.mai. Uppl.í síma 8958134.

**!!! VANTAR BÍL Á 50- 200 þús!!**

Má þurfa ad laga , vera númerslaus, ljotur eða bara í finu standi. Hringið strax í s. 894 6383.

**Jeppar**

**Tilboð 3.260.þ**  
Til sölu Toyota Landcruiser VX 120 dísel árg. 2003 sjálfskiptur ek. 175.þ leður luga 7 manna... áhvílandi ISL lán 2.760. þ afb. ca 50.þ fæst á 3.260.þ yfirtaka + 500.þ ATH listaverð er 3,9m uppl í síma 896-5290.

EBERSPACHER vatns- og hitablasarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.



Til sölu Ford Econoline árg'87 ekinn 106þús millur. Verð 590þús. Uppl. Jón M 617-7102

**Pallbílar**



8 feta hvítt hús kemur af Ford 350. Tilboð óskast, GSM 892 0544 Jón

**Sendibílar**




**NISSAN ECO T 140**  
árgerð 2002 Nýskoðaður bíll í góðu ástandi Burðargeta um 3900kg Vörulyfta 1000kg með fjarstýringu Til sýnis og sölu hjá KHG þjónustunni ehf, Eirhófa 14, 110 Reykjavík Sími 587 5452 og 896 0735



**Sendibílar til leigu**  
CARGO 566 5030  
Pú leigir Ásinn



Ford Transit 300M 3/2008 Ekinn 25.000 Verð 3,8 m/vsk Tilboð 3,2m/vsk Uppl s 8208096



**Vörubílar**  
Forþjppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum úttegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

**Húsbílar**



M. Benz Sprinter 212 Dísel. árg. 96". ek. 180þ. sk. 10" V. 1890þ. Bein sala. s. 898-4848.



Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. [www.ke.is](http://www.ke.is)

# Ísland er land mitt

MIÐVIKUDAGUR 24. JÚNÍ 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Láttu ekki tjóðra þig við staur í ferðalaginu!  
- framleiðið sjálf rafmagnið fyrir ferðavagninn



**EFOY Efnarafall**  
Alsjálfvirktt hleðslutæki í ferðavagninn sem býr til raforku úr metanóli. Sér um að halda rafgeymunum alltaf fullhlöðnum.



**Hágæða þýskar sólarrafhlöður**  
Fáanlegar í setti með öllu tilheyrandi.



**AGM Rafgeymar**  
Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.



**12V í 230V Spennubreytar**  
230 Volta SINUS spenna fyrir öll 230V raftæki.



**Hleðslutæki mælar/rofar**  
og margt fleira.

**Fjarorka**  
græn orka er okkar fag

Eiðistorgi 17 170 Seltjarnarnes S. 578-5566 [www.fjarorka.is](http://www.fjarorka.is)

## Djassinn dunar

Djasshátíð Egilsstaða á Austurlandi hefst í dag, miðvikudag, og stendur fram á sunnudag. Hátíðin er því lengri en verið hefur undanfarin ár.



Tómas R. Einarsson bassaleikari er einn þeirra tónlistarmanna sem fram koma á hátíðinni.

Nú verða í fyrsta skipti haldnir tónleikar á Eskifirði í tengslum við hátíðina en auk þess verða tónleikar á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Seyðisfirði, líkt og verið hefur.

Meðal hljómsveita og tónlistarmanna sem koma fram á hátíðinni í ár eru Mighty Marith and the MeanMan, Tómas R. Einarsson og Trúnóbandið, BT Power Trio með Björn Thoroddsen í fararbroddi og danski bassaleikarinn Andreas Dreier. Auk þessara tónlistarmanna koma fjölmargir austfirskir tónlistarmenn fram á hátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

-hs



Kaffi Krókur er í Sýslumannshúsinu en húsið á mikla sögu. Þar voru meðal annars fangageymslur.

MYND/HINIR SÓMU SF

## Fræðsla á Ströndunum

Nýtt fræðslufyrirtæki í ferðapjónustu, Assa, þekking og þjálfun, var stofnað á dögunum í Trékyllisvík á Ströndum.

Fyrirtækið býður í sumar upp á undirbúningsnámskeið fyrir göngufólk sem er að fara á Strandir og Hornstrandir, hópefli fyrir ættarmót, stórfjölskyldur og ferðahópa og upplifunarleiðsögn um Trékyllisvík.

„Við sáum Trékyllisvík sem áhugaverða staðsetningu sem býður upp á mikla möguleika,“ segir Ingibjörg Valgeirsdóttir, stofnandi Assa, þekking og þjálfun. „Það sem okkur langar til að gera er í raun og veru að aðstoða fólk við að staldra aðeins við í þeim hraða sem einkennir okkar daglega líf.“

Ingibjörg er uppalin í Trékyllisvík og hefur fundið fyrir því hvað svæðið hefur gert mikið fyrir hana og þá sem sótt hafa það heim. Hún ákvað því að bjóða upp á nýjan valmöguleika í ferðapjónustu á svæðinu.

„Boðið er upp á nýja nálgun þar sem vegurinn endar og óbyggðirnar taka við. Hópurinn er þéttur og fólk undirbúið að fá sem mest út úr ferðinni.“

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.assaisland.is](http://www.assaisland.is)

-mmf



Í Trékyllisvík er nú starfrækt nýtt ferðapjónustufyrirtæki.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Færður nær sinni upprunalegu mynd

Eftir mikinn bruna á síðasta ári var óvíst hvort Kaffi Krókur á Sauðárkróki yrði nokkurn tíma endurbýggður. Hjólin Sigurpáll Aðalsteinsson og Kristín Elfa Magnúsdóttir tóku sig til og gerðu gott betur en það og færðu húsið mun nær upprunalegu horfi. Staðurinn var opnaður fyrir skemmstu.

„Staðurinn á sinn stað í hjörtum fólks og það tengist eflaust mikilli sögu hússins,“ segir Sigurpáll en saga hússins spannar meira en hundrað ár þar sem það var byggt árið 1887. „Húsið er fyrsta sýslumannshús Skagfirðinga, lengi kallað Sýslumannshúsið, og mér skilst að þarna hafi fyrstu fangageymslur Skagfirðinga líka verið til húsa.“

Kaffihús hefur hins vegar verið rekið á staðnum í tæp tuttugu ár, allt þar til að mikill bruni varð í húsinu í janúar 2008. „Við keyptum

staðinn um vorið 2008 og hófum endurbætur í nóvember í haust,“ segir Sigurpáll og þrátt fyrir efna-hagshrunið segir hann að áætlanir hafi gengið vel.

„Húsið var fært nær upprunalegu horfi, gluggar, klæðning og allt slíkt, og voru framkvæmdir allar unnar í samráði við húsafríðunarnefnd, arkitekt og bæjarfyrirvöld.“

Sigurpáll og Kristín Elfa eru veitingarekstri síður en svo ókunn en síðastliðin átta ár hafa þau rekið veitingastaðinn Ólafshús, sem einnig er á Sauðárkróki, sem og skemmtistaðinn Mælifell sem þau hafa starfrækt í þrjú ár. Kaffi Krókur mun bjóða upp á léttar kaffihúsveitingar og um helgar verður þar kráarstemning að sögn Sigurpáls.

Sigurpáll segist hafa talið fleiri ferðamenn en áður það sem af er sumri og honum lítist vel á komandi ferðasumar. „Sauðárkrókur hefur aldrei verið mikill ferðamannastaður þannig að þessi um-



Sigurpáll Aðalsteinsson og Kristín Elfa Magnúsdóttir reka nú þrjú staði á Sauðárkróki; Kaffi Krók, veitingastaðinn Ólafshús og skemmtistaðinn Mælifell.

MYND/FEYKIR

ferð ferðamanna í sumar er eitt-hvað sem ég man ekki eftir áður. Við erum bjartsýn á áframhaldið.“

-jma

## Miðnæturhlaup á Jónsmessu

Undanfarin sautján ár hefur miðnæturhlaup verið hlaupið frá Laugardalslaug á Jónsmessu og að sögn þeirra sem hlaupið hafa undanfarin ár myndast mikil stemning þetta kvöld. Öllum þátttakendum er boðið frítt í Laugardalslauginu eftir hlaup.

Hlaupið er ekki aðeins ætlað reyndari hlaupurum því hægt er að hlaupa þriggja kílómetra skemmtiskokkshring, án tímatöku. Skokk- að er ákveðna leið innan Laugar-neshverfisins og allar beygjur eru vel merktar.

Forskráning fer fram á vef Reykjavíkumaraþons: <http://marathon.is/> og er opin til miðnættis í kvöld.

-jma

Margir vilja fyrir enga muni missa af miðnæturskokki í Laugardalnum á Jónsmessu.



NORDICPHOTOS/GETTY

Ferðapjónustan  
**BAKKAFLÖT**  
Skagafirði

**River rafting is**

S: 453 8245 :: 899 8245  
[bakkafлот@islandia.is](mailto:bakkafлот@islandia.is)

Velkominn að Bakkaflot



# Bílaraf

## Gaspjónustan



Flexitorar/öxlar með eða án bremsum

Góðar og traustar vörur frá

**ALKO**

12.500 kr

18.500 kr

6.400 kr

Flott verð!

Skrúfaðar lappir fyrir fellihýsi og hjólhýsi



19.900 kr

9.900 kr



10.500 kr

Stólar og borð á frábæru verði!



Full búð af flottum ferðavörum á flottu verði

## Gaspjónustan

Gerir allt sem viðkemur gasi



**Alde**

Hitunarkerfi og aukahlutir

53.800 kr

**Truma**

Eir-rör



Gaslöngur



6.500 kr

Gasskynjarar



Þrýstiminnkarar



Gas-Kranar



Fittings/tengi



220v hitun



Allt á einum stað fyrir ferðavagninn þinn

Opið mán til fös 8-18 og lau 10-16  
Strandgata 75 - 220 Hafnarfjörður  
Sími 564 0400 - [www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)



Húsið við Gerðisbraut 10 var byggt 1971 og var því nánast nýtt þegar það varð öskunni að bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN.

## Grafin undan gjalli

Saga Vestmannaeyja er merk, bæði að fornu og nýju, og meðal þess sem vert er að skoða í Eyjum er uppgröftur sem hafinn er efst í bænum í hlíðum Eldfells. Þar grillir í einstaka hús sem fór undir ösku í Heimaeyjargosinu 1973. Meðfram stíg sem gerður hefur verið í öskunni og lagður gúmmihellum og gegnsæjum dúk eru skilti með nöfnum og sögu allmargra húsa sem áformað er að grafa undan gjallinu. Nöfn íbúanna eru þar einnig.

Verkefnið nefnist Pompei norðursins og enda þótt það sé skammt á veg komið hrærir það ótvírætt við þeim sem þangað koma og afleiðingar hinna ógnvekjandi eldsumbrota verða áþreifanlegar. -gun



Húni II skriður meðfram ströndum Eyjafjarðar. MYND/PORGEIR BALDURSSON

## Sögusiglingar um innanverðan Eyjafjörð í sumar

Sigling á eikarskipinu Húna II á lognværu föstudagskvöldi um innanverðan Eyjafjörð með sögufróðum leiðsögumanni er eitt af því sem ferðamönnum stendur til boða í sumar.

„Þrátt fyrir rigningu komust færri að en vildu í tvær ferðir sem við fórum 17. júní. Nú er mikil ásókn í allt sem kostar lítið og er við bæjardyrnar,“ segir Þorsteinn Pétursson, betur þekktur undir nafninu Steini Pétursson. Hann er formaður hollvinasamtaka Húna II sem reka bátinn en Húni II er í eigu Iðnaðarsafnsins á Akureyri.

Steini segir kvöldsiglingarnar meðfram ströndinni hefjast hinn 26. þessa mánaðar. Þá er farið frá Torfunefi klukkan 20 og tekur ferðin um einn og hálfan tíma. Þátttakendur fá kort af svæðinu og söguna beint í æð úr munnleiðsögumanns. „Í þessari ferð er ætlunin að gefa 100 miða til atvinnulausra,“ upplýsir Steini og er beðinn að útskýra þetta nánar. „Við þiggjum styrk frá hinu opinbera vegna viðhalds bátsins. Hann er af tegund í útrýmingarhættu og því er verið að bjarga verðmætum. En okkur finnst við hæfi að þakka fyrir okkur og þess



Hjalteyri er vinalægur staður og ríkur af sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/VERA

vegna fær Vinnuálastofnun 100 miða sem verða afhentir þar í fyrstu viku júlímánaðar.“

Húni II var smíðaður á Akureyri árið 1963 og er eini eikarbáturinn yfir 100 tonnum sem enn er á floti en þeir voru ellefu á tímabili. Hann tekur 100 farþega en til að vel fari um alla segir Þorsteinn sjötíu manns vera hámarksfjölda í ferð.

Þorsteinn getur líka sérstaklega Hjalteyrarferða sem farnar verða í sumar á vegum hollvina-

samtakanna, fyrst fimmtudaginn 2. júlí klukkan 16.30. „Hjalteyri er mikill sögustaður því um tíma var þar stærsta síldarbræðsla í Evrópu og fólk mun fá leiðsögn um eyrina. Svo verður rútuferð til baka og meðal annars komið við á Skipalóni og Möðruvöllum. Einnig verður komið við á Kaffi Lísu sem býður upp á veitingar gegn vægu gjaldi,“ lýsir hann og tekur fram í lokin að hægt sé að taka skipið á leigu ef áhugi sé fyrir hendi. -gun



Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

**Ferðumst um fjallendi Íslands í sumar**  
**Fjölbreyttar Útivistarferðir á utivist.is**



**VÍSIR.IS**  
“...ég sá það á vísi”

## Jarðböð norðanlands

Sumum finnst þeir ekki hafa farið norður nema hafa stungið sér í jarðbað.

Fyrir norðan er úr nokkrum slíkum að velja. Þekktustu náttúrulegu heilsulindirnar eru væntanlega Grjótagjá í Mývatnssveit og Grettislaug á Reykjaströnd í Skagafirði. Svo má nefna Hveravelli við Kjalveg og Laugarfell á Sprengisandi.

Þó er varað við að baða sig í Grjótagjá núna þar sem vatnið getur verið misheitt.

Jarðböðin í Mývatnssveit hafa slegið í gegn síðustu árin, ekki síst eftir að baðaðstaða var opnuð í Jarðbaðshólum. Lónið er klóraust og engin önnur sótthreinsandi efni í vatninu enda þarf þess ekki vegna náttúrulegs efnainnihalds vatnsins. -jma



Jarðböðin í Mývatnssveit njóta mikilla vinsælda ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## HÓTEL BÚÐIR

*Upplifðu einstaka nátturufegurð og  
gældu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli*

Munið gjafabréfin - einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir


*Nánari upplýsingar í s: 435 6700.*

*Velkomin á Hótel Búðir*





Oft er glatt á hjalla hjá sjálfbodaliðunum á Vallanesi enda útiveran hressandi og svo sannarlega hægt að komast í beina snertingu við náttúruna en þar fer fram lífræn ræktun. Þar sem WWOOF-samtökin kenna sig við lífræna ræktun eru sjálfbodaliðarnir yfirleitt með áhuga og einhverja þekkingu á umhverfisvernd.



Í snertingu við moldina.



Læra má margt af sveitastörfunum á Vallanesi.

# Ferðast ódýrt og öðruvísi

Um þessar mundir rýna ýmsir meira í krónuna en áður og þá er tilvalið að nýta sér ódýra gistimöguleika til að spara sér skildinginn. Margir þeirra bjóða líka upp á nýja upplifun sem kryddað getur ferðalagið.

Gistimöguleikar á Íslandi eru af margvíslegum toga en þegar kemur að ódýrri eða jafnvel ókeypis gistingu þrengist hringurinn. Þó eru til staðar slíkar leiðir sem Íslendingar hafa fram að þessu síður nýtt sér í eigin landi þó svo að þeir hafi jafnvel skundað til útlanda og upplifað álíka ævintýri þar. Ævintýraeyjan Ísland hefur upp á ýmislegt að bjóða og því er ekki fjarri lagi að líta sér nær, enda margt í gerjun.

## SJÁLFBODALIÐAR Á VALLANESI

Býlið Vallanes er á Fljótsdalshéraði í Vallahreppi hinum forna. Það er í um fimmtán kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum, miðja vegu milli Hallormsstaðar og Egilsstaða. Eymundur Magnússon stundar þar lífrænan búskap og framleiðir vörur undir merkinu Móðir jörð, en það sem færri vita er að hjá honum starfar hópur sjálfbodaliða.

„Ég hef fengið sjálfbodaliða til mín í gegnum WWOOF-samtökin en skammtöfunin stendur fyrir World Wide Opportunities on Organic Farms. Þetta eru alþjóðleg samtök þar sem fólk vinnur sjálfbodavinnu á lífrænum býlum en fær í staðinn fæði og húsnæði,“ útskýrir Eymundur en í framtíðinni hefur hann hug á að koma upp ferðabjónustu. „Ég hef nú þegar

reist búðir þar sem hafa mætti lítinn hótलगang. Þá væri gaman að tengja það búskapnum þannig að fólk fengi að koma aðeins við moldina. Fjarlægðin milli sveitar og borgar er orðin svo mikil að stundum fæ ég undarlegustu spurningar,“ segir hann og nefnir sem dæmi að spurt sé um nýjar gulrætur um hávetur og kartöflur á sumrin. „Árstíðirnar virðast ekki vera til og maður bara gapir yfir þessum spurningum,“ segir hann og hlær.

„WWOOF virkar þannig að sjálfbodaliðarnir greiða árgjald í WWOOF og býlin líka. Þá er útbúinn listi með gestgjöfum og svo er það á milli mín og þeirra sem vilja koma til mín að semja um afganginn. Samtökin eru í raun bara regnhlíf sem heldur utan um þetta,“ útskýrir Eymundur og bætir við að tölvuskeytum rigni inn. „Enn sem komið er hafa engir Íslendingar komið til mín þó svo samtökin séu þekkt á Íslandi og einhverjir Íslendingar hafi farið til útlanda. Ég veit ekki hvort Íslendingar eru eins viljugir til að vinna sjálfbodavinnu og aðrar þjóðir en kannski á það eftir að breytast. Margir sem til mín koma eru kannski nýútskrifaðir úr skóla og á krossgötum, langar að skoða heiminn og öðlast nýja reynslu.“

Enn sem komið er tekur Eymundur helst ekki inn fólk sem ætlar að vera skemur en viku þar sem það borgar sig ekki. „Ég er hrifnastur af þeim sem vilja vera lengi og eru sumir alveg upp í þrjá mánuði, eða eins lengi og ferðamannapassinn er í gildi,“ segir hann en viðurkennir að sjálfbodaliðarnir séu misgóðir starfskraftar.



Rútur, sem situr hér fyrir miðju, segir Couch Surfing ekki henta þeim sem vilja bara ódýra gistingu heldur þeim sem vilja líka kynna fólk og upplifa nýja hluti.

„Það er nú allur gangur á því. Sumir hafa reynslu og eru fljóttir að koma til en aðrir hafa aldrei dýft hendi í kalt vatn. En þar sem samtökin kenna sig við lífræna ræktun þá er það ákveðin sía og ég er að fá hæfara fólk en ella. Þá er þetta oft fólk sem er meðvitað um umhverfi sitt og hefur kynnt sér þessa hluti.“ Hægt er að fræðast nánar um Vallanes á vefsíðunni [www.vallanes.net](http://www.vallanes.net).

## SIGLT Á MILLI SÓFA

Á vefsíðunni [www.couchsurfing.org](http://www.couchsurfing.org) má finna samtök er flétta saman einstaklinga sem bjóða upp á fría gistingu á heimilissófanum eða í öðrum vistarverum í skiptum fyrir sams konar þjónustu víðs vegar um heim. „Þetta virkar

einfaldlega þannig að þú skráir þig á vefsíðunni og getur valið um hvort þú styrkir samtökin með smá framlagi eða ekki. Peningurinn er notaður til að byggja upp samtökin og þeir sem greiða þetta gjald fá sig staðfesta, sem þýðir að persónuupplýsingar þeirra eru réttar og öruggar. Gestirnir geta síðan vitnað um sína gestgjafa á vefsíðunni og öfugt. Þannig byggirðu upp góðan prófil með góðum vitnisburði og sýnir fram á hversu góður gestur og gestgjafi þú ert,“ segir Rútur S. Sigurjónsson, nemi í Kvímyndaskóla Íslands og sófasjóari, en hann hefur verið skráður í samtökin í tvö ár.

„Fólk sem er bara að leita sér að ódýrri gistingu ætti samt ekki endilega að vera í þessu þar sem

þetta gengur líka út á að kynna nýju fólk og öðruvísi upplifanir. Nú síðast gisti ég í London og fengu ég og kærastan mín mjög fínt herbergi með tvíbreiðu rúmi hjá 35 ára gömlum endurskoðanda sem var fyrirtaks gestgjafi en hún fór á Sólstöðuhátíð í Stonehenge og eftirlét okkur íbúðina á meðan,“ segir Rútur og bætir við að yfirleitt gangi sófaskiptin vel fyrir sig og séu nokkuð örugg. „Á þessum tveimur árum sem ég hef verið skráður hef ég einungis heyrt af einu atviki einhvers staðar í Bandaríkjunum þar sem gestgjafinn var nokkuð viss um að gesturinn hefði stolið frá sér. Þá var mynd af þeim gesti dreift til allra meðlima og sett á vefsíðuna með upplýsingum. Þar með var við-



Gróskan er mikil á Vallanesi þar sem ræktað er bygg og lífrænt grænmeti.



Eymundur snæðir hér með starfsfólki en sjálfboðaliðar fá frítt fæði og húsnæði.

komandi rekinn úr samtökunum og séð til þess að hann gæti ekki nýtt sér þjónustuna.“ Rútur telur ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar í samtökunum nýti sér þjónustu annarra meðlima hér á landi. „Svo lengi sem þú ert skráður í samtökin þá geturðu sótt um gistingu hvar sem er. Þú einfaldlega sendir fyrirspurn til gestgjafans, sem ákveður síðan hvort hann hýsir þig eða ekki. Ég hef sjálfur tekið á móti hátt í fjórutíu manns á þessum tveimur árum sem ég hef verið í þessu og hefur það bara gengið mjög vel. Síðan eru oft skipulagðar samkomur af svokölluðum Couch Surfing sendiherrum og fór ég til dæmis í svoleiðis grillveislu hér á landi en þar hittust íslenskir gestgjafar og gestir þeirra víða að. Þetta er í raun samfélag sem nær yfir um milljón manns,“ segir hann ánægður.

**HÚSASKIPTI**

Vefsíðan [www.husaskipti.is](http://www.husaskipti.is) gerir fólki kleift að ferðast um Ísland án þess að greiða fyrir hótél eða aðra gistingu. Boðið er upp á íbúða- og sumarhúsaskipti innanlands til lengri eða skemmri tíma. Notendur síðunnar skrá inn helstu upplýsingar um það húsnæði sem þeir hafa upp á að bjóða, staðsetningu og þess háttar, en færa einnig inn upplýsingar um hvers konar húsnæði þeir eru að leita að. Í fram-

haldinu geta notendur síðunnar haft bein samskipti sín á milli og miðlað þannig upplýsingum. Margs konar gisting er í boði víða um land og jafnvel erlendis en nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni sjálfri og á aðdáendasíðu á Facebook.

**LEIGUMIÐLUN SUMARBÚSTAÐA**

Á vefsíðunni [www.sumarbustadur.is](http://www.sumarbustadur.is) er bæði bústaðasala og leigumiðlun sumarþústaða. Að vísu er afstætt hversu ódýr sú gisting telst en fer það eftir fjölda þeirra sem gista. Ef margir taka sig saman og skipta leigunni á milli sín er hægt að draga verulega úr kostnaði. Þegar panta á bústað er haft beint samband við eigendur bústaða eða umboðsaðila þeirra og getur þessi möguleiki hent að þeim sem ekki eiga þess kost að leigja sumarþústað í gegnum stéttarfélag eða önnur samtök sem oft bjóða upp á hagstæða sumarþústaðaleigu. Hægt er að skoða hvern bústað fyrir sig á vefsíðunni en þar eru nánari upplýsingar um stærð, verð, pöntunarnúmer og aðstöðu sem hver og einn býður upp á. Þeir sem eiga sumarþústað og vilja leigja hann geta einfaldlega skráð sig á vefsíðunni og þá geta leigjendur haft samband. Greitt er fyrir skráningu mánuð í senn en verð er 6.000 krónur á mánuði auk virðisaukaskatts. -hs



Á vefsíðunni [husaskipti.is](http://www.husaskipti.is) er boðið upp á íbúða- og sumarhúsaskipti en á [sumarbustadur.is](http://www.sumarbustadur.is) fer meðal annars fram leigumiðlun sumarþústaða. MYND/TRÉSMÍÐJA HEIMIS



**Hernámsdagurinn**  
**1. júlí 1940**

FJARÐABYGGÐ

Frí tjaldsvæði, áhugaverð söfn og góðar sundlaugar í Fjarðabyggð—Verið velkomin



Breskir hermenn á Búðareyri á stríðsárunum

- Minnumst hernámsins á Reyðarfirði 1. júlí 1940
- Hittumst í Molanum miðvikudaginn, 1. júlí kl. 17:00
- Göngum saman upp í ‘Camp’
- Klæðum okkur í stíl við tilefnið
- Frítt inn á Stríðsárasafnið
- Sögumenn og óþekkir hermenn slást með í för
- Tónlist og söngur

Í sögu Reyðarfjarðar segir um hernámið: “Þrátt fyrir þessa atburði óraði Reyðfirðinga örugglega ekki fyrir því, að í heimabyggð þeirra risi herstöð með mörgum sinnum fleiri hermönnum en íbúarnir voru þá, en annað kom á daginn. Hinn 1. júlí 1940 sigldi 26 þúsund tonna herflutningaskipið Andes inn á Reyðarfjörð og setti þar á land fjölmennt herlið sennilega hátt í 200 hermenn, en þeim átti eftir að fjölga svo um munaði.” Árið 1940 bjuggu um 300 manns á Búðareyri við Reyðarfjörð en hermennirnir urðu 3.000 þúsund þegar flest var.

**Af þessu tilefni verður tilbóð á ‘Fish & Chips’, 1. júlí, hjá OLÍS, Fjarðahótel og í SHELL skálanum.**



**Fjölskyldusumar í Mosfellsbæ**

Í Mosfellsbæ er margt í boði fyrir fjölskylduna í sumar. Hestaleiga, útimarkaðir allar helgar, göngu- og hjólaleiðir, fuglaskoðun, frábær sundlaug, víkingaleikvöllur, Laxnessafnið að Gljúfrasteini, veitingastaðir, handgert súkkulaði, hnífasmíður, listafólk og ullariðnaður í Álafosskvos og margt fleira. Nánari upplýsingar á [mos.is](http://mos.is)

Góða skemmtun í Mosfellsbæ.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



MOSFELLSBÆR

**Velkomin á Skógasafn**

Opið daglega:  
Á sumrin kl. 09:00-18:30  
Á veturna kl. 11:00-16:00

Byggðasafn • Samgöngusafn • Skógakaffi • Safnverslun



☎ 487 8845 - [www.skogasafn.is](http://www.skogasafn.is) - [skogasafn@skogasafn.is](mailto:skogasafn@skogasafn.is)



Stuðningshlífar  
fjölbreytt úrval



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Íslenskra gerist það ekki. Vinningsrétturinn er nú á matseðli VOX örlítið breyttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Verslum ódýrt og veljum Íslenskt

# ÁLAFOSS

www.alafoss.is

Álafossvegur 23, Mosfellsbær S: 566 6303



# Heiðarleg íslensk eldamennska

Á Austurlandi er að finna gnægtabrunn hráefnis í alls kyns matargerð sem matreiðslumaðurinn Ólafur Ágústsson kann að nýta til fulls.

Matreiðslumaðurinn Ólafur Ágústsson, sem starfar á veitingahúsinu VOX, gerði sér lítið fyrir og sigraði landshlutakeppnina Íslenskt eldhús 2009 fyrir hönd Austurlands á dögunum en í henni öttu kappi matreiðslumenn frá Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Þeir notuðu allir hráefni frá viðkomandi landshluta en fyrir Ólafi, sem er frá Egilsstöðum, lá beint við að velja hráefni að austan.

„Ég hef stundum hugsað út í það hvort ég geti á einhverjum tímapunkti einbeitt mér eingöngu að hráefni frá Austurlandi, enda úr nægu að velja,“ segir Ólafur og telur upp það helsta af vinningsmatseðlinum: „Ég var með bleikju og bygg með kræklingi í forrétt sem ég blandaði með fjörugrösom, gulrótum og öðru grænmeti. Í aðalrétt var ég svo með geit frá Möðrudal á fjöllum. Ég notaði hey til að reykja kartöflur og dreifði öskunni og alls kyns rötargrænmeti á diskinn. Í desertinn notaði ég skyr, þurrkaða mjólk, birki úr Hallormsstaðarskógi, sólber og rífsber.“

Bæði geitarrétturinn og desertinn eru nú á matseðli VOX en þar er eingöngu notað íslenskt og skandinavískt hráefni. „Þegar allt gengur upp endar rétturinn á borðum gesta,“ segir Ólafur glaður í bragði. Hann sér það fyrir sér að hann muni halda áfram að elda íslenskt og ný-norrænt. „Þetta er heiðarleg eldamennska sem er holl og gefur hreint bragð auk þess sem ekki veitir af að styrkja íslenska framleiðslu.“



Ólafur hefur mikla ánægju af því að elda íslenskt og sökum upprunans horfir hann sérstaklega til Austurlands.

**Geit frá Möðrudal á Fjöllum** með flauelsmjúkum kartöflum, geitaosti og gulrótum ásamt fersku og brenndu garðablóðbergi.

Fyrir 4

**GEITARHRYGGVÖÐVI**  
2 geitarhryggvöðvar – snyrtir  
salt  
pipar  
1 grein blóðberg  
olía til steikingar

Hitið ofninn í 160° C. Steikið hryggvöðvana á vel heitri pönnu upp úr olíu, með blóðberginu. Kryddið með salti og pipar. Setjið í ofninn og eldið í 5 mínútur. Takið kjötið út, látið það hvíla í 5 mínútur og eldið svo aftur í 5 mínútur. Leyfið aftur að hvíla í 5 til 10 mínútur áður en það er borið fram.

**BRENNT BLÓÐBERG**  
1 búnt blóðberg

Setjið blóðbergið í pott með loki og leyfið því að brenna á hellunni í 3-4 klst., eða þar til það er orðið að kolsvartri ösku. Athugið að fylgjast vel með pottinum á meðan svo ekkert fari úrskaiðis.

**KARTÖFLUMÁUK MED GEITAOSTI**  
3 bökunarkartöflur  
100 ml léttmjólk  
100 ml rjómi (má skipta út fyrir léttmjólk)

40 g smjör (má skipta út fyrir repjuolíu til dæmis)  
40 g íslenskur geita-brie  
sítrónusafi  
salt

Mýkið geitaostinn í örbylgjuofni og setjið svo í matvinnsluvél og maukið þar til falleg áferð fæst. Sjóðið kartöflurnar í hýðinu og skrælið eftir á. Blandið rjómanum, mjólkinni og smjörinu saman við kartöflurnar og hrærið rösklega í þeim yfir hita. Smakkið til með salti, sítrónusafa og geitaostinum. Að endingu er maukið sigtað í gegnum fint sigti til að fá fallega áferð.


**GULRÆTUR**  
1 poki litlar gulrætur  
vatn  
salt  
sítrónusafi  
repjuolía frá Borgúndarhólmi

Skrælið gulræturnar og skerjið til. Sjóðið þær í saltvatni, og gljáið loks með olíunni. Kryddið með örlitlu salti og sítrónusafa.

# SIGLING

Þriggja daga sigling  
á skonnortunni Hauk


HÚSAVÍK - FLATEY -  
SIGLUFJÖRÐUR - GRÍMSEY



SAF  
NÝSKÖPUNARVERÐLAUN  
2007

Laus pláss eru  
í eftirfarandi brottfarir:  
14. ágúst og 21. ágúst

Nánari upplýsingar:  
www.nordursigling.is  
og í síma  
464 7272




Ertu með ábendingu er varðar dreifingu  
Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330





Hallormsstaður er 25 kílómetra suður af Egilsstöðum, sem tekur innan við hálf tíma að aka. Þar er bæði gróður sælt og milt veðurfar. MYND/SMK

## Afsláttur í júlí

Boðið er upp á kynningarafslátt á völdum dagsetningum í júlí á Hótel Hallormsstað en verðið gildir fyrir tveggja manna herbergi með baði og morgunverði.

Afslátturinn er gefinn í til efni af því að nýir eigendur hafa nú tekið við Hótel Hallormsstað en snemma árs 2008 keypti Grái hundurinn ehf. meirihlutaeign í Hallormi, sem er gistiálma við grunnskólann. Á hótelinu eru 35 herbergi, öll með sér salernis- og sturtuástöðu, og beint á móti hótelinu er sundlaug sem opin er yfir sumartímann.

Hægt er að bóka í síma 471 2400 eða að senda tölvupóst á [hotel701@hotel701.is](mailto:hotel701@hotel701.is). Nánari upplýsingar má auk þess finna á vefsíðunni <http://hotel701.is>. -hs



Læknishúsið er á meðal þeirra húsa sem vitna um lífið á Hesteyri á árum áður.

## Gengið um söguslóðir

Gönguferð frá Aðalvík til Hesteyrar er á meðal dagsferða sem Vesturferðir bjóða upp á í sumar. Aðalvík er þrúngin sögu og er til dæmis umkringd tveim herstöðvum úr seinna stríði en Hesteyri er merkileg fyrir margra hluta sakir. Þar byggðist upp þyrping húsa á þarsíðustu öld þegar Norðmenn byggðu þar síldar- og hvalveiðistöð árið 1894 og standa mörg þeirra enn í dag. Þar hefur auk þess orðið æ gróðursælla eftir að beit sauðfjár var hætt og er fuglalífið einstaklega fjölskrúðugt.

Á heimasíðu Vesturferða [www.vesturferdir.is](http://www.vesturferdir.is) segir að ferðin sé tilvalin fyrir þá sem vilja fá örlítið sýnishorn af því hvernig fjöllin, húsin, gróðurinn og fjarlægðin frá GSM-sambandinu spila saman. Lagt er af stað sjóleiðina frá Ísafirði að Sæbóli í Aðalvík klukkan níu að morgni göngudags og er Staðardalurinn genginn að kirkju sem þar stendur. Gengið er þaðan upp Fannadal og inn Hesteyrarbrúnir að Hesteyri. Á leiðinni sést vel um Djúp, Jökulfjörð og upp á Drangajökul.

Gangan, sem er miðlungserfið, er fjórtán kílómetra löng og þar af er um 400 metra hækkun með nokkuð grófu undirlagi. -ve

# Fræðandi feluleikur á útilistasöfnum

Krakkar hafa misgaman af því að sækja söfn með foreldrum sínum og ekki allra tebolli að skoða listaverk sem þeir eldri hafa kannski meira gaman af. Það er því um að gera að nýta þau skemmtilegu útilistasöfn sem borgin á, svo sem Ásmundarsafn og Listasafn Einarssonar þar sem stytur þeirra standa úti við. Hægt er draga alla fjölskylduna þangað í feluleiki eins og Eina krónu og nýta stórar stytturnar í afbragðs felustaði og fræða ungvíðið um leið um listamennina.



Listasafn Einarssonar er stórskemmtilegur útivistarstaður.



## FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillveisluna

Pykkvabæjar  
forsöðnar grillkartöflur  
kartöflusalat  
hrásalat

**Einfalt og gott!**



# Á FERÐALAGI

## FÖSTUDAGUR:

Í bítið  
Ívar Guðmunds  
Siggí Ragg  
Reykjavík síðdegis

## LAUGARDAGUR:

Hemmi Gunn og Svansí  
strax að loknum  
hádegisfréttum

## BYLGJAN á ferðalagi Ólafsfjörður næstu helgi!

**Bylgjan og Olís fara umhverfis landið á 80 dögum í sumar. Um hverja helgi leggjum við undir okkur nýjan áfangastað – byrjum í bítið á föstudagsmorgni og förum ekki fyrr en Hemmi og Svansí ljúka leik síðdegis á laugardegi. Við drögum vikulega úr potti Ævintýraeyju Olís og bregðum á leik með hlustendum Bylgjunnar um allt land.**

**Sjáumst hress á Blúshátíð á Ólafsfirði um næstu helgi!**

● **26.-27. júní**  
**Á Ólafsfirði**

**BYLGJAN**  
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Leiðin liggur ýmist til fjalls eða fjöru á fjórhjólunum.

MYNDR/4X4

## Við þræðum gamla slóða eftir kindur og veiðimenn

Fjórhjóraævintýri nefnist fyrirtæki í Grindavík sem sérhæfir sig í að skipuleggja ferðir og aðra viðburði fyrir fyrirtæki og hópa. Þar verður Jakob Sigurðsson fyrir svörum.

„Fjórhjólín eru einna vinsælust hjá okkur en við bjóðum upp á afþreyingu af öðrum toga líka, hella-skoðun, reiðhjóraferðir, hópeflisleiki, sig og inniklifur svo nokkuð sé nefnt,“ segir Jakob þegar hann er beðinn að lýsa starfsemi fyrirtækisins Fjórhjóraævintýris sem gert er út frá Grindavík.

Hann segir stundum heila daga skipulagða fyrir hópa, með ferðum, leikjum og máltíðum. „Fólk hefur gaman af því að prófa allt,“ útskýrir hann. „Þetta er búið að vera mjög vinsælt og við höfum verið með dans og hvaðeina sem okkur dettur í hug til að gera dagana skemmtilega.“

Grunnleiðirnar sem farnar eru á fjórhjólum liggja bæði til fjalls og fjöru og taka frá klukkutíma upp í þrjá að sögn Jakobs. „Við þræðum gamla slóða eftir kindur og veiðimenn og berum virðingu fyrir náttúrunni og sögunni á svæðinu,“ segir hann. „Selatangi er til dæmis gamall útróðrarstaður sem gaman er



Jakob segir leiðsögumennina bera virðingu fyrir náttúrunni og sögunni á Suðurnesjum.

að heimsækja,“ bendir hann á og lýkur líka lofsorði á útsýnið ofan af Hagafelli á góðviðrisdögum. Þangað segir hann auðvelt að komast á hjólunum. En þarf ekki sérstök réttindi til að keyra fjórhjól? „Jú, það þarf bílpróf. Þau eru skráð á götuna eins og bílar.“

Hann segir fyrirtækið leggja áherslu á að hafa öryggi í fyrirrúmi þegar ferðast sé á hjólunum og allir sem vinni í fyrirtækinu hafi lokið skyndihjálparnámskeiðum. „Svo erum við með talstöðvar og tengdir björgunarsveitum,“ tekur hann fram.

Jakob segir Grindavíkursvæðið ríkt af hellum. Einn þeirra verður oftast fyrir valinu þegar sóst er eftir hellaferð. Hvelving hans er stór og þar niðri er kolniðamyrkur en allir væðast vasaljósum sem fara þangað inn. „Ef við fáum stóra hópa þá skiptum við þeim gjarnan upp. Við erum með fimmtán fjórhjól og getum tekið þrjátíu manns á þau en ef um stærri hópa er að ræða fer kannski helmingurinn í hellaskoðun og hópefli á meðan og skiptir svo,“ lýsir Jakob og bendir á heimasíðuna [www.atv4x4.is](http://www.atv4x4.is).

-gun

## Ný í gamla kaupfélaginu

Margrét Rún Guðmundsdóttir hefur tekið við rekstri Leifsbúðar í Búðardal, þar sem kaffihús, sem veitingamaðurinn Örlygur Ólafsson rak, var opnað síðasta sumar. „Ég var að vinna á auglýsingastofu í Reykjavík sem fór á hausinn í maí. Þetta verkefni kom upp í hendurnar á mér og þá var annað hvort að hrökkva eða stökkva.“

Margrét segir að mikið verði um að vera í Leifsbúð í sumar, meðal annars trúbadorakvöld og myndlistarsýningar, auk þess sem dagskrá verður tileinkuð rithöfundinum Jóni Kalman.

Leifsbúð er sögufrægt hús sem þekkt er sem gamla kaupfélags-



Í Leifsbúð verður mikið um að vera í sumar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

húsið á meðal Dalamanna en þar er nú að finna sýningu tileinkaða landafundum þeirra feðga Eiríks rauða og Leifs heppna.

Leifsbúð verður opin alla daga í sumar frá klukkan 10 og fram eftir kvöldi eða eins og eftirspurn er eftir.

-mmf





Kaffibíllinn verður á ferðinni í sumar og verða hvers kyns útihátíðir helstu viðkomustaðir. MYND/ÚR EINKASAFNI



Jónína segist lengi hafa gengið með hugmyndina í maganum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARÍ

# Kaffihús á fjórum hjólum

Kaffibíllinn er nýstofnað fyrirtæki sem ætlar að bjóða gestum útihátíða hágæðakaffi í sumar. Jónína Tryggvadóttir, einn eigenda fyrirtækisins, vonar að þessi þjónusta festi sig í sessi.

„Með þessu móti vonumst við bara til að sem flestir geti gætt sér á hágæða kaffi á góðu verði á einhverjum tímamarki í sumar, enda verðum við með allar helstu kaffidrykki í boði, latté, cappuccino, espresso og margt fleira,“ segir Jónína Tryggvadóttir, sem ætlar ásamt þeim Njáli Björgvinssyni og Hrönn Snæbjörnsdóttur að færa gestum útihátíða ferskt og ilmandi kaffi í sumar undir formerkjum hins nýstofnaða fyrirtækis, Kaffibílsins.

Að sögn Jónínu höfðu þau Njáll gengið með hugmyndina í maganum í nokkur ár, áður en þau létu af henni verða. „Við unnum bæði hjá Te og kaffi í nokkur ár og fórum eitt sinn á vegum fyrirtækisins til Siglufjarðar,

tókum þangað vel með okkur og helltum upp á fyrir fólk gegn vægu gjaldi. Okkur fannst alveg æðislegt að ferðast um landið og geta boðið upp á kaffið á útihátíðum. Leikinn endurtókum við svo nokkrum sinnum á þeirra vegum. Okkur langaði seinna til að gera eitthvað sjálf í málinu en það var þó ekki fyrr en Hrönn ræddi hugmyndina við okkur í fyrra að hlutirnir fóru að gerast. Eftir það höfum við verið að vinna að þessu með öðru síðan í vetur.“

Jónína segir þjónustu sem þessa þekkjast víða erlendis, meðal annars á Norðurlöndunum þar sem einnig er algengt að kaffiþjónar ferðist um á reiðhjólum og bjóði upp á kaffi. Þótt þjónustan sé ekki ný á nálinni hérlendis vonast Jónína til að góðar viðtökur festi hana betur í sessi.

„Fyrst um sinn verðum við bara með eina bifreið til umráða. Við höfum ein-

Hver kaffibóli mun kosta 300 krónur.



mitt verið spurð svolítið að því hvernig við ætlum að fara að þessu, þar sem oft er mikið um að vera sömu helgina. Auðvitað væri best að geta verið með starfsemi á nokkrum stöðum í einu,“ viðurkennir Jónína og neitar því ekki að draumurinn væri að eignast fleiri bíla í framtíðinni.

Þegar er kominn reynsla á starfsemi, þar sem þau Jónína, Hrönn og Njáll mættu til leiks á fótboltamót á Akranesi um síðustu helgi og fóru viðtökur langt fóru fram úr væntingum. Kaffibíllinn verður svo á ferð á fjölskylduhátíð á Flúðum um næstu helgi þar sem reiknað er með að um 2.000 manns láti sjá sig. „Svo taka við Írskir dagar á Akranesi um verslunarmannahelgina og þæjumótið helgina eftir það. Þannig að það er nóg að gera hjá okkur,“ segir Jónína og bætir við að enn sé eitthvað laust og því um að gera að hafa samband til að tryggja sér komu þeirra.

-rve



Jólagarðurinn og Smámunasafnið við Saurbæ í Eyjafirði eru óvenjulegir og skemmtilegir viðkomustaðir.

## Hin rómaða Eyjafjarðarsveit

Það er allt of oft sem við höldum okkur þvermóðskulega við það að keyra hringveginn án þess að gæta að gullfallegum sveitunum allt í kring sem lengja ferðina kannski ekkert svo mikið.

Einn sá staður sem gaman er að sækja er Eyjafjarðarsveit, þar sem hinn mikli mjólkuriðnaður Norðlendinga geymist. Í Eyjafjarðarsveit má líka finna heilsu-hælið Kristnes.

Jólagarðinn er alltaf skemmtilegt og svolítið skondið að heimsækja á heitum júlídögum, en þar er alls kyns jóladót til sölu árið um kring.

Fallegu kirkjusetrin á Grund, Saurbæ og Möðruvöllum er alltaf gaman að keyra framhjá og Smámunasafnið í félagsheimilinu Sólgarði er einstakt - fullt af alls kyns hlutum.

-jma

# Sumarfríið hefst hjá okkur

**TILBOÐ 20% AFSLATTUR AF INNO VÖRUM Í JÚNÍ**

Albox í ýmsum stærðum

Toppgrinda-bogar

Sætis-áklæði

Viair loftdællur í nokkrum stærðum

Farangursbox

Veiðistanga-festingar

Reiðhjóla-festingar

Arctic Trucks - Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími 540 4900

## SUMARGJÖF - HVALASKOÐUN - HEIMSÆKIÐ BLÍÐU RISANA Á HÚSAVÍK

Líklega lang langbesti staðurinn á Íslandi fyrir hvalaskoðun...

**KÍKTU Á HVAL**

Sumarkveðja, Starfsfólk GG

Gildistími í Júní\* og Júlí\*\*

# 2 fyrir 1

Pessi miði gildir í hefðbundna hvalaskoðunarferð með GG á Húsavík samkvæmt tímaáætlun og aðstæðum. Þú framvisar miðanum í afgreiðslu, greiðir fyrir 1 farþega og færð 2 farmiða. Njóttu vel og góða skemmtun.

\*Gildistími í júní. Brottfarir kl 16:45 og 20:15  
\*\*Gildistími í júlí. Brottfarir kl 20:15

Sími: 464 1500 • [www.gentlegiants.is](http://www.gentlegiants.is) • [info@gentlegiants.is](mailto:info@gentlegiants.is)



# ÍSLAND Á EIGIN VEGUM

SUMARIÐ 2009

EXPO - www.expo.is

Kynntu þér  
möguleikana á  
[www.re.is](http://www.re.is)



Vesturvör 34  
200 Kópavogur  
☎ 580 5400  
main@re.is  
www.re.is



Hjalteyrargötu 10  
600 Akureyri  
☎ 550 0700  
sba@sba.is  
www.sba.is



## Nudd

New!!! body massage any time. 847 6555.

## Faglegt heilnudd

Heilsusamlegt, slakandi og heitsteina nudd. Karólína, nuddari/sjúkraþjálfari. Uppl. í s. 694 6518.

Nudd.Nudd.Nudd.Whole body massage for you! Alena.S.841 1837.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Tantrik massage in down town any time! 869 8602

Whole body massage. S. 841 8529.

## Spádómar

Hanna s. 555 2927

Spá Draumar Fyrirbæni

Opið frá kl. 12-24, tek einnig í einkatíma

www.orlagalinan.is

Örlaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Ljósíð S. 908 6060

Tarot, miðlun, fyrirbæni, trúnaður.

Aðgát skal höfð í nærveru sílar.

Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn vísa/euro

Kærleiks-ljósíð

Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla

VISA 566 7311 EURO

-SÍMASPÁ - Einkatímar  
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elisabet.

Spásíminn 908 5666. Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Iðnaður

## Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta  
Sími 893 1733

Jón Jónsson  
Löggiltur rafverktaki  
www.raflagnir.is

## Viðgerðir

Erum fluttir að Skemmuvegi 34, 200 Kópavogur brún gata

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR  
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA  
Vélaverkstæði JS

Vélaverkstæði JS  
Skemmuvegi 34 200 Kópavogur  
Netfang: velaverkjs@velaverkjs.is  
Símar: 554 0661 - 897 4996 699 2502  
www.velaverkjs.is

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorð, sláttutruktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Trésmiði

SÓLPALLAR

Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallaemið í 16 ár, erum snögg og vörðum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660. Ólafur  
www.betripollar.com



## Minigolf

9 holu minigolfvöllir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félags-samtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útileiktæki og almenn trésmiðavinnu, smíðum borð með áfötum bekkjum. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergíójan ehf Smíðshöfða 12, pukinn@simnet.is

smidaland.is  
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Önnur þjónusta

GSG VEGMERKING

- Bilastæðamálun
- Vélsópun
- Malbiksviðgerðir

s. 588 4000 www.bilastaedi.is

Tek að mér að rífa hús  
Tek að mér að rífa hús og alla aðra lóða vinnu. Uppl. í s. 770 7133.

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu

www.stubbahus.is  
Íslensk framleiðsla  
Einkaleyfisvernduð

Stubbahús úr ryðfriú áli.

Pöntunarsími: S: 555 6200

stubbahus.is  
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Kafaragræjur til sölu  
Kafaragræjur til sölu með öllu. Verð 120þús. Uppl. í s. 899 2857



## STUBBASTANDAR

Bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Kaupi gull  
Gegn staðgreiðslu.  
Ég Magnús Steinþórsson gull-smiðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.  
Upplýsingar á demantar. is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 Verið velkomin

Staðgreiðum gull, demanta og úr.  
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
www.kaupmalltull.is  
Upplýsingar í síma 661 7000.

Óska einnig eftir handfærarullum til kaups. s. 822 3650.

## Hljóðfæri

Tilboð

Dúndurtilboð!  
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommuset kr. 49.900 með öllu. Gitarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Tölvur  
Er tölvun biluð?  
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga

Harðviður til húsbýgginga.  
Sjá nánar á www.vidur.is  
Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihúrdi, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrabraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun  
NÝ SENDING!! Str 36-58 Emíla Bláa húsin Faxafeni s:588-9925 clamal.is

ÚTSALA ÚTSALA ÓTRÚLEG VERÐ

KJÓLL CHARM

SMALL - MED LARGE - XL

1.995 Aður 8.995

Egg MED NULSU HRADASTILLIR

995 Aður 3.995

FIDRILDI ASPENNIOLAR FIARSTYRING HRADAST.

1.995 Aður 6.995

PRÁDLAUST EGG DREGUR 20 METRA VATNSHELT

3.995 Aður 11.995

HÖFRUNGUR F/PÖR PRÁDLAUS TEGJANL 7 STILLINGAR

2.995 Aður 7.995

Rómantik.is

Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500 (Horninu á Frakkastíg)

Opið: Virka daga 12-20 Laugardaga 12-18

Amor

Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-

Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum

• INTIMO •

Órugglega besta rakgelið!

Tökum að okkur heimakynningar. ATH!

VSK af þegar pantað er á netinu!

Skúlagata 40a s. 562 2433 Dalvegur 16a s. 562 2445 www.amor.is

## Ýmislegt

Tómstundahúsið

Plastmódel í miklu úrvali. Tömstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

## HEILSA

Heilsuvörur  
Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reyndla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.eco.is Ný netverslun: www.bettheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni  
Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd  
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!  
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tibet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd! S. 823 8280.

Tantric Massage of Sacred touch  
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting

Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •  
Sími 551 2042 / 694 1275 www.hairandbodyart.net Lynette Jones

Pú getur gert kraftaverk  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

## Þjónusta

Parketslípun sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 690 5115

golflist@golflist.is www.golflist.is

Gólf list  
Parketlagnir og viðhald



Harðviður til húsbýgginga.  
Sjá nánar á www.vidur.is  
Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihúrdi, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrabraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



Stærri limur betri limur  
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is  
bathmate.is



## Tilkynningar



### Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að endurbýgging Skíðadalavegar, milli Skáldalækjar og Brautarhóls og milli Hofsrar og Ytra-Hvarfs, Dalvikurbýggð, skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 25. júlí 2009.

Skipulagsstofnun



### Efnistaka úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar

### Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Skipulagsstofnun telur að áhrif aukinnar efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar óhjákvæmilega verða varanleg og neikvæð á landslag og jarðmyndanir sem og sjónræn áhrif hennar, en efnistakan er í samræmi við markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að efnistakan muni hafa neikvæð áhrif á grunn- eða neysluvatn, en stofnunin hvetur til þess að við starfsleyfisgerð verði hugsað fyrir ráðstöfunum til að hætta á mengunarsýsum verði í algjöru lágmarki.

Álitid í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matskýrsla framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Skipulagsstofnun



Reykjavíkurborg  
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

#### Starhagi, æfingasvæði KR

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Starhaga, æfingasvæði fyrir KR. Frækari útfærsla er háð nánari hönnun.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 24. júní 2009 til og með 5. ágúst 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is). Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið [skipulag@rvk.is](mailto:skipulag@rvk.is), til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 5. ágúst 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 24. júní 2009  
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071

## Til sölu

**Föndurverslun til sölu**  
Til sölu þekkt verslun með  
vinsælar föndurvörur.  
Góð aðstaða til námskeiðshalds.  
Nú er rétti tíminn að undirbúa haustið.  
Tiltölulega auðveld kaup.  
**Upplýsingar í s. 824 2480.**

## Fasteignir

### Norðurbakki 25A 220 Hafnarfjörður Besta verðið í Norðurbakkanum

Stærð: 128,9 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2007  
Brunabótamat: 29.750.000



Opíð hús í dag 24.6 18:00-18:30

Verð: 39.900.000

Störglæsileg 4herbergja útsýnisíbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði. Íbúðin er mjög vel staðsett, með óskertu útsýni yfir sjóinn. Íbúðin er mjög björt og vönduð. Forstofan er með skápum upp í loft. Gólfni íbúðarinnar er eikarparket. Svefnherbergin eru með stórum gluggum og góðu skáplássi. Sjónvarpshol fyrir framan svefnherbergi. Eldúss með eikarinnréttingum og eyju opíð inn í stofu.

Stórar yfirbyggðar svalir með útsýni yfir sjóinn

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - [www.remax.is](http://www.remax.is)

**RE/MAX**  
Lind

Hannes  
Steindórsson  
SÍMI 588 5066  
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.



thorarinn@remax.is

**LYNGVÍK**  
FASTEIGNASALA

Sigrún Gissuraradóttir, löggiltur fasteignasali

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.

SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790

WWW.LYNGVIK.IS

LYNGVIK@LYNGVIK.IS

### SÉRBYLI ÓSKAST TIL LEIGU Í GARÐA- BÆ EÐA MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK.

Hef verið beðinn að útvega 3ja manna fjölskyldu Gott einb. par eða raðhús til leigu í eitt ár eða eftir samkomulagi. Leiga greidd fyrirfram.

Allar nánari upplýsingar  
veitir Steinar S. Jónsson lögg. leigumiðlari  
í síma 898-5254.

## Styrkir



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um styrki til námskeiða í íslensku haustið 2009

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Stefnir er að því að úthluta allt að 40 milljónum króna til þessara nota haustið 2009.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna fylgja umsókninni.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi.

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur eru aðgengilegar undir flokknum sjóðir og eyðublöð á vef menntamálaráðuneytis: [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is). Umsóknir skal senda á postur@mrn.stjr.is. Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2009.

Menntamálaráðuneyti, 19. júní 2009.  
menntamálaráðuneyti.is

**Gefðu  
dýrmætasta  
efni  
í heimi**

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
[www.hjst.is](http://www.hjst.is)

Auglýsingasími  
A 512 5447

**ALLT**



**VÍSIR.IS**

"...ég sá það á vísi"

## Fasteignir

### Einbýlishús óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. ágúst.

Áhugasamir sendi á [box@frett.is](mailto:box@frett.is)

**FASTEIGNASALA ÍSLANDS**

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066

Haukur Geir Garðarsson víðskiptifræðingur og löggiltur fasteignasali

### BOÐAGRANDI 7 - LÆKKAD VERÐ

4



#### OPÍÐ HÚS Í DAG KL. 17-19

Í einkasölu góð 4ra herbergja útsýnisíbúð á 3. hæð (3-A) í lyftuhúsi ásamt staði í bílskilyi, á þessum vinsæla stað. Hol, stofa með suðvestursvölum, 3 svefnh., eldhús og baðh. Góð sameign. SKIPTI ATH. Á 2-3JA HERB. ÍB. LÆKKAD VERÐ: 23,9 MILLI. Hallur tekur á móti ykkur.

**101 REYKJAVÍK**  
FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • [www.101.is](http://www.101.is) • 101@101.is

### Efstasund 53 – 104 Reykjavík.

OPÍÐ HÚS Í DAG MILLI KL.: 17.30 - 18.30



**OPÍÐ HÚS**

Um er að ræða 98,3fm einbýlishús ásamt 39,6fm bílskúrs á góðum stað í Sundunum. Húsið skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, sjónvarpsherbergi, 2 herbergi og baðherbergi. V-25,9millj. (5286)

Sölumaður verður á staðnum í dag milli kl.: 17.30-18.30

flest eru nú tæknilega gjaldþrota, ráði vart við byrðarnar sem á þau eru lögð.

Fyrir efnahags- og skattanevnd Alþingis liggur frumvarp sem felur í sér tillögur um breytingar á tekjuskattslögum. Þar á meðal eru tillögur um fimmtán prósentu skatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila, þær sömu og Finnur nefndi. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar í gær og verður áframhald á umfjöllun um málið í vikunni.

Forsvarsmenn nokkurra af stærstu og umsvifamestu fyrirtækja landsins og aðilar sem þeim tengjast funduðu með nefndinni fyrr á árinu og sendu inn umsagnir um frumvarpið í kjölfarið í mars.

Allir þeir sem Markaðurinn ræddi við voruðu við hættunum sem stafa af því að frumvarpið fari óbreytt frá nefndinni auk þess sem nokkur atriði sem þar sé að finna séu beinlínis röng.

Í umsögnum sem Markaðurinn hefur séð er því vísað á bug að álögur á borð við þær sem stjórnvöld hyggist setja séu til í nágrannalöndunum. Þvert á móti hafi verið dregið úr álögum og sköttum á vaxtagreiðslur til erlendra lánveitenda víða. Þær fyrirfinnist ekki lengur á Norðurlöndunum auk þess sem markmiðið hafi verið að afnema skatta sem þessa innan Evrópusambandsins.

Viðmælendur Markaðarins segja nefndinni vissulega ganga gott til enda sé með frumvarpinu gerð tilraun til að skattleggja útstreymi á vaxtagreiðslur til erlendra eigenda krónueigna sem festust inni með eign sína við setningu gjaldeyrishaftanna í fyrravetur.

Einn viðmælenda líkti frumvarpinu hins vegar við það að skjóta mýflugu með haglabyssu fari það óbreytt gegnum Alþingi. Hætt sé við að fleiri verði fyrir skaða en stefnt sé að.

Allir viðmælendur Markaðarins sögðu ljóst hvert stefndi verði óbreytt frumvarpið að lögum. Verði fimmtán prósentu skattur lagður á vaxtagreiðslur erlendra aðila sem lánað hafi íslensku fyrirtækjum fé til rekstrar muni það koma harðast niður á innlendum fyrirtækjum. Erlendir lánardrottnar sleppi með skrekkinn enda leggist skatturinn einfaldlega ofan á vaxtaálag erlendra lána og við það þyngist byrðar á íslensk fyrirtæki enn frekar.

Ekki liggur þó fyrir hvert stefni en vera kanna að erlendir lánveitendur snúi baki við íslenskum fyrirtækjum. Íslenska efnahagshrúnið frá í fyrrahaust og þær afskriftir sem erlendir lánardrottnar horfa fram á spila stóra rullu.

„Við erum að skoða málið. Gagnrýnin er eitt af þeim atriðum sem við munum skoða fyrir aðra umræðu málsins,“ segir Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanevndar. Hann gerir ráð fyrir að ákvörðun verði tekin um það fyrir vikulok hvort ákvæðið um ádráttarskattana muni standa óbreytt eða verði tekið út.

#### TRAUSTIÐ VANTAR

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, benti á það á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í síðustu viku að trúverðugleiki Íslendinga hefði fokið út í veður og vind í kjölfar efnahagshrunsins í fyrrahaust og séu margir á tossalista erlendra lánardrottna.

Hún benti á að aðgangur íslenskra fyrirtækja að lánsfjármagni sé mjög takmarkaður og þurfi að grípa til aðgerða til að bæta úr því. Það sé ekki síst áhyggjuefni þar sem endurfjármögnun margra fyrirtækja er í mikilli óvissu nú um stundir.

Treysta þurfi trúverðugleika íslensks efnahagslífs á nýjan leik

til að byggja upp atvinnulíf til frambúðar, svo sem með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru og bindi hún vonir við að það geti flýtt fyrir endurreisninni.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst mun þolinmæði lánardrottna íslenskra fyrirtækja ekki óþrjótandi. Kjósi þeir að útdeila fjármunum sínum í tryggara efnahagshverfi en því sem hér virðist vera að rísa úr rústum efnahagshrunsins.

„Þetta (skattar á vaxtagreiðslur) sendir þeim mjög röng skilaboð og getur verið stórhættulegt við núverandi aðstæður,“ segir einn sérfræðinga á fjármálamörkuðum í gær. „Þetta er ekki það sem þjóðin þarf á að halda.“

## Atvinnulífið í öndunarvél

Stjórnarformaður ársins segir tilraunina með krónuna fullreynda

Íslenskt atvinnulíf er í öndunarvél á gjörgæsludeild á meðan uppgjöri gömlu og nýju bankanna er ólokið. Þetta segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP, sem Viðskiptablaðið útnefndi á dögum um stjórnarformann ársins.

Vilhjálmur hélt erindi á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í síðustu viku þar sem hann sagði peningastefnuna fullreynda og yrði að grípa til aðgerða sem dygðu atvinnulífinu til framtíðar.

Vilhjálmur tók undir með Kristínu Pétursdóttur, forstjóra Auðar

Capital henni og bætti við að tilraunin með krónuna – minnsta gjaldmiðil heims – væri fullreynd. Sækja þurfi um aðild að Evrópusambandinu og innleiða evruna eigi að byggja hér um atvinnulíf á traustum grunni.

- jaf



**STJÓRNARFORMAÐUR ÁRSINS**  
Tilraun með krónuna er fullreynd. Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er næsta skref, segir stjórnarformaður CCP.

MARKAÐURINN/VILHJÁL

# Á FERÐALAGI

● 26. - 27. júní	Ólafsfjörður, Fjallabyggð	Blúshátíð
3. - 4. júlí	Höfn í Hornafirði	Humarhátíð
10. - 11. júlí	Akureyri	Landsmót UMFÍ
17. - 18. júlí	Flúðir	Útilega Bylgjunnar
24. - 25. júlí	Fjarðabyggð	Franskir dagar o.fl.

<b>Verzlunarmannahelgin um land allt</b>		
7. - 8. ágúst	Dalvík	Fiskidagurinn mikli
14. - 15. ágúst	Rangárvöllum við Hellu	Sumarhátíð
21. - 22. ágúst	Reykjavík	
28. - 29. ágúst	Hveragerði	Blómstrandi dagar

## BYLGJAN

# á ferðalagi

## Ólafsfjörður næstu helgi!

**FÖSTUDAGUR:**  
Í bítíð  
Ívar Guðmunds  
Siggí Ragg  
Reykjavík síðdegis

**LAUGARDAGUR:**  
Hemmi Gunn og Svansí strax  
að loknum hádegisfréttum

989

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**Bylgjan og Olís fara umhverfis landið á 80 dögum í sumar. Um hverja helgi leggjum við undir okkur nýjan áfangastað – byrjum í bítíð á föstudagsmorgni og förum ekki fyrr en Hemmi og Svansí ljúka leik síðdegis á laugardegi. Við drögum vikulega úr potti Ævintýraeyju Olís og bregðum á leik með hlustendum Bylgjunnar um allt land.**

**Sjáumst hress á Blúshátíð á Ólafsfirði um næstu helgi!**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Ólíkt Nýfundnalandi í Heimskreppunni miklu nýtur Ísland stuðnings AGS. Nýfundnaland glataði sjálfstæði.

## Valkosturinn við alþjóðasamstarf

Óli Kristján Ármannsson

Gerðar hafa verið lærdar úttektir á mismuninum á stöðu Íslands og Nýfundnaland. Nokkru eftir seinna stríð varð ofan á hjá nágrönnum okkar í vestri að ganga til liðs við Kanada, meðan Íslendingar völdu leið sjálfstæðis og sjálfstjórnar.

Á Nýfundnalandi hafa verið viðvarandi félagsleg vandamál, atvinnuleysi gífurlegt, skortur á uppbyggingu og nær þriðjungur þeirra sem þar búa ólæsir. Hér hefur hins vegar uppbygging verið mikil og landið í raun blómstrað sem vestrænt velferðarríki.

Því má hins vegar velja fyrir sér hvort þarna hafi skilið leiðir í samanburði, eða hvort raunveruleg hættu sé á að Ísland rati leið Nýfundnaland. Vandræði Nýfundnaland, sem var áður sjálfstætt ríki, hófust nefnilega nokkru fyrr. Á níttjándu öld má segja að landið hafi blómstrað, en þar var þing stofnað árið 1832. Á seinni hluta aldarinnar var Nýfundnaland gerði verslunarsamninga við nágrannaþjóðir sínar og gekk nokkuð vel, en fór svo út á varasama braut með miklum alþjóðlegum lántökum til að fjármagna hina og þessa uppbyggingu. Árið 1933 námu skuldir þjóðarinnar um 100 milljónum dala á móti þjóðarframleiðslu upp á þrjátíu milljónir dala. Heimskreppan sem þá var í garð gengin gekk svo endanlega frá þjóðarhag eyjarskeggja þegar verðfall varð á fiskmörkuðum, en fiskur var jú helsta útflutningsafurð íbúa Nýfundnaland. Landið gat ekki staðið við skuldbindingar sínar og Bretar tóku þar yfir stjórn á ný. Eftir stríð kusu íbúar Nýfundnaland um það hvort þeir vildu áframhaldandi landstjórn Breta, sjálfstæði eða innlimun í Kanada. Frá 1949 hefur landið verið hluti af Kanada.

Nú gengur yfir heimskreppa, Ísland er skuldum vafið og með nokkuð einhæfan útflutning, svipað og Nýfundnaland. Munurinn er helstur sá að við njótum stuðnings alþjóðasamfélagsins við að standa við skuldbindingar okkar og þar með við að halda sjálfstæðinu. Á þetta bæði við um samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og samninga við Breta vegna Icesave.

Þeir sem halda því fram að hér eigi að hafna samkomulaginu sem gert hefur verið við Breta og jafnvel slíta samstarfinu við AGS þurfa að svara því hvaða framtíð þeir sjái fyrir sér okkur til handa. Hvernig þjóðfélag verði hér hægt að byggja upp þegar við höfum barið af okkur þá sem reyna að koma til aðstoðar, eins og stundum kemur fyrir drukknandi menn. Getur verið að fyrir þessu fólk vaki ekki annað en að við fáum að drukknar í friði? Eða sjá menn ekki lengra en nemur þeim skammvinna ávinningi að slá pólitískar keilur með óábyrgri yfirlýsingagledi.

Má ég heldur biðja um að við höldum áfram samstarfi við þjóðirnar í kring um okkur um endurreisn. Leitumst við að standa við skuldbindingar okkar og borgum hreinlega fyrir mistök fyrri tíma, frekar en að við hrekjumst inn í einhverja örbirgð og sjálfskaparvíti í einangrun frá öðrum þjóðum, sem allt eins gæti endað með því að þjóðin færi á hnjúnum til Dana með beiðni um að taka við okkur aftur, svona þegar við værum búin að fá okkur fullsödd af slátrinu, signa fiskinum og heimagerða fatnaðinum. Í þeirri stöðu væri samlíkingin við Nýfundnaland eftir heimskreppuna á fjórða áratug síðustu aldar orðin óþægilega nákvæm. Þingmenn þurfa að gera nákvæmari grein fyrir afstöðu sinni en segja „við borgum ekki“ ætli þeir að fara þá leið þegar Icesave-samkomulagið verður borið undir Alþingi.

### Auglýsingasími

# 512 5050



– Mest lesið



LANDSBANKINN Í AUSTURSTRÆTI Í REYKJAVÍK Greinarhöfundur bendir á að þótt bankarnir hafi hrunið og ríkið tekið yfir innlenda rekstur þeirra séu hér starfandi fjölmörg smærri fjármálfyrirtæki, þar á meðal fjölmargir sparisjóðir, og í þeirra hópi nokkrir sem „séu í góðum málum“. Nauðsynlegt sé hins vegar fyrir alla sem á þessum markaði starfi að starfsumhverfi þeirra til framtíðar skýrist.

MARKAÐURINN/PIETUR

## Grípa þarf til bankaátaks

Mikil umræða fer nú fram um bankakerfið hér á landi og margir orðnir óþreyjufullir eftir að í því kerfi fari hlutirnir að snúast hraðar. Ríkisvaldið stýrir hér með einum eða öðrum þætti um 75 prósentum af öllum bankakerfinu.

Við þurfum að fara 20 ár aftur í tímann til að sjá svipaða tölu, þegar ríkið átti þrjá banka, Útvegs-, Búnaðar- og Landsbankann, nú heita þeir Íslandsbanki, Kaupþing og Landsbanki. Lítið hefur verið rætt um að sameina þessa banka, selja til nýrra aðila eða láta erlenda kröfuhafa einfaldlega taka einn banka upp í skuldir.

Það er ef til vill ekki tímabært að ræða um sameiningu bankanna, vegna þess að enn vantar allar ákvarðanir um stærð þeirra, efnahagsreikning, eignarhald og framtíðarstjórnun. En ríkisstjórnin hefur nú í hendi sér mikla möguleika til hagræðingar í bankakerfinu og þarf jafnframt sem fyrst að ákveða hvað hún ætlar að gera við þessar eignir okkar.

En það er unnið allt of hægt, það er eins og flestir séu hræddir við að taka ákvarðanir; skilanefndirnar eru hræddar um að baka sér óvild erlendra kröfuhafa, bankamenn eru hræddir vegna þess að þeir vita ekki um framtíð bankans síns og þar með sína eigin framtíð og því er best að

### ORÐ Í BELG

Jafet S. Ólafsson  
frankvæmdastjóri  
Veigs.



gera sem minnst þá eru jú engin mistök gerð. Það er ljóst að innan nokkurra mánaða munu koma nýir stjórnendur að öllum bönkunum og vonandi nýir eigendur að hluta.

Þetta mál er það stórt að ríkisstjórnin verður að taka af skarið og hrinda málum í framkvæmd í bankakerfinu. Það verður að gefa út þau skýru skilaboð að á meðan beðið er eftir endanlegum efnahagsreikningi bankanna þá starfi þeir samt á fullu. Núverandi stjórnendur hafi heimild til eðlilegra lánveitinga og afgreiðslu mála. Bankaráðin séu ekki með puttana í ákvarðanatöku um lánveitingar nema allra stærstu mála.

Ríkisstjórnin verður einnig að gera það upp við sig sem fyrst hvaða banka hún ætlar að sameina, hverja á að selja til innlendra og/ eða erlendra aðila. Eins og staðan er núna er erlender lánmarkaður algjörlega lokaður fyrir innlenda aðila og þeir geta því ekki nýtt sér þá lágu vexti sem nú ríkið á alþjóðlegum markaði. Það verður sem fyrst að opna fyrir aðgang

á erlendum lánamörkuðum. Stórt skref í þá átt er auðvitað lausn á Icesave deilunni, þó hún geti orðið dýr og svo hitt að ná samkomulagi við erlenda kröfuhafa, til dæmis með því að þeir taki yfir einn af íslensku bönkunum.

Það gleymist oft í umræðunni að enn eru hér starfandi fjölmargir sparisjóðir og nokkrir þeirra eru í góðum málum og veita mikilvæga þjónustu. MP banki hefur haslað sér völl sem viðskiptabanki með opnun útibús fyrir almenning og fyrirtæki, það var snjall leikur fyrir lítið fé að fá yfir fjölmarga viðskiptavini SPRON og fleiri án þess þurfa sérstaklega að greiða fyrir það annað en að yfirtaka starfsmannasamninga og leigja fyrrverandi húsnæði SPRON.

Nokkrir aðrir aðilar veita ákveðna þjónustu á bankasviðinu, þó þeir séu ekki komnir í viðskiptabankaumhverfið, þar má nefna VBS fjárfestingarbanka, Saga Capital, Íslensk verðbréf og síðan nokkur smærri verðbréfa-fyrirtæki eins og HF verðbréf og Auður Capital. Í vandræðaganginum með ríkisbankana hefur auðvitað myndast meira rými á markaðnum fyrir þessi fyrirtæki og er það vel. En fyrir alla sem starfa á þessum fjármálamarkaði og þeirra sem njóta þjónustu hans, góðrar eða slæmrar, er mikilvægast af öllu að ríkið ákveði sem fyrst stærð, stefnu og framtíð sinna banka. Við erum öll óbeinir eigendur að þeim og viljum fá sem mest fyrir bankana.

### VIKULEG VEFRÁÐ Í BODI ALLRA ÁTTA

## Er vefsíðan mín góð eða slæm?

Ein af skemmtilegri vefsíðum netheima er [www.webpagethatsuck.com](http://www.webpagethatsuck.com), þar sem farið er yfir vefsíður sem eru afar illa hannaðar og þær metnar. Þar segir meðal annars um fyrstu mánuði þessa árs, að „þetta virðist ætla að verða gott ár fyrir slæma vefsíðuhönnun“.

Af einhverjum ástæðum virðast margir vefhönnuðir vera fastir í því, að vilja koma frá sér „flottum“ síðum, án þess að velja fyrir sér hvort þær virki eða ekki. Þar fyrir utan eru sumar slíkar síður alls ekki „flottar“ og brjóta jafnan alvarlega í bága við hefðbundnar reglur um litanotkun á vefsíðum, svo ekki sé talað um viðurkenndar viðmiðanir um notendavænar síður.

Jón Trausti Snorrason  
frankvæmdastjóri  
Allra Átta ehf.

[www.8.is](http://www.8.is)

En hvers vegna borga fyrirtæki háar upphæðir fyrir slæma vefhönnun, sem þar fyrir utan virkar ekki nægjanlega vel af ýmsum ástæðum? Getur verið, að útlitið eitt sé haft í huga, en hvorki virkni né hvort hún sé notendavæn?

Við bendum vefstjórum og öðru áhugafólki á, að taka prófin á ofangreindri síðu (*checklist 1* og *checklist 2* á [webpagethatsuck.com](http://www.webpagethatsuck.com)) og meta þannig ástand vefsíðu sinnar, eða fá innlenda sérfræðinga til að gera nauðsynlegar athuganir.



# Hagfæði



## BANKHÓLFID

### Bjarni snýr heim frá Noregi

Bjarni Ármannsson, fjárfestir og fyrrum forstjóri Glitnis, ætlar að flytja aftur heim frá Noregi í næsta mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarins. Áður en hann fór hlakkaði Bjarni til að njóta friðsældar og þægilegheita ytra, en kannski hefur friðurinn orðið fullmikill fyrir hans smekk. Honum hefur að auki verið legið á hálsi í umræðu hér heima fyrir að „hlaupast á brott með fúlgur fjár“. Eftir stendur spurningin um hvort breytingar hafi orðið á á öðrum vígstöðvum hjá Bjarna. Hann sagði nefnilega í viðtali við Dagens Næringsliv í apríl að nærtækara væri að búa í Osló en Reykjavík, væri ætlunin að leita að fjárfestingarmöguleikum á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu. Hann hefur kannski komist að raun um að svo væri ekki.



### Breytingar hjá Ernst & Young

Henrik Barner Christiansen, sem áður var endurskoðandi hjá Hróarskeldubanka í Danmörku (Roskilde Bank) hefur misst titil sinn sem meðeigandi hjá endurskoðunarfyrirtækinu Ernst & Young.

Viðskiptablaðið Børsen segir Ernst & Young vísa því á bug að samhengi sé þarna á milli, en bankinn var með fyrstu fórnarlömbum alþjóðlegu fjármálakreppunnar.

Per-Henrik Goosmann, upplýsingafulltrúi Ernst & Young, segir unnið að endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins í Danmörku og um tuttugu meðeigendur hafi verið gerðir að framkvæmdastjórum í tengslum við þær breytingar.



### Tæknin að stríða við yfirfærslu?

Fyrrverandi viðskiptavinir SPRON segja ekki alltaf farir sínar sléttar af skiptunum yfir í Kaupping, en þangað voru innlán SPRON flutt eftir að Fjármálaeftirlitið tók yfir reksturinn. Þannig virðist sem í Kauppingi hafi starfsmenn ekki aðgang að öðru en krónutölu-stöðu á reikningum, eins og þeir voru þegar þeir voru fluttir, en ekki neinni viðskiptasögu. Þykir með ólíkindum eins og tölvutæknin er í dag að ekki hafi verið hægt að færa líka yfir einhverja færslusögu. Vilji fyrrverandi viðskiptavinir SPRON komast í gögn sem sýna færslur fyrir hrun sjóðsins þurfa þeir að snúa sér til skilanefndar SPRON.

**90** prósent þorskkvótans eru bundin við landsbyggðina. Í svari sjávarútvegsráðherra á Alþingi fyrir helgi kom fram að yfirgnæfandi hlutfall aflaheimilda væri á landsbyggðinni, það er utan Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæma.

**130** þúsund króna kostnaðarauki fellur á hverja fjölskyldu vegna skattahækkana á þessu ári, samkvæmt útreikningum hagfræðeildar Landsbankans. Á næsta ári er upphæðin talin nema um 270 þúsund krónum.

**19,5** prósentu rýmun varð á heildarútlánasafni Landsbankans frá því í febrúar á þessu ári samkvæmt verðmati skilanefndar bankans. Útlánasafnið er nú talið 533 milljarða króna virði.

Komdu í GÁP Faxafeni með gamla hjólið og farðu heim á splunkunýju

# Hjóladagur í GÁP



Nú hjólum við í sumar á **Mongoose** og við ætlum að taka gamla hjólið\* uppí á **10.000 kall**, alveg sama í hvaða ástandi það er.

\*einungis fullorðins hjól og gildir ekki með öðrum tilboðum.

**ÞÚ FINNUR MONGOOSE HJÓLIÐ FYRIR ÞIG OG GAMLA HJÓLIÐ ÞITT GÆTI ENDAÐ Í HÖNDUNUM Á EINHVERJUM SEM ÞARF Á ÞVÍ AÐ HALDA.**

Við förum yfir gömlu hjólin, lagfærum þau sem hægt er að lagfæra og gefum til mæðrastyrksnefndar

**MUNIÐ FJÖLSKYLDUAFSLÁTTINN!**



# GAP

WWW.GAP.IS

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**  
S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18 • LAU. KL. 11-16

## mongoose.

**Mongoose, alvöru hjól.**



SAMSUNG CLX-3160FN



**SAMSUNG**

Á SKRIFSTOFUNA!

**FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI**

LITA LASERPRENTARI: Upplausn: 2400 X 600 dpi  
SKANNI OG LJÓSRITUN: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)  
FAXTÆKI: Leshraði: 3 sek. pr/bls - Númeraminni: 30 beint  
ALMENNT: Pappirsbakki inn/út: 150/100 blöð - Minni: 128 MB  
TENINGUR: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

**TILBOÐSVERÐ: 69.900,-**  
VERÐ ÁÐUR: 89.900,-

**NÝR LITA LASER-PRENTARI**



NÝR, NETTUR, HLJÓDLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

Upplausn: 2400 X 600 dpi  
Minni: 32MB  
Hljódmagn: <49dB  
Stuðningur: Windows, Mac OS, 10.3.x og Linux  
Tenningur: USB 2.0

**VERÐ: 45.900,-**

**NÝTT FJÖLNOTATÆKI**



LASER-PRENTARI SKANNI, LJÓSRITUN

Laserprentari: Svart-hvítur  
Prenthraði: 18 bls./min.  
Skanni og ljósrítun: Upplausn: 600x2400dpi  
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux  
Tenningur: USB 2.0

**VERÐ: 37.900,-**

**ORMSSON**

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMULA 9 · SÍMI 530 2800

# Allt til alls!

GILDIR 24.06 - 28.06



**SPARID  
13.000,-**

SPACE FATASKÁPUR ÁÐUR 39.900,-

**26.900,-**

Stærð: H220 x B100 x D60 sm.



FATASTANDUR

**3.990,-**

Hæð: 178 sm.

KRÓM HILLA Á HJÓLUM LÍTL

**3.990,-**



Lítl: B41 x H52 D32 sm.  
Stór: B41 x H75 D32 sm.



KRÓM HILLA Á HJÓLUM STÓR

**4.990,-**

KOLLUR

**2.990,-**



LUPO SKÓHILLA

**2.290,-**

Stærð: B50 x H41 x D26 sm.



ATLANTIS KOJA

**59.900,-**

VERÐ ÁN DÝNU OG BOTNS



OLIVER SJÓNVARPSSKÁPUR

**9.990,-**

Stærð: B80 x H60 D49 sm.



OLSEN FATASLÁ Á HJÓLUM

**4.990,-**

Stærð: B87 x H165 sm.



BARDO BARBORD

**29.990,-**

Stærð: B120 x H106 D50 sm.



KENDALL BARSTÓLL

**6.990,-**



AMANDA GIERBORD

**7.490,-**

Stærð: B60 x L60 D48 sm.



BARSTÓLL

**3.990,-**



DUNDEE HILLA LÍTL

**7.490,-**

Lítl: B40 x H70 x D30 sm.  
Stór: B40 x H100 x D30 sm.



DUNDEE HILLA STÓR

**9.990,-**



ALLT SETTID

**54.900,-**


VIKTOR hornbekkur + borð + 2 kollar  
Góður hornbekkur, borð og 2 kollar. Tilvalið í  
sumarbústaðinni! Borð: B59 x L101 sm.  
Bekkur: B146/106 sm.



PLUS T10 yfirdýna  
Eggjabakkalöguð dýna úr  
kaldsvampi sem eykur  
þægindi og vellíðan.  
Stærð: 140 x 200 sm.  
6.990,-

STÆRD: 90 x 200 SM.

**4.990,-**



PLUS F30 svampdýna  
Vönduð svampdýna  
með eggjabakkalögun  
öðrumegin. Þykkt 12 sm.  
Stærð: 90 x 200 sm.  
9.990,-

STÆRD: 70 x 190 SM.

**7.990,-**

ATLANTIS koja  
Sterk og stöðug koja. Hægt að breyta  
í tvö sjálfstæð rúm. Dýnustærð: 90 x  
200 sm. ATH. verð eru án dýnu  
og botns.

**FRÁBÆRT  
VERÐ!**



STÆRD: 80 x 193 SM.

**1.990,-**

TRINE gestarúm  
Góð lausn er gest ber  
að garði. Stærð: B80  
x L193 sm.



STÆRD: 163 x 208 SM.

**9.990,-**

INTEX

VELOUR COMFORT vindsæng  
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en  
hafa lítið pláss. Innbyggð rafmagnspumpa. Taska fylgir.  
Stærð: B163 x L208 x H50 sm.

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

STEFÁN V. JÓNSSON, STÓRVAL, (1908-1994) FÆDDIST PENNAN DAG.

„Ég er Íslendingur elskan mín og mála það sem er erfðast að mála og aðrir geta ekki eða láta sér ekki detta í hug. Herðubreið og hólana og fjöllin úr Möðrudal og hesta og krakka. Stundum set ég andlit á þá, ekki alltaf, það kaupir þetta jafnt hvort sem er.“

**Stefán V. Jónsson tók að mála á gamals aldri og merkti myndir sínar Stórval. Einnlægur einfaldleiki og litadýrð einkenna myndir hans.**



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. JÚNÍ 1865

## Fyrsti keisaraskurðurinn á Íslandi

Á þessum degi árið 1865 var fyrsti keisaraskurðurinn framkvæmdur hér á landi. Jón Hjaltalín, þáverandi yfirlæknir, sá um skurðinn ásamt Gísla Hjálmarsyni lækni, tveimur frönskum skipslæknum sem staddir voru í Reykjavík og fjórum læknisfræðistudentum. Móðirin, Margrét Arnljótsdóttir, lifði ekki og barnið dó sex mánaða gamalt. Ákveðið var að framkvæma keisaraskurð vegna smæðar konunnar, en samkvæmt Verkamanninum, 36. tölublaði, þann 15. september 1961, var hún einungis 18 þumlungar að stærð,



eða tæpir 46 sentimetrar. „Var það álit allra lækna að hún gæti með engu móti fætt af sér barn með venjulegum hætti. Aðgerðin tókst vel, eftir öllum aðstæðum. Barnið náðist með góðu lífi, 14 marka mey, - en móðirin dó eftir þrjú dægur „af blóðrás hið innri“,“ segir jafnframt í blaðinu.

Fyrsti keisaraskurðurinn sem framkvæmdur var á Íslandi og bæði móðir og barn lifðu var framkvæmdur 45 árum síðar í Reykjavík, í ágúst 1910. Á Íslandi fæðist nú um fimmtungur barna með keisaraskurði.

### MERKISATBURÐIR

- 1000 Kristni er lögtekin á Alþingi.
- 1886 Stórstúka Íslands stofnuð.
- 1923 Listasafn Einars Jónssonar er opnað á Skólavörðuhæð.
- 1956 Hræðslubandalagið svokallaða, framboð Framsóknarflokks og Alþýðuflokks bauð fram í Alþingiskosningum.
- 1968 Nató heldur fund á Íslandi í fyrsta sinn.
- 1974 Bresk stjórnmöld viðurkenna að hafa sprengt kjarnorkusprengru í Bandaríkjunum í tilraunaskyni.
- 1983 Sally Ride, fyrst amerískra kvenna til að fara út í geim, lendir aftur á jörðinni eftir sex daga ferð.



**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósaker, blómvasar, englar, stytur, kerti og margt fleira. Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is  
**S:HELGASON**  
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

### AFMÆLI

**PÉTUR H. BLÖNDAL** alþingismaður er 65 ára.

**LEIFUR BREIÐFJÖRD** myndlistarmaður er 64 ára.

**LIONEL MESSI** knattspyrnumaður er 22 ára.

**SISSEL KYRKEBØ** sópransöngkona er fertug.



**STOLT** Laufey Jensdóttir er bæjarlistamaður Garðabæjar. Hún hefur látið fjölbreytileikann ráða för á ferlinum. Skemmtilegt þykir henni að tefla saman ólíkum efnum, vera hvort tveggja í senn órlítið væmin og ögrandi.



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAİK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík Sími 587 1960 www.mosaik.is

LAUFEY JENSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR: ER BÆJARLISTAMAÐUR GARÐABÆJAR

## Gaman að koma á óvart

„Þetta er bara alveg frábært. Ég er afskaplega stolt,“ segir Laufey Jensdóttir myndlistarmaður, sem var valin bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2009. Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar afhenti Laufeyju starfstyrk listamanns við hátíðlega athöfn í Vídalínskirkju á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Laufey er fædd í Reykjavík árið 1961 en uppalin í Dalasýslu. Hún hefur verið búsett í Garðabæ síðastliðin 25 ár. Hún útskrifaðist með BA gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2002 og ári síðar lauk hún Diplómaprófi í kennslufræði frá sama skóla. Hún hefur sérhæft sig í leirlist en að undanförunu hafa aðrir miðlar verið henni hugfölgjarnir. „Ég hef verið að mála á olíu og í akríl. Ég hef ekki fest mig í einum miðli frekar en öðrum, enda geta aðstæður skapað efniviðinn. Mér finnst bara ofboðslega gaman að prófa mig áfram og koma um leið svoltíð á óvart.“

Laufey hefur haldið einkasýningar á verkum sínum og tekið þátt í mörgum

samsýningum hérlendis. Þá hefur hún ásamt fleirum unnið ótullegra að því að auka sýnileika listamanna í Garðabæ. „Ég og fleiri g myndlistarmenn í Garðabæ viljum vekja athygli á að hér er fullt af skapandi og starfandi listamönnum. Í ljósi þess hversu hörðum höndum ég hef unnið að því að undanförunu finnst mér þessi útnefning ekki síður viðurkenning á því starfi,“ segir hún stolt í bragði.

Hópurinn hefur svo sannarlega ekki setið auðum höndum síðan hann var stofnaður. Til marks um það stóðu nítján listakonur innan hans fyrir gjörningi á Kvennadayinn 19. júní í samráði við Kvennahlaupsnefnd, í tengslum við og í tilefni af 20 ára afmæli Kvennahlaupsins. „Þetta var fjölmennasti listgjörningur sem hefur verið framkvæmdur hér á landi þar sem allar konur í hlaupinu tóku þátt í honum,“ segir Laufey og bætir síðan við að hópurinn sé mjög stoltur af þessu stóra samstarfsverkefni, sem hefði að sjálfsögðu verið ógerlegt án þátttöku allra kvennanna í hlaupinu og vill hún koma sérstöku

þakklæti á framfæri við þær og eins styrktaraðila hlaupsins.

Þetta er þó aðeins upphafið á samstarfinu að sögn Laufeyjar. Næst á dagskrá er Jónsmessugleði í Garðabæ í kvöld klukkan 20, sem kallast Gefum, gleðjum, njótum og á Laufey hugmyndina að henni. Hún er unnin í samstarfi við bæjaryfirvöld í Garðabæ, tónlistarfólk, skáta og fleiri. „Við listamennirnir ætlum að vera með útilistasýningu með fram strandlengjunni, eins og ég kalla það,“ segir hún og vísar þar í strandlengjuna í Sjálandshverfi. „Þar ætlum við að sýna listaverk og höfum fengið til liðs við okkur tónlistarmenn og fleira listafólk úr Garðabæ og vonumst til að sem flestir bæjarbúar komi saman til gefa, gleða aðra og njóta og skapa eftirminnilega kvöldstund,“ segir hún.

„Við sem stöndum fyrir þessari hátíð vonum að hún verði að árlegum viðburði. Ég hvet bara sem flesta til að mæta og lofa einstakri upplifun, þar sem list og náttúra eru í öndvegi höfð.“

roald@frettabladid.is




**Ásu Sigríðar Hilmarsdóttir**  
Akraseli 34, Reykjavík.

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,*

**Hans Kristinnsson**  
**Hilmar Hansson**  
**Hans Jakob Hilmarsson**  
**Anna Hansdóttir**  
**Ása Sigríður Sigurðardóttir**  
**Hafdís Hansdóttir**  
**Briet Glóð Pálmadóttir**  
**Svanhildur Hilmarsdóttir**  
**Ósk G. Hilmarsdóttir**

**Kristinn Már Hilmarsson**  
**Emil Jóhann Sigurðsson**  
**Pálmi Dungal**  
**Ólafur Friðsteinnsson**  
**Gunnar Harrysson**




**Þorbjörg Hólmfríður Sigurjónsdóttir**  
Míðtúni 80, Reykjavík,

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 17. júní, verður jarðsungi frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. júní kl. 11.00.

**Guðlaug Friðriksdóttir**  
**María Friðriksdóttir**  
**Ragnar Einarsson**  
**Grímur Andrésson**  
barnabörn og barnabarnabörn.




**Ingi Björn Halldórsson** er látinn.

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Anna Guðný Ingadóttir**  
**Brynja Ingadóttir**  
**Brjánn Ingason**  
**Inuk Jóhannesson Dingler**  
**Valborg Guðmundsdóttir**  
**Hallbera Guðmundsdóttir**  
**Björg Brjánsdóttir**  
**Guðrún Brjánsdóttir**  
**Ingi Brjánsón**

**Hans Dingler**  
**Guðmundur Hreggviðsson**  
**Bryndís Björgvinsdóttir**




**Dagný Sverrisdóttir**  
Sléttuvegi 9, áður Hátúni 10, Reykjavík,

*Ástkær dóttir okkar, systir og mágkona,*

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 16. júní. Jarðarförin fer fram föstudaginn 26. júní kl. 13.00 frá Grensáskirkju. Þökkum starfsfólki Hjartadeildar 14G fyrir frábæra umönnun.

**Sverrir Halldórsson**  
**Hrafnhildur Sverrisdóttir**  
**Guðrún G. Sverrisdóttir**  
og frændsystkini.

**Steinninn Ingvarsdóttir**  
**Magnús Hafsteinsson**  
**Chris Frankish**

# Þjóðtrú og gamlar sagnir

Hin árlega Jónsmessunætur-ganga um Elliðaárdalinn verður farinn frá Árbæjarsafni klukkan 22.30, en Árbæjarsafnið og Minjasafn Orkuveitunnar standa fyrir henni.



JÓNSMESSUNÆTURGANGA Farið verður af stað frá Árbæjarsafni. Leiðin liggur svo í gegnum Elliðaárdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gengið verður frá Árbæjarsafni um Reiðskaröið og komið við í garðinum hjá Jóni Sveinbjörnssyni, en Jón hefur staðið myndarlega að skógrækt í garðinum, sem einstaklega gaman er að skoða. Þá verður komið við í gömlu rafstöðinni og haldið sem leið liggur í Hólmann.

Leiðsögumenn eru einnig fræðingarnir Guðbrandur Benediktsson og Stefán Pálsson. Í göngunni verður

fjallað um borgarþróun og nútímavæðingu en einnig rætt um gamlar sagnir og þjóðtrú. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



Frændi minn,  
**Guðmundur Ágúst Sveinsson**  
Laugarbraut 25, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 20. júní kl. 14. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd annarra vandamanna,  
Kristjana Ragnarsdóttir.



Eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,  
**Jóhann Þorsteinsson**  
frá Miðsitju, Ferjuvaði 9, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Félag nýrnasjúkra.

Sólveig Stefánsdóttir Alma María Jóhannsdóttir Berglind Jóhannsdóttir Freyja Jóhannsdóttir Margrét Jóhannsdóttir Gunnhildur Jóhannsdóttir Stefán Sturla Sigurjónsson Sigurfinnur Sigurjónsson Kristján Sigurjónsson barnabörn og barnabarnabörn.

Eiríkur Jónsson Jóhannes Ævar Hilmarsson Oddur Sævar Andersson Þórhallur Ottesen Stefán Ingvar Stefánsson Petra Högnas Elsa Björk Pétursdóttir Lena Lindegarth



Elskuleg systir okkar og mágkona,  
**Þuríður Guðmundsdóttir**  
Úthlíð 7,

verður jarðsöngin frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 25. júní kl. 13.

Halldóra Guðmundsdóttir Vernharður Guðmundsson Kristófer Guðmundsson Lydia Thejll Hlíf Traustadóttir



Látin er móðir mín,  
**Sigríður Pálsdóttir**  
frá Hvammi, Holtum.

Jarðarför fer fram frá Marteinstungukirkju föstudaginn 26. júní kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

Sigurbjörg Elimarsdóttir.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Rósa Halldórsdóttir**  
Krosshömrum 11a, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 21. júní. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 1. júlí kl. 13.00.

Sæmundur H. Sæmundsson  
Halldór Már Sæmundsson Elmar Sæmundsson Telma Sæmundsdóttir Áróra Ósk Halldórsdóttir Rósa Halldórsdóttir Vaka Halldórsdóttir Nökkvi Dagur Elmarsson  
Hrund Pálmadóttir Edda Johnsen



Við þökkum samúð vegna andláts og útfarar  
**Eiríks Björgvinssonar**  
múrara.

Fjölmörgum vinum hans þökkum við órofa áratuga vináttu og tryggð við hann.

Frændfólkið.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Halldór Kristinn Vilhelmsson**  
söngvari og trésmiður, Furulundi 10 Garðabæ,

lést aðfaranótt 17. júní. Útför hans verður frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 25. júní kl. 13.00.

Áslaug Björg Ólafsdóttir Sigurður Halldórsson Hildigunnur Halldórsdóttir Marta Guðrún Halldórsdóttir og barnabörn.  
Stefanía Adolfsdóttir Örn Magnússon



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,  
**Guðný Kristín Árnadóttir**  
Funalind 1, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 25. júní kl. 13.00.

Einar Markússon  
Markús Einarsson Ární Dan Einarsson Kristín Einarssdóttir Hólmfríður Pálsdóttir Sigrún Dan Róbertsdóttir Jón Karlsson og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,  
**Guðmundur J. Þorsteinsson**  
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 21. júní.

Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 26. júní og hefst athöfnin kl. 13.00.

Kristjana Sigríður Pálsdóttir  
Kristján V. Guðmundsson Pórey Guðmundsdóttir Rúnar Jóhann Guðmundsson Sævar Þór Guðmundsson og barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.  
Ragnheiður Vígundsdóttir Jón Erlingsson Helga Stella Sigurbjörnsdóttir Þóra Gréta Grétarsdóttir



Okkar ástkæri  
**Svanur Þór Vilhjálmsson**  
lögmaður, Dyngjuvegi 3, Reykjavík,

lést í Portúgal að morgni laugardagsins 20. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Rósína Vilhjálmisdóttir börn, tengdabörn, barnabörn og systkini.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Guðbrandur Þorsteinsson**  
Vatnsholti 12, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 19. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 25. júní kl. 11.00.

Steinunn Guðbrandsdóttir Kristín Guðbrandsdóttir Óskar Færseth Ásdís Guðbrandsdóttir Erlendur Þorsteinn Guðbrandsson Rósa Á. Bragadóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, sonar, bróður og frænda,  
**Þórðar Viðars Viðarssonar**  
Breiðvangi 57, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 13G og gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut. Einnig þökkum við starfsfólki Hafrannsóknastofnunarinnar og okkar yndislegu nánustu fjölskyldu og vinum.

Sigurldína Ellertdóttir Viðar Þórðarson Elísa Hildur Þórðardóttir Arnar Þórðarson Erla Gestsdóttir Birgir Viðarsson og fjölskylda Guðrún Ruth Viðarsdóttir og fjölskylda.  
Viðar Þórðarson



**Jóhannes Arason**  
sem andaðist á Víflsstöðum þriðjudaginn 16. júní

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. júní kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Ari Óskar Jóhannesson Elías Í. Jóhannesson



Okkar innilegustu þakkir til allra er auðsýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Súsönnu Kristínar Stefánsdóttur**  
Lækjasmára 6, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Roðsala og Þinghóls í Sunnuhlíð Kópavogi fyrir frábæra umönnun, hlýhug og virðingu. Megi guð blessa ykkur öll.

Páll Ólason  
Puríður Pálsdóttir Súsanna Kristín Knútsdóttir Hólmfríður Knútsdóttir Páll Óli Knútsson Knútur Kristinsson Auðunn Jónsson Ingólfur Finnbogason  
Knútur Þór og Agnes Lind Auðunsbörn



## Bragðgóðir...

... með kexinu

... á pítsuna

... í salatíð

... í sósuna

... í sípuna

... í ostapinnana


... í köldu sósuna

... í pastaréttina

... í sælkeraréttina



ostur.is



**NOKKUR ORÐ**  
Sara  
McMahon

## Fæ mér einn, kem eftir tvær

Við mannfólkið erum eins ólík og við verum mörg. Oftast er þessi munur eitthvað sem glæðir lífið lit og gerir það skemmtilegra. Stundum er þetta eitthvað sem fær mann til að velta vöngum. Fyrir nokkru átti ég skemmtilegt samtalið við kunningja minn um frasann „að skreppa út í einn“, sem margir karlmenn eru gjarnir á að nota. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þessi frasi er einmitt bara það; frasi sem ekki ber að taka af mikið mark á. En ég fell oftast í þá gryfju að taka blessaðan frasann of bókstaflega. Ég spurði kunningja minn af hverju hann og aðrir noti þá ekki heldur frasa á borð við: „ég er farinn út“ því þá mundi sá sem heima situr ekki búast við honum heim á næstunni. Svárið kom um hæl; vegna þess

að hann ætlaði sér aldrei meira en einn í upphafi.

Vinkona mín kvartaði eitt sinn undan vini sínum sem notaði í gríð og erg frasann „að vera kominn eftir tvær“. Það kom oft fyrir að vinkona mín sat heilu kvöldin og beið eftir vini sínum sem kom sjaldnast eftir „tvær“ heldur liðu oft nokkrar klukkustundir þar til hann renndi í hlaðið.

Ég sjálf er svo dæmi um enn eina týpuna því ég vil að sjálfsögðu hafa vaðið fyrir neðan mig og ekki gefa loford sem ég get síðan ekki staðið við. Þess vegna gef ég viðmælanda mínum ávallt mjög loðin svör, „Ég veit ekki hvenær þú gætir átt von á mér. Ég gæti verið mjög seint á ferð, en svo gæti líka verið að ég komi bara nokkuð smemma“. Í rauninni eru þessir hlutir ósköp smávægilegir og jafnvel hlægilegir svona eftir á og algjör óþarfi að pirra sig yfir þeim. Svona erum við mannfólkið bara.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**LEIKLIST** Helen Mirren í hlutverki Fedru í samnefndu verki sem frumsýnt var fyrir fáum dögum í London og verður sýnt í Kringlubíói í beinni á morgun.

## Mirren í Fedru

Á morgun kl. 18 hefst fyrsta beina útsendingin frá breska Þjóðleikhúsinu í Kringlubíói og yfir tvö hundruð öðrum kvikmyndahúsum víða um heim. Verkið sem áhorfendur njóta í beinni útsendingu er Fedra eftir Racine hinn franska í þýðingu Ted Hughes. Leikstjórinn er leikhússtjórinn á National, Nicholas Hytner, en með hlutverk drottningarinnar Fedru fer Helen Mirren.

Með flutningnum hefjast beinar útsendingar frá sviðsviðburðum í háskerpu og 5.1 hljómi á nýtt stig en hér á landi hefur Samfélagið verið í fararbroddi beinna útsendinga frá Metropolitan-óperunni í New York á liðnum vetri. Fleiri óperuhús hafa lagt í það fjárfreka fyrirtæki að reyna beinar útsendingar en kostnaður við að koma beim í kring er mikill.

Hytner hefur á starfsárum sínum hjá National gert mikið til að auka aðgengi almennings að leiksýningum, bæði með verðstýringu og lágu miðaverði, vali á verkefnum og smíði nýrra verka. Hann hefur haldið áfram sýningarhaldi Þjóðleikhússins um Bretland og víðar

um lönd og þannig tryggt virðingastöðu breskra leikhefða í vestrænu samfélagi. Hann á að baki fjölbreyttan feril sem leikstjóri á söngleikjum (Miss Saigon og Carousel), óperum í fjölda virtra óperuhúsa, kvikmyndum (The Madness of King George, The Crucible og fleiri) og á leikritum af ýmsu tagi. Sviðsetning hans á Fedru var frumsýnd á Suðurbakkanum fyrir fáum dögum og þá sneri Helen Mirren aftur á National, þar sem hún var alin upp sem leikkona, eftir nær tveggja áratuga fjarveru. Mirren er löngu kunn sem einstaklega kraftmikil og flink leikkona, bæði á sviði, á stóru tjaldi og smáum skjá sjónvarpsefnis. Hytner leggur ríka á herslu á sterk átök í sviðsetningu sinni og verður gaman að sjá Mirren í hlutverki drottningarinnar sem telur mann sinn látinn og fellur fyrir syni hans.

Í smáu hlutverki í verkinu er Margaret Tysack, einn af jöfrum breskra leikkvænna sem fáir hafa síðan séð hér á landi síðan hún lék í hinni rómuðu sviðsetningu Peter Hall á Rósastríðunum sem RÚV sýndi hér 1967. Leikmyndin er eftir Bob Crowley, sem á að baki tugi minnisstæðra leikmynda.

Ætlunin er að halda áfram beinum útsendingum í háskerpu frá National næsta haust og vetur. Miðasala á viðburðinn á morgun er á [midi.is](http://midi.is).

pbb@frettabladid.is



**Miele**

[www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

## Eirvík er 15 ára

Í tilefni af afmælinu höfum við endurnýjað sýningarsal okkar og bjóðum fjölda góðra afmælistilboða

**Allt frá smátækjum til stórra heimilistækja á frábærum tilboðsverðum**

magimix

CRISTEL

elica  
COLLECTION



General Electric

LIEBHERR

smeg  
hómun og gæði

Miele

Verið velkomin í glæsilega verslun Eirvíkur og kynnið ykkur tilboðin hjá sölumönnum okkar.

Eirvík hefur opnað nýja vefverslun á [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



**Uppáhalds morgunkornið mitt!**

**Hollustan fylgir þér allan daginn!**

Jóhanna Guðrún





# „EF VIÐ BÚUM Í SAMFÉLAGI ÞAR SEM EKKI MÁ SEGJA SATT, HVORT ER ÞÁ EITTHVAÐ AÐ SANNLEIKANUM EÐA SAMFÉLAGINU?“

- I Herhvöt úr norðri
- II Má ekki bjóða yður þjóðskrána?
- III Ótti og eynd frjálshyggjunnar
- IV Land norðurljósanna
- V Kapítalismi undir jökli
- VI Alþjóðlega gjaldeyrisfullveldið
- VII Heimspeki lyginnar
- VIII Þess vegna mótmælum við öll!
- IX Andlit spillingarinnar
- X Kryddlegin Baugshjörtu  
og / eða Barónar allra landa!
- XI Kjölfestubandalagið
- XII Landráð af gáleysi



## EINAR MÁR GUÐMUNDSSON

HVETUR ÞJÓÐINA TIL BETRI VERKA Í EINSTÖKU RITI.  
**HVÍTA BÓKIN** ER MISKUNNARLAUS, FJÖRUG  
OG FYNDIN KRUFNING Á ÍSLENSKU SAMFÉLAGI  
FRÁ EINUM VIRTASTA RITHÖFUNDI OKKAR.

EINAR MÁR LES ÚR BÓKINI Í ÚTGÁFUHÓFI  
Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR, LAUGAVEGI 18,  
KL. 17:00 Í DAG. ALLIR VELKOMNIR.



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Hugsaðu  
um heilsuna!



**20%**  
**afsláttur**  
af ÖLLUM  
vítamínum  
og fæðu-  
bótarefnum



**OPIÐ**

ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

Gildir til 28. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.30

Monarch Cove

Monarch Cove eru rómantískir og spennandi dramapættir sem fjalla um konu sem snýr aftur til heimabæjar síns, Monarch Cove, eftir að hafa afplánað sex ára fangelsisdóm fyrir að hafa myrt föður sinn. Hún hefur ætíð haldið fram sakleysi sínu en það reynist henni erfitt að sannfæra vini sína og gamla nágranna um að hún sé ekki kaldrifjaður morðingi heldur hafi verið ranglega sakfelld og að sökinni hafi jafnvel verið komið á hana.



VIÐ MÆLUM MED

Ljóta Betty Sjónvarpið kl. 20.10



Ljóta Betty (Ugly Betty) er bandarísk gamanþáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem heitir Betty og hefur alltaf langað að vinna við blaðaútgáfu.

Það virðist ekki vera neitt pláss fyrir þybbið og ófritt fólk í þeim bransa en Betty fékk þó vinnu sem aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York. Henni hefur gengið bærilega hingað til en nú er bara að sjá hvernig henni reiðir af næstu mánuðina. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun sem besta gamansyrpan og Ameríca Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunvaktin heldur áfram
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.11 Morgunstud með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Trío
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Söngvamáll
- 15.03 Útvarpsátt: Sumar í Sóltúni
- 15.25 Með flugu í höfðinu
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.15 Auglýsingar
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Fólk og fræði
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsgagan: Sólon Islandus
- 22.45 Kvöldtónar
- 23.10 Listin breytir heiminum, listin viðheldur óbreyttu ástandi
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.45 Hollyoaks (217:260)
- 17.15 Hollyoaks (218:260)
- 17.40 X-Files (17:24)
- 18.25 Seinfeld (3:24)
- 18.45 Hollyoaks (217:260)
- 19.15 Hollyoaks (218:260)

19.40 Seinfeld (3:24) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlilegum samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

20.15 Grey's Anatomy (18:24) Meredith og Derek komast að því að erfitt er að viðhalda hinu fullkomna sambandi. Líf læknanna ungu tekur stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 Aliens in America (3:18) Raja, ungur skiptinemi frá Pakistan, býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin og sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.

22.05 Bones (16:26) Brennan og Booth vinna vel saman í starfinu en spennan milli þeirra hefur magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin er sú hvort þau verði nokkum tímann þar.

22.50 Little Britain (1:6)

23.20 Gavin and Stacey (6:6)

23.50 Sjáðu

00.20 X-Files (17:24)

01.05 Grey's Anatomy (18:24)

01.50 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

- 10.50 The Inspector Lynley Mysteries 11.35 The Black Adder 12.10 The Weakest Link 12.55 EastEnders 13.25 My Hero 13.55 My Hero 14.25 The Black Adder 15.00 The Inspector Lynley Mysteries 15.50 The Inspector Lynley Mysteries 16.40 EastEnders 17.10 The Weakest Link 17.55 My Hero 18.25 The Black Adder 19.00 Extras 19.30 The Catherine Tate Show 20.00 Dalziel and Pascoe 20.50 My Hero 21.20 The Black Adder 21.55 The Inspector Lynley Mysteries 22.45 The Inspector Lynley Mysteries 23.35 Extras

DR 1

- 10.00 DR Update 10.10 Luksuscruise í havkajak 10.35 Aftenshowet med Vejret 11.00 Mig og min alder 11.30 Ønskehaven 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Chapper & Pharfar 14.15 S, P eller K 14.30 Ninja Turtles. Tidsrejse! 14.50 Jungletrommer 15.00 Brødrene Løvehjerte 15.30 Til dans, til vands og i luften 15.50 Sallies historier 16.00 Dig og mig 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Havn er det værd? 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Diagnose søges 19.00 TV Avisen 19.25 Perle 19.50 SportNyt 20.00 Fodbold 21.40 Seinfeld 22.05 OBS 22.10 Onsdags Lotto

NK1

- 11.30 Camilla Plum í hagen 12.00 Wimbledon direkte 15.50 Oddasat 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Olivia 16.10 Didrik og Dorte 16.20 Postmann Pat - Spesialpakkeservice 16.36 Mamma Mirabelle viser dyregæter 16.40 Distriktsnýheter 17.00 Dagsrevyn 17.30 Millionær í forkledning 18.20 Hége & Holmen 18.45 Vikinglotti 18.55 Distriktsnýheter 19.00 Dagsrevyn 21 19.30 Sommerápent 20.20 Sporlöst forsvunnet 21.00 Kveldsnytt 21.20 Ekstremsportveko 21.40 Lov og orden. New York 22.25 Genljakning på nettet 23.20 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Guld och gröna skogar 10.35 Grodyngel, dykare och andra småkryp 11.40 Juanes. en musikalisk resa 12.35 Semestersabotören 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Blomsterspråk 15.00 Hedebyborna 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Namnam med Noman 16.45 100 procent bonde 17.15 Jan och djuret från urtiden 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.50 Regionala nyheter 18.00 Uppdrag granskning - sommarspecial 19.00 Confederations Cup 20.30 Entourage 21.00 Simma lugnt, Larry! 21.30 Draknästet



# Takk fyrir frábærar viðtökur!

Allir miðar sem  
keyptir eru í dag  
á aðeins 2900kr  
í síma 527-1000  
og á [midi.is](http://midi.is)



“...Besta sviðsetning Grease til þessa..”

PBB/Fréttabl.



PBB/Fréttabl.

“Grease er í einu orði sagt **DÚNDUR SHOW** sem hrífur áhorfendur frá fyrstu stundu með leikgleði og æskupokka”

JVJ/DV

“Kraftmikil og fjörug sýning”

L.P/Mbl.



JVJ/DV



## Sýningar í júní og júlí:

9. júní kl. 20.00	UPPSELT	14. júní kl. 16.00	UPPSELT	28. júní kl. 16.00	Örfá sæti laus
10. júní kl. 20.00	UPPSELT	20. júní kl. 16.00	UPPSELT	1. júlí kl. 20.00	LAUS SÆTI
11. júní kl. 20.00	UPPSELT	21. júní kl. 16.00	UPPSELT	2. júlí kl. 20.00	LAUS SÆTI
12. júní kl. 20.00	UPPSELT	26. júní kl. 20.00	Örfá sæti laus	10. júlí kl. 20.00	LAUS SÆTI
13. júní kl. 20.00	UPPSELT	27. júní kl. 20.00	LAUS SÆTI	19. júlí kl. 16.00	LAUS SÆTI



[www.loftkastalinn.is](http://www.loftkastalinn.is)

miðasala: 527-1000

 Loftkastalinn



**BAKPANKAR**  
Jóns Sigurðar  
Eyjólfssonar

## Heimspæki á laugar- dagskvöldi


Ætlarðu að drulla þér frá eða á ég að þurfa að ýta þér?“ spurði maður sem langaði að komast að barborðinu þar sem ég sat nokkra stund á laugardagsnótt. Ég leit á manninn og átti satt best að segja von á því að sjá ógæfulegan og sauðdrukkinn mann fyrir aftan mig en svo var ekki. Hann var samkvæmt mínum fordómum afar ólíklegur til að gera sig sekan um slíkan dónaskap.

**HEIMSPEKINGURINN** kemur upp í mér þegar ég er með bjór í hendi og verð vitni að svona vitlessu. Ég get nefnilega skilið það að fólk reiðist, að það móðgisti og sýni af sér breyskleika í öllum regnbogans litum, en framkoma sem eingöngu er til þess fallin að afhjúpa innri óreiðu er flóknari en svo að ég fái úr ráðið.

**EFTIR** miklar þælingar komst ég að þeirri niðurstöðu að almennt væri fólk ekki sérlega illt en sumt nokkuð ístöðulaust og léti sig því gossa með straumnum sem aðstæður byðu upp á hverju sinni. Til dæmis var þessi framkoma ekki svo galin miðað við þessar aðstæður en hann fengi eflaust ófáar ákúror fyrir hana úti í bakaríi, á skrifstofunni eða heima hjá sér. Þetta ruglar fólk í ríminu, hugsaði ég með mér, og það gleymir því að það er sama fúlmenið þótt það sýni af sér ólíðandi hegðun við aðstæður þar sem slíkt er látið líðast.

**ÉG FÉKK** mér annan bjór enda var ég búinn, að mér fannst, að finna skýringuna á bankahruninu. Menn hegðuðu sér með ólíðandi hætti en góðærið var hins vegar eins og (ó)menningin á barnum atarna á laugardagskvöldi; allt var látið líðast. Agamemnon brenndi sig líka á þessu en í Trójustríðinu gerði hann varla annað en að eiga við konur sem Akkilles hafði hneppt í kvennafangelsi fyrir hann. Hann sá ekkert að þessu enda var þetta látið líðast á stríðstímum í þá daga. Akkilles var líka alltaf að hæla honum fyrir þetta en það fór síðan svo að eiginkonan drap stríðs-hrjáðan Agamemnon þegar hann fór heim í það að stríði loknu.

**ÞAÐ VAR** þarna sem ég fór að sjá mömmu fyrir mér, sem er undarlegt því það gerist venjulega ekki fyrr en á þriðja bjór. Hún benti á bringuna á mér svo ég hneppti upp um tvö göt en þá sagði hún: „Hvort sem þú ert í stríði, góðæri eða úti á laugardagsnótt er dómari ávallt hinn sami.“



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 23. júní,  
175. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	2.56	13.30	0.03
Akureyri	1.33	13.15	0.54

Heimild: Almanak Háskólans

**BOSS**  
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

**HUGO**  
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI  
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI  
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 18  
LAUGARDAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 17  
SUNNUDAGA  
FRÁ KL. 13 TIL 17



**Herra**  
*Lagerinn*  
outlet

*líka fyrir konur*

# Rýmning!

# 70- 80%

# afsláttur

# af öllum

# vörum

á meðan birgðir  
endast!

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)